

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.
121. löggjafarþing. – 530. mál.

1331. Nefndarálit

um frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím Ara Arason, Áslaugu Guðjónsdóttur og Margréti Gunnlaugsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Grétar Þorsteinsson, Ara Skúlason, Gylfa Arnbjörnsson og Benedikt Davíðsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarín V. Þórarínsson, Þórð Magnússon og Víglund Þorsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson frá Vinumálasambandinu, Hrafn Magnússon og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Birgi Björn Sigurjónsson og Mörthu Á. Hjálmarsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ólaf Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Mía Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Jónas Fr. Jónsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Rúnar Guðmundsson, Helga Þórsson og Jóhönnu Gústafsdóttur frá Vátryggingaæftirlitinu og Baldur Guðlaugsson, Sigurð R. Helgason, Guðmund Snorrason, Aslaugu Magnúsdóttur, Vigdís Haukdóttur og Bolla Magnússon frá Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Árna Reynissyni, löggiltum vátryggingamiðlara, Bandalagi háskólamanna, Félagi frjálslyndra hagfræðinema, Landssambandi lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaæftirlitinu, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Verslunarráði Íslands og Vinumálasambandinu og sameiginlegar umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands annars vegar og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands hins vegar.

Inngangur.

Lífeyriskerfi Íslendinga sem byggist á þremur stöðum um skyldutryggingu, sjóðssöfnun og samtryggingu hefur reynst vel. Samkvæmt Alþjóðabankanum hafa kerfi sem byggjast á þessum grundvallaratriðum reynst best af þeim lífeyrissjóðakerfum sem nú þekkjast.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið átti í fjárhagslegum vandræðum lengi framan af en hin síðari ár hafa lífeyrissjóðir bætt fjárhagslega stöðu sína verulega. Það er vegna þess að ávöxtun hefur verið góð undanfarin ár en einnig hafa sjóðir sameinast og þannig hafa orðið til sterkari einingar.

Það er dómur flestra, og kemur einnig fram í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar, að kerfi okkar hafi reynst mjög vel í alþjóðlegum samanburði og standi traustum fótum. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er einna sterkast kerfa í Evrópu til að takast á við skuldbindingar framtíðarinnar.

Hornsteinn lífeyrissjóðakerfisins hérlendis er að ríkt hefur samráð um meginþætti þess. Þannig hafa lífeyrissjóðirnir verið í sameiginlegri umsjón samtaka launþega og vinnuveitenda enda hafa þau gert þá kjarasamninga sem lífeyrissjóðirnir byggjast á.

Þegar sett er heildarlöggjöf um lífeyrissjóði er mikilvægt að líta til skuldbindinga ríkisvaldsins gagnvart ellilífeyrisþegum en auknar greiðslur í framtíðinni úr lífeyrissjóðakerfinu munu lækka greiðslur almannatrygginga af hálfu ríkisvaldsins. Þau útgjöld nema nú um fimmtungi ríkisútgjalda. Skattahagræði samtryggingarsjóðanna (frestun skattgreiðslu þar til útborgun lífeyris hefst) er rökstutt með því að ellilífeyristrygging til æviloka, sem samtryggingarsjóðirnir veita, spari ríkissjóði veruleg útgjöld og létti byrði skattgreiðenda í framtíðinni. Þannig er það hagsmunamál fyrir ríkið að vel sé staðið að endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu í ljósi samtengingar lífeyrissparnaðar og almannatrygginga. Samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga er reyndar mál sem full þörf er á að endurskoða í heild sinni. Bætur almannatrygginga, þar með talinn grunnlífeyrir, skerðist nú þegar við tiltekin tekjumörk. Þetta getur í sumum tilvikum valdið því að einstaklingur, sem hefur samvisskusamlega greitt umsaminn hlut launa sinna í lífeyrissjóð alla sína starfsævi, er að lokum litlu eða engu betur settur en sá sem hefur vanrækt lífeyrisgreiðslur. Þetta fær ekki staðist. Vegna þessa og annarra vandamála sem stafa af tekjutengingu bóta almannatrygginga ber að huga vandlega að samspili almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum í framtíðinni.

Rétt er að hafa í huga að lífeyrissparnaður hefur verið helsta uppspretta sparnaðar hérlendis. Það hefur ekki tekist vel til hjá okkur að auka sparnað, hvað þá frjálsan sparnað, en stærsti hluti sparnaðar hérlendis er í lífeyrissjóðum. Sparnaður hérlendis hefur verið mun minni en æskilegt hefði verið. Því er mjög mikilvægt að ekki sé hróflað við meginþáttum þessa kerfis. Sparnaður sérhvers þjóðfélags stendur undir fjárfestingum sem móta lífskjör framtíðarinnar og Íslendingar hafa dregist aftur úr á því sviði.

Mikil umræða hefur verið um hvort ekki væri sanngjarnt að launþegar fengju að velja milli lífeyrissjóða. Þetta er gjarnan klætt í orð valfrelsis og aðlögunar að nútímanum. Þetta byggist á misskilningi. Ef einstaklingar geta valið milli lífeyrissjóða með skyldutryggingu þýðir það vitaskuld að lífeyrissjóðir geta valið sér sjóðfélaga. Það mun leiða til þess að þeir sem eru dýrari í tryggingu, t.d. sjómenn og aðrir sem vinna áhættusöm störf eða konur sem verða eldri en karlar, munu þurfa að greiða meira í ellilífeyris- og örorkutryggingar en aðrir, eða sætta sig ella við lakari réttindi en aðrir. Hugsanlegt er að mismunun af þessu tagi kalli að lokum á styrki eða niðurgreiðslur úr ríkissjóði, þ.e. auki byrðar skattgreiðenda.

Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið fjallar um heildarlöggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta er umfangsmikið frumvarp en undirbúningur að löggjöf um lífeyrismál hefur staðið í áratugi.

Meðal efnis frumvarpsins eru ákvæði um skyldutryggingu og viðbótarsparnað. Einnig er fjallað um réttindi í lífeyrissjóðum og almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar. Lágmarksskilyrði af hálfu ríkisins fyrir viðurkenningu á starfsemi lífeyrissjóða, sem og fyrir skattahagræði af ríkisins hálfu, hlýtur að vera að lífeyrissjóður veiti að lágmarki ellilífeyri til æviloka og örorkutryggingu, auk maka- og barnabóta eða ígildis þeirra. Kveðið er á um hvaða skilyrði verður að uppfylla fyrir starfsleyfi lífeyrissjóða og fjallað er um rekstur og innra eftirlit þeirra. Sérstakur kafli er um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og skilyrði

sem henni eru sett. Auk þess er fjallað um ársreikning og endurskoðun, eftirlit, slit og samruna lífeyrissjóða. Einnig eru sérstök ákvæði gagnvart þeim lífeyrissjóðum sem eru starfandi við gildistöku þessara laga.

Frumvarpið er 60 greinar og því fylgir ítarleg greinargerð. Það er skoðun minni hluta nefndarinnar að heildarlöggjöf um lífeyrissjóði sé löngu tímabær. Hins vegar hefur ríkisstjórnin valið þessu máli þann farveg við undirbúning að það hefur vakið tortryggni. Þannig var ekki haft samráð við aðstandendur lífeyrissjóðakerfisins við undirbúning þessa frumvarps nema að litlu leyti. Slík vinnubrögð eru ámælisverð og hafa dregið dilk á eftir sér.

Sameignar- og séreignarsjóðir.

Samábyrgð er grundvallaratriði í sameignarsjóðunum. Sjóðfélagar öðlast réttindi til ellilífeyris til æviloka og til örorku- og fjölskyldulífeyris. Í sameignarsjóðum er áhættunni dreift og samábyrgðin er grundvölluð á skylduáðildinni, þ.e. að allir taki þátt í henni. Allir, hvort sem eru ungir eða aldnir, karlar eða konur, giftir eða ógiftir, barnlausir eða barnafólk, öðlast samsvarandi réttindi fyrir sömu iðgjöld. Sameignarsjóðirnir ábyrgjast ellilífeyri óháð ævilengd til æviloka. Þeir ábyrgjast jafnframt örorkulífeyri og greiða makalífeyri og barnalífeyri.

Séreignarsjóðirnir byggjast á allt öðru fyrirkomulagi. Þar leggja einstaklingar fyrir lífeyrissparnað sem er á þeirra nafni og þegar þeir hafa náð tilteknum aldri mega þeir taka út inneign sína á ákveðnum árafjölda. Séreign sjóðfélaga getur gengið að erfðum til maka og afkomenda. Þetta form hentar mjög vel fyrir viðbótarsparnað enda hafa fjölmargir Íslendingar lagt viðbótarsparnað til elliáranna í séreignarsjóði. Brýnt er að hafa slíka möguleika eftir sem áður.

Samtryggingarkerfið byggist á því að allir séu þátttakendur í því að greiða tiltekinn hluta af launum sínum í kerfi sem veitir sambærilegan elli- og örorku-, barna- og makalífeyri. Síðan er einstaklingum vitaskuld heimilt að spara af launum sínum umfram þetta hlutfall. Minni hlutinn vill að einstaklingar eigi kost á því að spara í séreignarkerfi að því tilskildu að þeir hafi tekið þátt í samtryggingu eins og aðrir þegnar. Samtryggingarkerfið, sem reynst hefur vel hérlendis, byggist á þeirri einföldu staðreynd að annaðhvort eru allir með í því kerfi eða það er ekki hægt að starfrækja slíkt fyrirkomulag.

Það er algjörlega óviðunandi að heilsulitlir, konur og þeir sem sinna áhættusömum störfum þurfi að greiða meira til lífeyrissjóða fyrir sömu réttindi og aðrir.

Minni hlutinn vill að tryggð séu réttindi þeirra sem sparað hafa með reglubundnum hætti í séreignarsjóði. Fjölmargir einstaklingar hafa byggt upp lífeyrissparnað sinn með þeim hætti. Einstök verkalýðsfélög hafa kosið þetta form lífeyrissparnaðar og gert um það kjarasamninga. Það er ekki ætlun minni hlutans að skerða möguleika þessara aðila, en það var hins vegar gert í frumvarpi ríkisstjórnarinnar í upphaflegri mynd.

Hins vegar er eðlilegt að skapað sé svigrúm fyrir séreignarsjóði án þess að það komi niður á samtryggingarkerfinu. Þess vegna hefur verið rætt um að séreignarsjóðir fái tækifæri til að taka við sparnaði í samtryggingarformi af hálfu launþega, jafnframt því að vera með sparnað sem séreign. Sé þessi leið farin verður vitaskuld að heimila hefðbundnum lífeyrissjóðum innan samtryggingarkerfisins að byggja upp séreignardeildir, þ.e. að þeir mættu einnig taka við sparnaði launþega sem væri séreign þeirra. Hugmyndir í þessa átt voru ræddar ítarlega innan nefndarinnar.

Sjóðfélagar í sameignarsjóðunum eru um 132.000 talsins miðað við tölur frá árinu 1995 frá Seðlabanka Íslands. Til séreignarsjóða greiddu þá 2.900 manns. Þannig er augljóst að þeir sem greiða nú með reglubundnum hætti til séreignarsjóða eru ekki fleiri en 4.000 talsins á sama tíma og yfir 130.000 einstaklingar greiða með reglubundnum hætti í sameignarsjóði. Því er brýnt að ekki sé gengið svo á kerfi stærri hópsins að hætta stafi af.

Ásókn í ávöxtun lífeyrissparnaðar.

Eftir að frumvarp ríkisstjórnarinnar var lagt fram kom í ljós að fjölmargir stjórnarliðar vildu sem minnst við málið kannast og töldu að hér væri allt of skammt gengið í að efla séreignarsjóði innan lífeyriskerfisins.

Sú einkennilega staða kom upp í nefndinni að stjórnarandstæðingar vildu vinna í meginatriðum út frá stjórnarfrumvarpinu, þó þannig að vitaskuld yrði að breyta 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um greiðslufyrirkomulag í lífeyrissjóði, og tryggja yrði réttindi þeirra sem með reglubundnum hætti hafa greitt í séreignarsjóði. Þessi áhersluatriði minni hlutans fengu ekki hljómgrunn hjá meiri hlutanum sem hugðist knýja fram breytingar á stjórnarfrumvarpinu í þá átt að gefa fjármálafyrirtækjum rýmri rétt til að taka við lífeyrissparnaði.

Það kom í ljós í umræðum innan þings og utan að fjármálafyrirtæki nátengd Sjálfstæðisflokknum voru fyrst og fremst að hugsa um það hvernig þau gætu komist í hinar háu fjárhæðir sem eru bundnar í núverandi lífeyrissparnaði og eru væntanlegar á næstu áratugum. Sparnaður í lífeyrissjóðakerfinu nemur nú um 300 milljörðum kr. og er talinn aukast um 150 milljarða kr. á tiltölulega fáum árum. Iðgjöld lífeyrissjóðanna eru nú nálægt 20 milljörðum kr. árlega. Hér er um að ræða geysimikið fé sem fjáraflafyrirtæki tengd stjórnarflokkunum vilja ná tangarhaldi á.

Glögg kom fram í umræðum utan þings, einkum fyrir forgöngu Morgunblaðsins, að séreignarsjóðir og fjármálafyrirtæki sóttu mjög hart að frumvarpi ríkisstjórnarinnar undir kjörorðinu valfrelsi. Eins og áður hefur verið bent á byggist það á misskilningi vegna þess að velji einstaklingur milli sjóða munu sjóðir velja milli einstaklinga og slíkt mundi rústa samtryggingarkerfi okkar sem reynst hefur vel til greiðslu lífeyris og hefur tryggt jöfnun gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum.

Skipulag á vinnumarkaði.

Minni hlutinn lagði mjög mikla áherslu á að málið yrði unnið í sem nánustu samráði við aðila vinnumarkaðarins, einfaldlega vegna þess að lífeyrissjóðakerfið var sett á laggirnar í kjarasamningum og lífeyrissjóðir eru eign launþega í sameiginlegri vörslu og umsjón launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka. Það er það skipulag sem launþegar og vinnuveitendur hafa komið sér saman um.

Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að við setningu heildarlöggjafar um lífeyrissjóðsmál sé ekki blandað inn í það óskyldum hlutum eins og skipulagi og samningsformi á vinnumarkaði. Greinilegt var að ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar ætluðu að nota tækifærið við setningu heildarlöggjafar um lífeyrismál til að knýja fram breytingar á skipulagi vinnumarkaðarins þannig að einstaklingsbundnum ráðningarsamningum yrði gert hærra undir höfði en áður. Það þýðir að launþegar eru í reynd hvattir til að eiga ekki aðild að verkalýðsfélögum og jafnframt að fyrirtæki eru í reynd hvött til að eiga ekki aðild að vinnuveitendasamtökum.

Þessi afstaða ríkisstjórnarmeirihlutans endurspeglar þá stjórnmalastefnu, sem reynd hefur verið víða um heim, að brjóta niður skipulagt starf launþegahreyfingar. Stjórnarandstaðan leggst gegn slíkum hugmyndum, enda hefur hvergi sýnt sig að það hafi leitt til hagsbóta fyrir launþega eða þjóðfélagið í heild. Þvert á móti er sú stefna sem ríkisstjórnin er að reyna knýja fram á undanhaldi víða um heim og má þar minnst afhroðs breska íhaldsflokksins sem hafði þessa stefnu.

Umsagnir um frumvarpið.

Fjöl margar umsagnir bárust um frumvarpið og verður hér getið nokkurra þeirra. Þau tíðindi gerðust að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skiluðu sameiginlegri umsögn. Minni hlutinn þekkir ekki dæmi þess en það sýnir alvöru málsins hjá aðilum vinnumarkaðarins og samstöðu þeirra um að standa vörð um kerfi sem talið er eitt hið besta á Vesturlöndum.

Í umsögn Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins kemur fram að núverandi kerfi hafi reynst vel og mikilvægt sé að byggja á því. Einkum eru gerðar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins, um sjóðsaðild, og samtökin telja að orðalag frumvarpsins og breytingartillögur meiri hlutans gangi þvert á núverandi skipan þessara mála og lýsa sig algerlega andsnúin því. Þau hafa gert eftirfarandi tillögu að orðalagi á 2. mgr. greinarinnar:

„Tryggingarskyldu skal fullnægt með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps eins og nánar er kveðið á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða sérlægum. Um lífeyriskjör og aðild að lífeyrissjóði fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirra kjarasamninga sem starfsmaður starfar eftir. Taki kjarasamningar ekki til þess starfs sem launamaður gegnir fer um aðild eftir ráðningarsamningi eða ákvæðum 3. gr.“

Þetta orðalag er bein tilvísun í núgildandi lög um lífeyrissjóði þar sem kveðið er á um að iðgjald skuli greiða í lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Jafnframt er vísað í kjarasamning eða sérlæg. En þess má geta að opinberir starfsmenn greiða í lífeyrissjóð samkvæmt sérlægum. Að öðru leyti er það kjarasamningur sem kveður á um fyrirkomulag iðgjaldgreiðslna samkvæmt núverandi kerfi en í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er grafið undan því fyrirkomulagi.

Mikilvægt er í þessu sambandi að vekja athygli á því að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og í tillögum meiri hluta nefndarinnar er ráðningarsamningum gert sérstaklega hátt undir höfði. Þannig er gefið í skyn að þeir séu settir á stall með kjarasamningum og sérlægum. Að vísu er dregið úr þeim skilningi í greinargerð með frumvarpinu en ákvæði greinarinnar, eins og þau birtast í frumvarpinu og tillögum meiri hlutans, sýna glögg þá ætlun ríkisstjórnarinnar að auka vægi ráðningarsamninga varðandi sjóðsaðild.

Þessu mótmæla Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið. Þau vilja að ráðningarsamningar taki einungis til sjóðsaðildar ef kjarasamningar ná ekki til þess starfs sem launamaður gegnir. Vitaskuld er mjög mikilvægt í sambandi við lífeyrissjóðafrumvarpið að almennu skipulagi á vinnumarkaði sé ekki breytt. Það verður að gerast á öðrum vettvangi en í tengslum við löggjöf um lífeyrissjóði.

Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið benda á að finna verði leið fyrir þá sem um lengri tíma hafa greitt reglubundið í séreignarsjóði og stöðu þeirra verður að skoða sérstaklega. Er það álit samhljóða áliti minni hlutans. Jafnframt hvetja samtökin til þess að almennir lífeyrissjóðir fái möguleika á að taka við viðbótarsparnaði í formi séreigna. Í umsögn þeirra kemur einnig fram gagnrýni á að ekki hafi verið haft samráð við þau við undirbúning málsins og er sú framkoma fjármálaráðuneytis ámælisverð.

Í umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja er lagt til að þak sé sett á samtryggingu og hvatt til samkeppni á lífeyrismarkaði.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur ítrekar að gætt verði að stöðu lífeyrissjóða sem byggjast á samtryggingu án þess að iðgjöld þeirra séu skert. Jafnframt hvetja þau til þess að lífeyrissjóðir megi taka við viðbótariðgjöldum.

Vátryggingaeftirlitið bendir m.a. í umsögn sinni á ýmsar tæknilegar breytingar sem gera þarf á frumvarpinu til að það nái betur yfir verkefni lífeyrissjóðanna.

Landssamband lífeyrissjóða varar við því að grundvallarbreytingar séu gerðar „í fljót-færni vegna þröngra sérhagsmuna banka, verðbréfafyrirtækja og tryggingafélaga á ís-lenska lífeyrissjóðakerfinu í núverandi mynd“. Orðalagi frumvarpsins og breytingartil-lagna við 2. gr. er mótmælt. Sömuleiðis er óskað eftir því að lífeyrissjóðirnir fái mögu-leika á að taka við viðbótarlífeyrissparnaði.

Verslunarráð Íslands telur að frumvarpið samrýmist ekki meginmarkmiðum fjármála-ráðherra um aukið valfrelsi í lífeyrissparnaði, að samkeppni sé innleidd milli lífeyrissjóða og að bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóða sé tryggð. Það er skoðun Verslunarráðsins að skylduaðild að tilteknum sjóðum brjóti í bága við mannréttindasátt-mála Evrópu og að ákvæði stjórnarskrárinnar séu hugsanlega brotin með frumvarpinu.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Ís-lands vara við orðalagi 2. gr. frumvarpsins og vilja jafnframt að orðalag 5. gr. sé skýrara en það ákvæði snýr m.a. að opinberum starfsmönnum.

Í umsögn Árna Reynissonar, löggilts vátryggingamiðlara, er þeirri skoðun lýst að skylduaðild að lífeyrissjóðum sé skattlagning á þá sem fara eigin leiðir í sparnaði.

Samband almennra lífeyrissjóða gagnrýnir harðlega samráðsleysi við samningu frum-varpsins og telur að núverandi lífeyrissjóðakerfi hafi reynst framúrskarandi vel. Þeir taka að öðru leyti undir sjónarmið sem koma fram í umsögn Alþýðusambandsins og Vinnu-veitendasambandsins.

Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands bendir á sérstöðu þess sjóðs en hann hefur byggt upp sparnað í séreignarsjóði og kynnir í umsögn sinni hugmyndir um Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga þar sem kostir séreignar- og samtryggingarsjóða eru samein-aðir. Þeir telja mikilvægt að sjóðfélagar hafi áfram frelsi til að byggja upp lífeyrissparnað í séreignarsjóði.

Seðlabanki Íslands tekur ekki í umsögn sinni „afstöðu til mismunandi útfærslna á fyr-irkomulagi lífeyrismála en leggur áherslu á hve mikilvægt öflugt lífeyriskerfi byggt á sjóðsöfnun og skylduaðild að kerfinu er fyrir þjóðhagslegan sparnað og eflingu fjár-magnsmarkaða“.

Félag frjálslyndra hagfræðinema mótmælir frumvarpi ríkisstjórnarinnar og telur að það dragi úr samkeppni milli lífeyrissjóða og skapi óstöðugleika og óvissu á fjármagnsmark-aði.

Samband íslenskra tryggingafélaga bendir m.a. í umsögn sinni á að eðlilegt væri að Vátryggingaeftirlitið hefði eftirlit með lífeyrissjóðum frekar en bankaeftirlitið. Jafnframt bendir sambandið á ýmis atriði sem marka sérstöðu tryggingafélaga á þessum markaði.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Í vinnu efnahags- og viðskiptanefndar kom fljótlega fram að meiri hlutinn eða hluti hans vildi setja þak á lífeyrisgreiðslur í samtryggingu þannig að þeir sem betur væru launaðir þyrftu einungis að greiða hluta af tekjum sínum í samtryggingarkerfið. Þessum hugmyndum höfðu fulltrúar launþega áður hafnað algerlega.

Í starfi nefndarinnar lagði formaður efnahags- og viðskiptanefndar síðan fram breytingartillögur sem hann kallaði tillögur til sátta. Það var langt í frá að þær tillögur væru á nokkurn hátt til sátta, enda var þeim hafnað af stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins.

Þessar tillögur voru greinilega unnar í samráði við fjármálaráðuneytið og nutu stuðnings fjáraflamannanna í baklandi Sjálfstæðisflokksins. Hinn stjórnarflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, hafði lítil afskipti af vinnu þessa máls.

Mikill ágreiningur ríkti um þessar tillögur og snerist hann einkum um tvær greinar frumvarpsins. Annars vegar um 2. gr. sem var gagnrýnd harðlega bæði af stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins. Breytingartillaga meiri hlutans lagfærði greinina ekki að neinu marki.

Hins vegar var ágreiningur um ákvæði 8. gr. frumvarpsins, þ.e. að sett skyldi lágmark tryggingaverndar þannig að lífeyrissjóðir geti boðið upp á samninga um viðbótarsparnað, enda fullnægi þeir tilteknum lágmarkskröfum. Þetta tryggingarákvæði er ekki útfært í breytingartillögum meiri hlutans og er eitt af þeim atriðum sem á að skoða betur í sumar.

Ljóst er að breytingartillögur meiri hlutans hleyptu málinu í mikið uppnám vegna þess að með þeim er gengið gegn núverandi skipulagi á vinnumarkaði og stefnt er í hættu því kerfi lífeyrissparnaðar sem reynst hefur vel.

Það er sérkennilegt að af þeim sex í meiri hluta nefndarinnar sem standa að meiri hlutaálitinu skrifa þrír undir með fyrirvara. Einn hyggst flytja sérstakar breytingartillögur við málið. Annar gagnrýnir 2. gr. frumvarpsins og sá þriðji er með almennan fyrirvara við málið. Á þessu sést best að það er ekki einungis fullkomin andstaða við breytingartillögur og afgreiðslu meiri hlutans af hálfu stjórnarandstöðu og aðila vinnumarkaðarins heldur einnig er mikill ágreiningur um málið innan stjórnarflokkanna.

Þegar málið stefndi í óefni og fjármálaráðuneytið knúði á um afgreiðslu þess á grundvelli breytingartillögu meiri hlutans rituðu Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, sameiginlegt bréf 9. maí sl. Þar komu fram „eindregin og sameiginleg tilmæli samtakanna að frumvarpið um starfsemi lífeyrissjóða verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi heldur verði það áfram unnið í samstarfi þingnefndar, ráðuneytis og hagsmunaaðila með það að markmiði að ná víðtækri sátt um afgreiðslu þess á haustþingi“.

Enn fremur ítreka samtökin nauðsynlega breytingu „á efni 2. gr. frumvarpsins sem kynnt hefur verið ráðherrum“. Þar er átt við orðalag sem fyrr er getið í sameiginlegri umsögn samtakanna. Á grundvelli þessa bréfs tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að fresta afgreiðslu málsins.

Afgreiðsla meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Svo gerðist það á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 12. maí sl. að formaður nefndarinnar lagði fram bréf frá fjármálaráðherra þar sem sagði m.a.: „Ríkisstjórnin telur eðlilegt að nefndin afgreiði málið þannig að tillögur liggja fyrir með formlegum hætti. Í framhaldi af því verði frumvarpinu breytt samkvæmt tillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og lagt fyrir starfshóp sem fjármálaráðherra mun skipa með þátttöku hagsmunaaðila. Hópurinn mun í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fjalla um málið í sumar og skila niðurstöðum sínum fyrir miðjan september. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram í þingbyrjun og afgreitt fyrir næstu áramót.“

Með þessu bréfi tók málið nýja stefnu. Talið hafði verið að afgreiðslu málsins yrði frestað og það yrði unnið í sumar á grundvelli allra tillagna sem borist höfðu um málið og lagt yrði fram frumvarp í haust. Minni hlutinn bauðst til þess að standa sameiginlega að álitum með meiri hlutanum þar sem fram kæmi það sjónarmið að vinna þyrfti úr öllum þeim tillögum sem fram hefðu komið, enda var það augljóst að ef t.d. ætti að setja í frumvarpið ákvæði um lágmarkstryggingavernd yrði að skilgreina þann þátt miklu betur, en tími hafði ekki unnist til þess. Jafnframt er ljóst að aldrei mun nást sátt um útfærslu meiri hlutans á 2. gr. frumvarpsins.

Ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar ákváðu hins vegar að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið og að þannig breytt færi frumvarpið til frekari úrvinnslu í samráðshópi. Augljóst er, og kom það glöggt fram í fjölmiðlaumræðu í kjölfar þessarar afgreiðslu meiri hlutans, að síðan er ætlunin að breyta frumvarpinu sáralítið.

Að mati minni hlutans er hér um að ræða mjög vonða og óskynsamlega aðferð sem getur valdið stríði á vinnumarkaði. Ríkisstjórnin ætlar sér ekki að hafa neitt alvörusamráð við hagsmunaaðila, fulltrúa launafólks og vinnuveitenda, aðra séreignarsjóði eða stjórnarandstöðu um þetta mál. Það er augljóst af málsmeðferðinni að knýja á fram vilja meiri hluta nefndarinnar eins og hann birtist í tillögum hans.

Tillögum meiri hlutans hafnað.

Andstaða minni hlutans við þessa málsmeðferð er studd af aðilum vinnumarkaðarins. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir 13. maí sl. í Morgunblaðinu í kjölfar þessara atburða: „Það er óneitanlega afskaplega sérkennilegt að þingnefndin skuli vera látin afgreiða málið formlega áður en til þessa samstarfs kemur.“ Síðar segir í viðtalinu: „Við ætlum ekki að fara í viðræður um þetta mál á forsendum meiri hluta þingnefndar. Svona vinnubrögð auka ekki með okkur bjartsýni um að það verði hægt að ná sátt í málum.“ Einnig segir Grétar: „Við höfnum tillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.“

Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri VSÍ, tekur, samkvæmt Morgunblaðinu sama dag, undir sjónarmið Grétars og telur ummæli Vilhjálms Egilssonar „um að til greina kæmi að gera smávægilegar breytingar á frumvarpinu“ sérkennileg. Þórarinn sagði þessi ummæli í ósamræmi við yfirlýsingar forustumanna ríkisstjórnarinnar. Þórarinn sagði enn fremur: „Ummæli Vilhjálms eru fullkomlega óskiljanleg og geta ekki verið til leiðbeiningar í einu eða neinu ef það fylgir því alvara að leita eftir sáttum um málið. Nefndin sem skipuð verður á næstu dögum hlýtur að koma óbundin að þessu starfi. Ef svo væri ekki væri ástæðulaust að skipa hana því þá væri það merki um að ríkisstjórnin vildi ekki neitt samstarf um málið og ég hef ekki skilið ummæli forsætisráðherra á þann veg. Hann lagði þvert á móti áherslu á að það næðist samstaða um málið.“

Af þessu er ljóst að ríkisstjórnin hefur stefnt málinu í mikla hættu með þessari ákvörðun sinni því eins og kom fram í bréfi fjármálaráðherra, sem fyrr var vitnað til, stendur ríkisstjórnin öll að tillögu um þessa málsmeðferð sem er gagnrýnd harðlega af stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin ætlar að efna til stríðs við aðila vinnumarkaðarins um lífeyrissjóðamálið og reyna að knýja fram breytingar á skipulagi vinnumarkaðarins í tengslum við endurskipulagningu lífeyrismála. Það er hættuleg stefna og minni hlutinn mun berjast gegn þessu ætlunarverki ríkisstjórnarflokkanna.

Lokaorð.

Þar sem málið verður ekki tekið til frekari afgreiðslu á þessu þingi heldur gert ráð fyrir að frumvarpið með breytingartillögum meiri hlutans verði lagt til grundvallar í starfshópi í sumar í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd ætlast minni hlutinn til þess að nefndarálit hans verði einnig lagt til grundvallar í vinnu starfshópsins. Þess vegna fylgja þessu nefndaráliti allar umsagnirnar sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarpið. Með þeirri afgreiðslu telur minni hlutinn að málið sé afgreitt á skynsamlegan hátt til frekari úrvinnslu á sumri komanda. Það hefði verið mun skynsamlegri leið að sameinast um slíka aðferð en að fara í þann stríðsleik sem meiri hluti nefndarinnar og ríkisstjórnin stefna í.

Minni hlutinn er reiðubúinn að vinna að þessu máli með hagsmunaaðilum og meiri hlutanum en telur þá að við slíka vinnu verði menn að vera óbundnir af tillögugerð, hvort sem er af hálfu meiri eða minni hluta nefndarinnar. Það er ekki hægt að ná árangri í þessu máli nema mætt sé til samráðs með opnum huga og skoðaðar allar tillögur sem fram hafa komið í málinu. Minni hlutinn telur mjög brýnt að sátt náist um heildarlöggjöf um lífeyrismál á Íslandi.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt þessu áliti.

Alþingi, 14. maí 1997.

Ágúst Einarsson,
frsm.

Steingrímur J. Sigfússon. Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. (29. apríl 1997.)

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands lýsa stuðningi við að sett verði heildstæð löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða en til þess hafa samtökin hvatt síðustu tvo áratugi. Þau lögðu raunar til meginhluta þess efnis sem notað var við samningu frumvarps sem legið hefur tilbúið til flutnings síðustu 10 ár. Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi byggir að sönnu í mörgum mikilvægum greinum á þeim tillögum og öðrum þeim endurbótum á lífeyrissjóðakerfinu, sem samtökin hafa beitt sér fyrir síðustu árin. Frávikin eru mörg og vandséðar ástæður fyrir þeim sumum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram mat höfunda frumvarpsins á stöðu lífeyriskerfisins og lýsa samtökin sig sammála því sem þar segir:

„Nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins árið 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyrstryggingarkerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum. Til að undirstrika þetta má geta þess að ýmsar þjóðir eru nú í óða önn að breyta lífeyriskerfum í hátt við það, sem Íslendingar búa við.“

Í ljósi þessa vara samtökin við því að grundvallarbreytingar verði gerðar á íslenska lífeyrissjóðakerfinu sem veikt gætu það. Þvert á móti er fullt tilefni til að styrkja viðleitni fólks til að tryggja sér aukin réttindi, m.a. með fjölbreyttari úrræðum í lífeyrismálum. Samtökin minna á að samkomulag um uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins er hluti af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði eins og fram kemur í síðustu endurskoðun á grundvallarsamkomulagi aðila um lífeyrismál frá 1995. Í inngangsorðum þess segir:

„Með almennum kjarasamningum þann 19. maí 1969 náðist samkomulag um skyldu launagreiðenda til að tryggja starfsmönnum lífeyrisrétt við starfslok vegna elli og örorku og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir nánari reglum, enda greiddu starfsmenn hluta kostnaðar með eigin framlagi. Í stað þess að einstakir launagreiðendur ábyrgdust réttindi og ávöxtuðu iðgjaldagreiðslur sjálfir í eigin rekstri líkt og gerist hjá ríki, sveitarfélögum og fjármálastofnunum varð um það samkomulag að stofna og starfrækja lífeyrissjóði á stéttarfélagsgrundvelli enda væru þeir betur til þess fallnir að tryggja lífeyrisréttindi af öryggi en einstök fyrirtæki eða lífeyrissjóðir þeirra. Samningsaðilar voru sammála um að iðgjöld yrðu ávöxtuð í söfnunarlífeyrissjóðum svo að þau fengju í fyllingu tímans staðið undir lífeyriskuldbindingum vegna félagsmanna.“

Til að tryggja öllum launamönnum lágmarksrétt var kveðið á um skylduáðild félagsmanna hlutaðeigandi verkalýðsfélaga að umræddum lífeyrissjóðum. Sama skyldi eiga við um lífeyrissjóði sem áður hafði verið komið á fót í tengslum við samninga einstakra verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Einstakir sjóðir skyldu veita öllum sjóðfélögum sama rétt fyrir sömu iðgjöld, án tillits til aldurs við iðgjaldgreiðslu, kynferðis eða starfs. Sjóðirnir skyldu starfa á félagslegum grunni samtryggingar og var ætlað að byggja á og treysta grundvallarforsendur almannatrygginga á Íslandi, en á því var mikil þörf. Samtök atvinnurekenda og launþega skuldbundu sig í sameiningu til gæslu og ábyrgðar á rekstri sjóðanna sem með kjarasamningi aðila fengu stöðu sjálfseignarstofnana á forræði þeirra.

Grundvallarsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins var í reynd veitt lagagildi með löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en það hefur jafnan verið framlengt við endurnýjun almennra kjarasamninga og skoðast hluti þeirra.“

Með hliðsjón af þeim staðreyndum að grundvallarreglur lífeyrissjóðanna eru hluti af kjarasamningum aðila hlýtur það að vekja undrun að stjórnvöld hafi nú lagt fram frumvarp um málefni sjóðanna án þess að það byggi á efnislegu samkomulagi eða þekkingu þeirra sem málið varðar mest. Er hér sýnilega fylgt öðru verklagi en gert var við endurskoðun á reglum um málefni lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna sem kynnt var sem kjarasamningsgildi og ekki á færi þings að breyta nema með samkomulagi við þá sem málið varðaði. Þessi munur á verklagi skýrir þann óróa sem frumvarpið veldur þar sem ekki hefur verið leitað þeirrar almennu sáttar um málið sem vert væri.

Samtökin telja skylt að benda á helstu ágalla á frumvarpinu eins og það nú liggur fyrir:

Um sjóðsaðild

Í lögum um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 er byggt á starfsgreinaskiptingu hinna almennu lífeyrissjóða. Þar er því við það miðað að menn tryggi sér lífeyrisréttindi með greiðslu iðgjalds til „lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps“. Í þessu efni hefur því jafnan verið á því byggt að kjarasamningar og starfssvið ákvarði aðild að einstökum sjóði. Þannig eru sjóðfélagar fyrir fram skilgreindur hópur í öllum meginatriðum. Þetta fyrirkomulag er forsenda þess að unnt er að láta sömu réttindi koma fyrir sama iðgjald án tillits til aldurs iðgjaldsgreiðanda, kynferðis, barnafjölda, hjúskaparstöðu, heilsufars eða félagslegrar stöðu en á þeirri forsendu byggja almennu lífeyrissjóðirnir. Þótt frjálst val um sjóðsaðild hafi einkar geðþekkt yfirbragð fylgdi því óhjákvæmilega fráhrarf frá þessum grunnforsendum í starfsemi sjóðanna.

Augljóst er að iðgjald ungs manns er langtum verðmætara en iðgjald þess sem kominn er yfir miðjan aldur. Þetta skýrist af mismunandi ávöxtunartíma iðgjaldsins. Greiði báðir til sama sjóðs alla sína tíð má þó einu gilda hvort réttindin myndist af meiri þunga framan af ævi og minna síðar eða hvort meðaltalsréttindi komi fyrir iðgjaldið. Þetta skipti þó máli við upphaf kerfisins þar sem að þessu leyti var valin leið gegnumstreymis og þeim sem þá voru komnir yfir miðjan aldur voru í reynd tryggð meiri réttindi en iðgjald þeirra svaradi. Sé litið fram hjá sérstökum áföllum af völdum óðaverðbólgu kemur þetta þó ekki niður á þeim sem þá voru yngri og fengu meðaltalsrétt svo fremi þeir haldi honum þegar þeir komast yfir miðjan aldur. Val um sjóði hlýtur að kalla á breytingu á þessu því að um leið og fyrsti sjóðurinn byði réttindamyndun sem miðast við tryggingafræðilega réttar forsendur myndi hann laða til sín þá sem á þeim tíma fengu meiri rétt fyrir lægra iðgjald. Iðgjöld ungra karlmannna eru t.d. tvímælaust miklu verðmætari en iðgjöld eldri kvenna. Sjóðirnir hljóta því allir að verða að bregðast eins við slíkri samkeppni um bestu iðgjaldsgreiðendurna og færa réttindamyndun til samræmis við tryggingafræðilegar forsendur um áhættu. Af því leiddi að lífeyristryggingar kvenna yrðu dýrari sökum langlífis þeirra og einnig barnafólks því að segja má að sjóðirnir taki félagslega ábyrgð á greiðslu barnalífeyris þar sem ekki er greitt sérstakt iðgjald hans vegna. Fleiri dæmi af sama toga má tina til en öll styðja þau að ekki séu forsendur til að breyta gildandi reglum um sjóðsaðild í grundvallaratriðum.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þeim sjónarmiðum lýst að lög og kjarasamningar eigi fyrst og fremst að ráða sjóðsaðild. Fyrra atriðið veit að samskiptum ríkisvaldsins og þeirra starfsmanna sem þótt hefur við hæfi að skipa með lögum. Skv. því eiga ríkisstarfsmenn skilyrðislaust að eiga aðild að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna óháð aðild þeirra að kjarasamningum. Á almennum vinnumarkaði er sjóðsaðild ákvörðuð með kjarasamningum, þó þannig að taki þeir ekki til viðkomandi, megi ákveða slíkt í ráðningarsamningum. Þessi skilningur skilar sér þó ekki sem skyldi í lagatextanum og gera samtökin því að tillögu sinni að 2. mgr. 2. gr. frv. orðist svo:

„Tryggingarskyldu skal fullnægt með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps eins og nánar er kveðið á um í hlutadeigandi kjarasamningi eða sérlægum. Um lífeyriskjör og aðild að lífeyrissjóði fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirra kjarasamninga sem starfsmaður starfar eftir. Taki kjarasamningar ekki til þess starfs sem launamaður gegnir fer um aðild eftir ráðningarsamningi eða ákvæðum 3. gr.“

Um skyldutryggingu ævilangs lífeyris

Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins miðast við að mönnum sé skylt að tryggja sér ellilífeyri til æviloka með iðgjaldsgreiðslum auk örorkulífeyris, barna- og makalífeyris. Þetta hafa aðilar vinnumarkaðarins talið afar mikilvæga forsendu fyrir efnahagslegum framförum og tryggingu fyrir því að framfærslubyrði aldraðra yrði skattgreiðendum og atvinnulífi ekki óbærileg á komandi áratugum. Með þessu hefur verið lagður grunnur að því að lífeyriskerfi landsmanna verði efnahagslífina styrkur en ekki veikleiki líkt og nú er orðið í mörgum nágrannaríkjunna. Þar hefur ekki verið efnt til sjóðssöfnunar til greiðslu lífeyris síðar meir líkt og hér, heldur eru lífeyrisgreiðslur að stærstum hluta fjármagnaðar með skattgreiðslum á fyrirtæki og vinnandi hluta þjóðarinnar með þeim afleiðingum að skattbyrðin þjakar efnahagslíf margra þessara þjóða. Markmiðið hefur einnig verið að tryggja að launamenn gætu áhyggjulaust horft til eftirlaunatímans í fullvissu þess að erfiðleikar í ríkisfjármálum skertu ekki lífeyrisgreiðslur þeirra. Þessu marki er enn ekki náð sökum þess að svo skammt er um liðið frá því fullar greiðslur hófust í lífeyrissjóði. Fæstir þeirra sem um þessar mundir komast á lífeyrisaldur eiga rétt á greiðslum nema fyrir hluta af starfsævi sinni.

Þessi stefnumörkun byggir á þeirri forsendu að viðtæk sátt sé um að öllum beri að tryggja sér sómasamlegan lífeyri ævilangt með iðgjaldsgreiðslum til lífeyrissjóðs en komi sér ekki undan greiðslu samtryggingariðgjalds í trausti þess að fá síðar lífeyri úr opinberum sjóðum. Ákvæði frumvarpsins miða að þessu og eru að því leyti framfaraspor.

Á hitt ber þó að leggja áherslu að lífeyrissjóðirnir hafa þróast hratt síðustu árin og einungis 7 ár eru frá því að launamenn hófu almennt greiðslur 10% iðgjalds af öllum launum. Réttindi manna er því enn að sama skapi takmörkuð. Hins vegar er jafnljóst að sjóðirnir hafa verið að þróa mismunandi áherslur í starfsemi sinni. Ljóst er að áhugi fólks á lífeyrismálum er vaxandi og fleiri vilja hafa meiri áhrif á það hvaða áherslur þeir kjósa að leggja í lífeyristryggingum sínum. Því er brýnt að löggjöf takmarki ekki möguleika sjóðanna á að þróast og mæta einstaklingsbundnum áherslum í meira mæli en nú gerist.

Í þessu sambandi er vert að minna á séreignarsjóðina sem eru hluti af því að mynda tryggingarlega heild á sviði lífeyristrygginga. Samtökin telja því æskilegt að hvorki verði settar skorður við því að slíkir sjóðir veiti ævilanga tryggingarvernd né heldur að almennu sjóðirnir geti boðið samninga um lífeyrisspamað sem hluta af sinni þjónustu. Þá telja samtökin einnig edlilegt að skoða sérstaklega stöðu þeirra sem um lengri tíma hafa einvörðungu greitt í séreignarsjóði að verulegu leyti og aðlögun þeirra að nýju kerfi. Um þetta þarf þó að setja nánari reglur sem tryggja að lífeyrir þeirra nái a.m.k. tilteknu lágmarki.

Um lífeyrissparnað

Í frumvarpinu er langur kafli um svonefndan lífeyrissparnað þar sem kveðið er á um heimildir banka, tryggingafélaga og verðbréfasjóða til að taka við greiðslum á sérstaka lífeyrissparnaðarreikninga. Þessi ákvæði koma undarlega fyrir sjónir þar sem hingað til hefur ekki verið talin ástæða til að efast um heimildir þessara aðila til að taka við greiðslum eða selja tryggingar, að því er tryggingafélögin varðar. Vera má að hugmyndir um tengingu ákvæða skattalaga um heimilan frádrátt skýri þessi sérstöku ákvæði og hefði þá verið edlilegra að skýra áformuð tengsl við umfjöllun um lífeyrismál. Að þessu tilefni vilja samtökin árétta að þau telja mikilvægt að skattalög hvetji til myndunar viðbótarlífeyrisséðnaðar og þá edlilegt að kveða á um slíkt í skattalögum fremur með óljósum innskotskafla um sparifjármýndun í löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisséðnaðar og starfsemi lífeyrissjóða.

Það kemur því enn meira á óvart að greiðslur á þessa reikninga verði bundin kvöðum um það að út af þeim megi aðeins greiða með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 15 árum. Rökin fyrir þessum takmörkunum eru vandséð, einkum þar sem þessu sparnaðarformi er ætlað að koma til viðbótar ævilöngum lífeyrisséðnaðar skv. ákvæðum 2.-5. gr. frumvarpsins sem eru grundvallaratriði í væntanlegri löggjöf

Samtökin telja þvert á móti rétt að heimila greiðslu inneignar á styttri tíma en þeim 10 árum sem nú er almennt miðað við. Rökin fyrir því eru þau að ýmis stéttarfélag, starfshópar og einstaklingar hafa sýnt slíkum persónubundnum einkasparnaði vaxandi áhuga. Hvati þessa er oft að geta dregið úr vinnu síðustu árin fyrir starfslok eða flýtt starfslokum án þess að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóði og skerða þannig lífeyrisséðnaðar. Er í þessu sambandi sérstaklega vísað til samkomulags Flugfryjufélags Íslands og Flugleiða frá 1995 þar sem beinlinis var samið um slíkar greiðslur inn á séreignarreikning til þess að auðvelda flugfryjum starfslok áður en hinum almenna ellilífeyrissaldri er náð. Samtökin leggja áherslu á að ekki verði settar takmarkanir við samningum af þessum toga enda vandséð í hverra þágu slíkt væri.

Ef kveða þarf á um starfsemi séreignarsjóða, um viðbótarlífeyrissparnað í þessum lögum, telja samtökin hins vegar engin efni til að banna hinum almennu lífeyrissjóðum að veita þá þjónustu í samkeppni við aðra aðila. Sú samkeppni gæti án efa orðið mjög hvetjandi því að rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna sýnist verulega lægri en bæði banka og tryggingafélaga. Samkeppni á þessu sviði gæti án efa hvatt til aukins sparnaðar og umfram það sem hið almenna 10% lífeyrisséðnaðar leiðir til en af því er tvímælalaust verulegur þjóðhagslegur ávinningur.

Að endingu er rétt að minna á að stefna um heimildir lífeyrissjóða til móttöku viðbótariðgjalds hefur þegar verið mörkuð á Alþingi með samþykkt nýlegra laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Söfnunarsjóð lífeyrisséðnaðar. Þau lög eru nokkurra mánaða gömul og er ekki kunnugt um að neitt þad hafi komið fram síðan sem kollvarpar þeirri stefnumörkun sem þar er sett fram.

Athugasemdir við einstakar greinar

Af öðrum atriðum vilja samtökin nefna eftirfarandi en fleiri efnisatriði tæknilegs eðlis kunna að þarfnast nánari umfjöllunar síðar.

Mælt er með því að ákvæði um gjalddaga og eindaga iðgjalda verði óbreytt frá því sem nú er almennt, þ.e. að gjalddagi iðgjalda sé 10. hvers mánaðar fyrir næsta mánuð á undan og eindagi síðasti virki dagur hvers mánaðar vegna iðgjalda næstliðins mánaðar.

Breyting á 8. grein frumvarpsins þess efnis að lífeyrissjóðir fái heimild til móttöku viðbótariðgjalds í séreignardeild kallar á breytta fyrirsögn þriðja kaflans sem hljóði þannig: „Réttindi í samtryggingardeildum lífeyrissjóða.“

Í 24. gr. er mælt fyrir um tryggingafræðilega úttekt á þriggja ára fresti. Samkvæmt samningum ASÍ og VSI um lífeyrismál er gert ráð fyrir að tryggingafræðilegar úttektir skuli framkvæmdar árlega og raunar verða hluti af opinberum reikningsskilum sjóðanna. Þetta er að mati samtakanna eðlileg krafa til allra sjóða.

Lagt er til að 2. mgr. 30. gr. verði breytt þannig að heimilt verði að boða til ársfundar með auglýsingu í dagblöðum með tryggilegum hætti. Í stærstu lífeyrissjóðunum eiga á annað hundrað þúsund manns réttindi og kostnaður af bréflægri fundarboðun færi því úr öllu hófi. Verður ekki séð að nein nauðsyn knýi á um að auka rekstrarkostnað slíkra sjóða um milljónir króna.

Í 36. gr. eru afar ítarleg ákvæði um það hvernig lífeyrissjóðir mega fjárfesta. Samtökin telja að þessi ákvæði séu óheppilega nákvæm og gefi lítið svigrúm til að mæta breytingum á fjármagnsmarkaði. Nær væri að setja almennari ákvæði um þetta efni og þá heimild til þess að kveða nánar á um málið í reglugerð. Tvö atriði skulu sérstaklega nefnd þar sem augljóslega er gengið óhóflega langt í lögbindingu nákvæmra viðmiðunarmarka. Þannig er skv. 3. tl. heimilað að lána með veði allt að 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða „sérhæft atvinnuhúsnæði“, þá gildi 35%. Lagt er til að miðað verði við eitt hlutfall, 55% af markaðsvirði hvort heldur um er að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði.

Þá verður ekki séð með hvaða rökum lífeyrissjóði er meinað að eiga yfir 10% eignarhlut í einstöku fyrirtæki enda eru slíkar kvæðir ekki settar á aðila eins og banka og tryggingafélög. Þannig myndi sameining sjóða rýra möguleika þeirra til fjárfestinga í þeim verðbréfum sem gefið hafa hvað besta ávöxtun á liðnum mánuðum. Nægjanlegt er að tiltaka um löyfilega heildarskuldbindingu einstakra aðila gagnvart lífeyrissjóði, bæði hvað varðar skulda- og hlutabréf m.v. hreina eign lífeyrissjóðsins.

Loks er afar óeðlilegt að hafa fortakslaust ákvæði í lögnum um að lífeyrissjóði sé óheimil lántaka t.d. í tengslum við fjárfestingar. T.d. getur átt sér stað við útgáfu hlutabréfa að forkaupsréttarhöfum sé boðinn greiðslufrestur og lífeyrissjóður hefði því lakari stöðu en aðrir hluthafar. Engin rök eru fyrir þessari takmörkun.

Um málsmeðferð

Samtökin telja afar miður að ekki skyldi haft náð samráð við hina almennu lífeyrissjóði og samtökin sem að þeim standa við undirbúning málsins. Þá er það einnig augljós áfalli að ekki hefur tekist samkomulag við aðstandendur séreignarsjóða eða niðurstæða fengist um það hvernig standa megi að myndun viðbótarréttinda til lífeyris. Samtökin treysta því að samstæða geti náðst um þær breytingar á frumvarpinu sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni og að því gerðu styðja þau framgang málsins. Samtökin lýsa sig reiðubúin til samstarfs við þingnefnd, stjórnvöld og aðra þá sem telja sig eiga hagsmuna að gæta á sviði lífeyrismálanna um frekari útfærslu þar á.

Virðingarfyllt,

f.h. Alþýðusambands Íslands,
Grétar Þorsteinsson,

f.h. Vinnuveitendasambands Íslands,
Þórarinn V. Þórarinsson.

Fylgiskjal II.**Umsögn Árna Reynissonar váttryggingamiðlara.
(29. apríl 1997.)**

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þetta er gert á síðustu stundu og með yfirlýsingum um að málinu eigi að ljúka fyrir sumarhlé. Það er því miður ekki einsdæmi á Íslandi að ríkisstjórnir hagi sér svona. Vorþingin á Íslandi eru í stíl við síldarævintýrin, þegar hverju stórmálinu á fætur öðru er ruslað í gegn á næturfundum í vikunni fyrir þinglokin. Oftar en einu sinni hefur frést af málum sem taka þurfti upp að nýju á næsta þingi til að leiðrétta mistökinn sem urðu í óðagotinu um vorið. Og nú stefnir í sama með löggjöf um einn hinn vandasamasta þátt í lífi hvers manns, undirbúning efri árána. Áður en umræða hefst fyrir alvöru í þinginu lýsa ráðherrarnir því yfir að málið skuli afgreitt. Gildir þá einu að sterk viðbrögð gegn frumvarpinu hafa komið fram. Því má ekki gleyma, að verstu gallana á nýjum lögum má oft rekja til málamiðlana sem gerðar eru í þröngri stöðu í blálökin. Svo gæti enn orðið nú.

Nokkurra ára reynsla mín af viðtölum við einstaklinga um áætlanir þeirra í lífeyrismálum hefur sannfært mig um það, hve fjölpættir valkostir eru mikilvægir á þessu sviði. Líf manna er fjölbreytilegt og aðstæður til þess að leggja fyrir til síðari tíma endurspegla þá staðreynd. Á það ekki síst við um einyrkja og atvinnurekendur, sem ég starfa mest með.

„Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði.“ Í 17 ár hafa þessi orð staðið í lögum um „skyldutryggingu lífeyrisréttinda.“ Lögin eru augljóslega sniðin að aðstæðum launþega, en öðrum virðist skotið inn til uppfyllingar, án þess eitt orð sjáist um sérstöðu þeirra, sem lifa af eigin aflafé. Ber frumvarpið þannig glögg merki þess að það er ekki til komið á vegum þeirra sem með löggjafarvald fara, heldur lagt fram til að uppfylla „samninga“ við aðra aðila að afloknum viðræðum sem sjálfstæðir atvinnurekendur hafa engan aðgang að.

Sjálfstætt fólk hefur umgengist þetta lagaákvæði með sama hætti og gerist með ýmsar meginsetningar í lögum, svo sem: „Öllum er skylt að sýna varúð svo náttúru landsins sé ekki spillt“ eða „hjónum ber að stuðja hvort annað og gæta sameiginlegra hagsmuna heimilis og fjölskyldu.“ Menn vita að þó út af beri gerist fátt af opinberri hálfu. Fólk hefur því farið eigin leiðir í að undirbúa efri árin, gengið í séreignasjóði, keypt verðbréf ríkis og hlutafélaga eða tekið lífeyristryggingu. Allt nýjar ávöxtunarleiðir sem hafa komið fram á undanförunum áratug.

Nú virðist sem sprengja eigi upp fyrir fólki lífeyrisáætlanir, sem byggjast á ríkjandi valfrelsi og skipa því í lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna, í svonefnda „samtryggingu.“ Sú virðist vera skoðun ríkisstjórnarinnar um þessar mundir að „samtrygging“ sé eina úrræðið til að byggja á tekjutryggingu til æviloka.

Eðlismunur er á samtryggingu og séreign. Samtrygging er áhættutrygging, sem lofar að greiða hinum tryggða föst ellilaun til æviloka. Ef hann lifir lengi fær hann greitt umfram það sem hann lagði inn um starfsævina, en ef hann lifir skemur renna ónýtt iðgjöld til heildarinnar. Á þessu lögmáli byggjast tryggingar almennt. Þess má geta, að ellitryggingar fást hjá líftryggingafélögum og má þannig öðlast „samtryggingu“ á einstaklingsgrundvelli. Lífeyrissjóður er því ekki forsenda þess að geta keypt slíka vernd. Innlegg í samtryggingarsjóð er sem sé hreint iðgjald, óendurkræft og erfist ekki.

Hvað veldur því, að ríkisstjórn Íslands tekur svo eindregna trú á samtryggingu umfram sparnað í séreign að nálgast kreddu? Er það vegna hagsmuna ríkisins? Er það vegna hagsmuna lífeyrissjóðanna? Eða vegna hagsmuna lífeyrisþega?

Varla hið síðastnefnda. Eftirfarandi dæmi sýnir, að maður sem hyggst leggja fyrir 25.000 kr. á mánuði í lífeyrissjóð eða frjálsan sparnað í 10 ár fær mjög svipaða fjárhæð í mánaðarlegar bætur úr lífeyrissjóði og í vexti af sparnaði:

Lífeyrissöfnun. - miðast við 3 mkr. árslaun, 10% í iðgjöld, 10 ára áætlun.

<u>Lífeyrissjóður, samtrygging með frádráttarrétti</u>		<u>Lífeyrstrygging án frádráttarréttur</u>	
Greitt til lífeyrissjóðs	3.000.000	Til ráðstöfunar í 10 ár	3.000.000
Skattafrádráttur 40%	1.200.000	Fyrirframgreiddur tekjuskattur 40%	1.200.000
Greiddslubyrði launþega	1.800.000	Inngreiðslur, hreint sparifé	1.800.000
Núvirði réttinda til ellilauna	378.000	Innistæða með vöxtum í lokin:	
Eftirágreiddur tekjuskattur 40%	151.200	A: 7,5% ávöxtun e.skatt.upb.	2.650.000
Árstekjur eftir skatt	226.800	Árlegar vaxtatekjur	188.750
Mánaðartekjur eftir skatt	<u>18.900</u>	Mánaðartekjur	<u>16.600</u>
		B: 10% ávöxtun	3.022.000
		Árlegar vaxtatekjur	302.200
		Mánaðartekjur	<u>25.200</u>

Ávöxtun í íslenskum séreignasjóðum árin 1991-5 var á bilinu 7,6-8,7%. Hæri í breskum tryggingasjóðum.

Dæmið sýnir að einstaklingur getur með einföldum hætti myndað sér jafngott úrræði og samtrygginguna til ævitekna. Auk þess á hann sjálfur höfuðstólinn og getur aukið tekjur sínar með skipulegri úttekt í ellinni. Hann getur sjálfur leitað bestu ávöxtunar. Höfuðstóllinn er sameign hjóna og erfist. Er þetta fólk líklegra til að verða byrði á þjóðfélaginu en ef það væri í samtryggingu?

Er hið rómaða samtryggingarkerfi gallalaust? Makalífeyrir íslenskra lífeyrissjóða er aðeins helmingur af lífeyri launþegans. Er þarna að finna eina helstu ástæðu þess að sjálfstætt fólk forðast þessa sjóði. Og þá má spyrja: Hver væru áhrifin á almennar bætur, ef ekkjur fengju full eftirlaun til æviloka? Enn má spyrja: Hver verður þróunin við styttingu starfsævinnar að 60 árum á sama tíma og meðalaldur heldur áfram að hækka? Það er þessi óhjákvæmilega útþynning, sem veldur því að samtryggingarkerfin eru að hrynja um allan heim. Ríkisstjórn Íslands getur ekki stöðvað þá þróun, hvaða trú sem hún jatar í lífeyrismálum.

Skylduaðild að lífeyrissjóðum er hrein skattlagning á þá sem nú fara sínar eigin leiðir í ævisparnaði, jafnvel eignaupptaka. Ótti fjármálaráðherra um að fólk sem sparar frjálst sé öðrum fremur áhættuhópur fyrir almannatryggingar er vægast sagt brotlegur. Almannatryggingar fjármagnaðar með sköttum eiga að vera fyrir þá sem verða utanveltu í þjóðfélaginu af ýmsum ástæðum. Fróðlegt væri að vita hve margar ekkjur látinna lífeyrisþega fylla þann hóp.

Tillögur:

Eigi á annað borð að fjalla um lífeyri atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi fólks í lögum á að gera það með þeim hætti að tillit sé tekið til aðstæðna sem eru mjög frábrugðnar þeim sem launamenn búa við. Þennan þjóðfélagshóp ætti því ekki að nefna í frumvarpinu eins og það er nú (2.&7.gr.).

Ellitryggingar hjá tryggingafélögum ættu að njóta viðurkenningar til jafns við aðild að lífeyrissjóði, þám. með frádráttarrétti við innborgun.

Ákvæði II. kafla um samninga um lífeyrissparnað eru hin undarlegustu. Þar er stillt upp formála að samningi með fyrirmælum út í smáatriði. Þó er hér um einskonar „heimild“ að ræða. Hinsvegar virðist óheimilt að segja honum upp og hætta. Ekki er getið um nein hlunnindi, sem eiga að fylgja þessum samningi. Þessi heimild virðist ekki útiloka samninga um viðbótarsparnað utan ramma laganna. Að öllu samanlögðu virðist mega strika þennan kafla út.

Ef þingið vill setja þennan II. kafla í lög bendi ég á að 2. töluliður 8. greinar er brot á Evrópusamningnum eins og hann er orðaður. Líftryggingafélög á EES geta starfað hérlendis án þess að hafa sérstaka starfsstöð. Þau þurfa aðeins að uppfylla ákveðin formsatriði og öðlast þar með starfsleyfi. Það orð ætti að koma í staðinn fyrir „starfsstöð.“

Aðaltillaga mín er hinsvegar sú, að ekki verði reynt að afgreiða frumvarpið fyrir vorið. Málið þarf lengri tíma til úrvinnslu ekki síst eftir þá hörðu gagnrýni sem frumvarpið hefur fengið víða að frá því að það fyrst kom fram. Ég þakka nefndinni fyrir að bjóða mér að segja álit á frumvarpinu og vona að ofanritað verði henni til gagns í starfi.

Með vinsemd og virðingu,

Árni Reynisson.

Fylgiskjal III.

Umsögn BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands. (29. apríl 1997.)

Heildarsamtök opinberra starfsmanna, BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands, hafa ákveðið að veita sameiginlega umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Heildarsamtökin fagna því að nú verði sett heildarlög um starfsemi lífeyrissjóða þar sem leikreglur eru gerðar skýrar og skilyrði sett um starfsemi lífeyrissjóðanna í því skyni að auka öryggi sjóðfélaga. Um leið eru sett ákvæði um séreignarsparnað og skilið á milli samtryggingar og séreignarsparnaðar. Hingað til hafa engin lög eða kjarasamningar verið fyrir hendi um séreignarsparnað til lífeyris og mikilsvert að nú verði sett lög til að auka öryggi um þenna einstaklingsbundna sparnað.

Heildarsamtökin telja engu að síður nauðsynlegt að vekja athygli á því að sumar greinar frumvarpsins þarf að skerpa og umorða til að taka af allan vafa um þá merkingu þeirra, sem sátt virðist vera að mestu leyti um.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

2. grein.

Í 2. gr. frumvarpsins er ekki vísað til "*lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps*" eins og gert er í l. nr. 55/1980 en þessi grein má heita formgerv-ing á tímamótasamningum ASÍ-félaganna og VSÍ um almennan lífeyrissparnað launamanna skv. kjarasamningum stéttarfélaganna. Ástæða er til að vara við röskun á orðalagi þessarar greinar sem gæti orðið þess valdandi að draga úr tiltrú á hinu kjarasamningsbundna lífeyriskerfi launamanna.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er vísað til þess að um lífeyrissjóðsaðild fari eftir því sem kveðið er á um í lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Í skýringum með þessari grein segir orðrétt:

Sé ekki kveðið á um aðildina í sérlögum eða kjarasamningi getur vinnuveitandi gert þá kröfu í ráðningarsamningi að starfsmaður hans greiði í tiltekinn lífeyrissjóð.

Hér fer ekki á milli mála að vinnuveitanda er veitt vald til að ákveða lífeyrissjóðsaðild annarra en þeirra sem hafa vísa aðild skv. lögum eða kjarasamningum. Eðlilegra væri að löggjafinn reyndi fremur að styrkja samningsstöðu starfsmanna fremur en að veita vinnuveitanda sjálfðæmi um þessa mikilvægu ákvörðun.

Í umfjöllum um sömu málsgrein segir að sveitarfélagi sé heimilt að gera starfsmönnum sínum skylt að greiða í lífeyrissjóð sveitarfélagsins nema að það hafi samið um aðra skipan. Þessi tilvísun er ekki alls kostar rétt, vegna þess að skylduáðild hjúkrunarfræðinga og grunnskólakennara að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga byggir á ákvæðum laga nr. 1/1997 og nr. 2/1997 en þar er málsaðilum heimilt til framtíðar að semja sín á milli um áðild að lífeyrissjóði.

Að þessu virtu mætti orða 2. mgr. 2. gr. svo:

Um áðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlögum eða kjarasamningum stéttarfélags og atvinnurekenda og í samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

Í greinargerð gæti komið fram að skylt sé að virða lögbundna eða kjarasamningsbundna áðild að lífeyrissjóði en einstaklingar hafi að öðru leyti fullan samningsrétt um val á lífeyrissjóði eftir því sem þeir eiga kost á, sbr. 2. mgr. 2. gr.

5. grein

Þessi grein frumvarpsins er greinilega samin í upphafi út frá því að réttindi í lífeyrissjóðum miðist við iðgjöld og ávöxtun þeirra eins og er í almennu lífeyrissjóðunum. Þegar samtök opinberra starfsmanna gerðu athugasemdir við fjármálaráðherra vegna orðalags greinarinnar var því lýst yfir að greininni væri ætlað að virða þá tegund lífeyrstryggingar sem er í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sbr. l. nr. 1/1997 og 2/1992, þ.e. að lögbundin réttindi í þessum sjóðum og fjármögnun þeirra með breytilegu iðgjaldi teldist lágmarksiðgjald í merkingu 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Heildarsamtökin gerðu við þetta tækifæri athugasemdir við orðalag í greinargerð með frumvarpinu og voru þar gerðar vissar breytingar. Það er mat heildarsamtaka opinberra starfsmanna að heppilegra væri að breyta orðalagi 5. gr. til þess að þetta innihald laganna komi fram með skýrum og afgerandi hætti. Gerð er tillaga um eftirfarandi orðalag 5. gr. :

Skyldutrygging í lífeyrissjóði skal að lágmarki nema 10% af iðgjaldsstofni og getur skiptst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald. Lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald skal ákveða í sérlögum, kjarasamningi eða með öðrum sambærilegum hætti, svo og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda. Í lífeyrissjóðum þar sem réttindi eru fyrirframákveðin telst þó skyldutryggingariðgjald það iðgjald sem þarf til að standa undir samningsbundnum eða lögbundnum réttindum

Lágmarksiðgjald, a.m.k. 10% iðgjald og nauðsynlegt iðgjald í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sbr. 13. gr. l. nr. 1/1997 og nr. 2/1997, skal renna til lífeyrissjóðs. Umsamið iðgjald umfram þetta iðgjald, en innan skyldutryggingar, er viðbótariðgjald.

Þá er heimilt í kjarasamningi að semja um viðbótariðgjald sem launamanni er heimilt að ráðstafa skv. samningi um lífeyrissparnað, skv. II. kafli laga þessara. Tilkynni launamaður ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert viðbótariðgjaldið skuli renna skal það varðveitt og ávaxtað hjá þeim lífeyrissjóði sem annast skyldu-tryggingu hans.

Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 5. gr. hér að ofan má taka undir þau sjónarmið lífeyrissjóðanna að óeðlilegt sé að setja þeim þær skorður að þeir megi ekki taka við viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar.

F.h. BSRB,
Ögmundur Jónasson.

F.h. Bandalags háskólamanna,
Martha Á. Hjálmarsdóttir.

F.h. Kennarasambands Íslands,
Eiríkur Jónsson.

Fylgiskjal IV.**Umsögn Félags frjálslyndra hagfræðinema.**

(25. apríl 1997.)

Félag frjálslyndra hagfræðinema óskar eftir því að nefndarmönnum í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis verði kynnt sú undirskriftasöfnun sem félagið stóð fyrir meðal hagfræðinema við Háskóla Íslands þar sem svokölluðu lífeyrissjóðafrumvarpi er andmælt. Andmælunum hefur verið komið á framfæri við fjármálaráðherra Friðrik Sophusson.

Virðingarfyllst f.h. FFH,

*Magnús Þór Gylfason.**Fskj.***Ályktun Félags frjálslyndra hagfræðinga.**

(23. apríl 1997.)

Við undirritaðir, hagfræðinemar við Háskóla Íslands, andmælum áformum ríkisstjórnarinnar um frelsisskerðingu í lífeyrissparnaði Íslendinga. Með frumvarpi til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er ríkisstjórnin að ganga á bak orða sinna. Hætta er á að lögin dragi úr mögulegri samkeppni milli lífeyrissjóða og skapi óvissu og óstöðugleika á ungum fjármagnsmarkaði. Með frumvarpinu teljum við hagsmunum ungs fólks fyrir borð borna og hvetjum ráðherra til að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á frumvarpinu til þess að stuðla að valfralsi og samkeppni á lífeyrismarkaðinum.

Fylgiskjal V.**Umsögn Landssambands lífeyrissjóða.**
(29. apríl 1997.)

Landssamband lífeyrissjóða hefur um langt árabíl hvatt til lagasetningar um starfsemi lífeyrissjóða en nauðsynlegt er að heilstæð löggjöf sé til um starfsemi sjóðanna. Þrátt fyrir að ekki hafi verið í gildi löggjöf um fyrrgreint málefni er ljóst að uppbygging lífeyrissjóðakerfisins hefur tekist á margan hátt vel eins og kemur fram í eftirfarandi málsgrein í greinargerð frumvarpsins:

“Nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins árið 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyrstryggingakerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum. Til að undirstrika þetta má geta þess að ýmsar þjóðir eru nú í óða önn að breyta lífeyriskerfum í hátt við það, sem Íslendingar búa við.”

Með tilliti til ofangreindrar staðreyndar leggur stjórn Landssambands lífeyrissjóða ríkan varhug við því að grundvallarbreytingar séu gerðar í fljótfærni vegna þröngra sérhagsmuna banka, verðbréfafyrirtækja og tryggingafélaga á íslenska lífeyrissjóðakerfinu í núverandi mynd.

Grunnforsenda í uppbyggingu lífeyriskerfisins er að sama fjárhæð iðgjalds sem móttækin er af lífeyrissjóði veiti sömu réttindi óháð aldri þess er iðgjaldið innir af hendi, kynferði eða hvaða starfi viðkomandi gegnir.

Því varar LL við hugmyndum (t.d. í frumvarpsdrögum, en sem dregnar voru til baka í framhaldi af yfirlýsingu forsætisráðherra) sem viðraðar hafa verið um þak á iðgjaldsgreiðslur til sameignarsjóðanna en yrðu þær að veruleika hefði það í för með sér að ekki verður unnt að halda óbreyttri stefnu um grundvallarforsendur íslenska lífeyriskerfisins.

Lífeyrissjóðunum yrði þar með gert ókleyft að lofa samskonar réttindum óháð aldri og kynferði þess er iðgjaldið ynnir af hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar:

2. gr.

Með þessari grein er grundvellingur kippt undan verðbréfasparnaði fjölmargra einstaklinga í séreignarsjóðum sem fyrir misskilning hafa verið kallaðir lífeyrissjóðir í gegn um árin og hafa fengið staðfestar reglugerðir í fjármálaráðuneytinu sem slíkir. Í þessu samhengi vitna gjarnan talsmenn þessa sparnaðar til þess að slíkt fyrirkomulag lífeyrissparnaðar sé vel þekkt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Þeim láist hins vegar að geta þess að til þess að slíkur einkasparnaður njóti skattfrelsis í viðkomandi álfum skuli sparnaðinum breytt í ævilanga lífrentu við töku lífeyris. Að inneignin greiðist út á 10 árum, eins og hér á landi, með tilkynningu til lífeyrisþegans þegar inneignin er uppurin, þekktist ekki annars staðar.

Þar sem þetta fyrirkomulag hefur viðgengist með vitund og vilja stjórnvalda í á annan áratug verður að skoða það sem sérstakt viðfangsefni til lagfæringar án þess að rústa grunnforsendum samtryggingarsjóðanna. Finna þarf lausn á lífeyrishögum einstaklinga sem sparað hafa í séreign sem kollvarpar ekki samtryggingarhugsun lífeyriskerfisins. Þak á iðgjöld til sameignarsjóða til þess að ráða bót á ofangreindu vandamáli myndi búa til mun stærra þjóðhagslegt vandamál þegar til lengri tíma væri litið

Í annari grein frumvarpsins er ekki vísað til “lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps“ eins og í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980. Því er gerð eftirfarandi tillaga að orðalagi greinarinnar í heild sinni:

“Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs í samræmi við ákvæði laga þessara frá 16 til 70 ára aldurs. Tryggingarskyldu skal fullnægt með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps eins og nánar er kveðið á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða sérlögum. Um lífeyriskjör og aðild að lífeyrissjóði fer að öðru leyti eftir ákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga eða sérlaga.”

Verði fyrrgreind heildarbreyting ekki ofan á er til vara lögð til eftirfarandi breyting tengd ráðningarsamningi:

Í 2.mgr. 2.gr er m.a. gert ráð fyrir að aðild að lífeyrissjóði geti ákvarðast af ráðningarsamningi sem samkvæmt orðalagi greinarinnar fær hliðstæða réttarstöðu og kjarasamningur stéttarfélags. Í greinargerð er reyndar kveðið á um að aðild að lífeyrissjóði samkvæmt ráðningarsamningi og einhliða ákvörðun vinnuveitanda um val á lífeyrissjóði eigi við kveði sérlæg eða kjarasamningur stéttarfélags ekki á um annað.

Telji menn að ekki verði komist hjá tilvísun til ráðningarsamnings í greininni þarf orðalag málgreinarinnar í frumvarpinu að vera mun skýrari þannig að hugsun sú sem fram kemur í greinargerðinni skili sér. Þess vegna er hér með gerð tillaga um breytt orðalag á 2.mgr. 2.gr.:

“Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlægum, kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda eða ráðningarsamningum, enda sé lögum eða kjarasamningum ekki til að dreifa, og í samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.”

5. gr.

Um efni 3.mgr. 5.gr. vísast til athugasemda við 8. gr.

6. gr.

Gerð er athugasemd við 2. mgr. 6. gr. og mælt með því að sama fyrirkomulag verði viðhaft og nú gildir hjá lífeyrissjóðum almennt þ.e. að gjalddagi iðgjalda sé 10. næsta mánaðar og eindagi síðasti virki dagur þess mánaðar vegna iðgjalda næstliðins mánaðar.

8. gr.

Lagt er til að við greinina bætist nýr 4. töluliður:

“Lífeyrissjóðir sem hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.”

Margvísleg rök mæla með því að starfandi lífeyrissjóðir fái heimild til að taka við viðbótariðgjaldi til séreignardeildar. Í stuttu máli má þar m.a. nefna:

1. Lífeyrissjóðirnir hafa tekið við lífeyrissparnaði landsmanna um áratuga skeið og hafa þeir komið sér upp viðamikilli þekkingu og reynslu varðandi innheimtu iðgjalda til sjóðanna og umsýslu þeirra.
2. Augljóst rekstrarhagræði felst í því að viðbótariðgjaldi sé skilað til lífeyrissjóðs launamannsins sem þegar veitir viðtöku lágmarksiðgjaldinu í því tilviki að launamaðurinn óskar þess.
3. Rekstrarkostnaður lífeyrissjóða er lágur, ekki síst í samanburði við þá aðila sem tilgreindir eru í 8. grein frumvarpsins.

4. Að lífeyrissjóðunum verði gert kleyft að taka við viðbótariðgjöldum mun auka lífeyrissparnað með þjóðinni en ljóst er að öflugur lífeyrissparnaður hefur m.a. átt stóran þátt í markvissari viðskiptum á verðbréfamarkaði og stuðlað að hagstæðari lánskjörum ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.
5. Ekki verður séð í greinargerð frumvarpsins að viðhlýtandi rök séu færð fyrir því að lífeyrissjóðum sé óheimilt að taka við viðbótariðgjaldi nema sem rynni til samtryggingar enda munu lífeyrissjóðirnir starfa á grundvelli þessara laga sem kveða á um eftirlit með starfsemi og rekstri sjóðanna.
6. Þá má benda á að stefnumörkun um móttöku viðbótariðgjalds hefur þegar verið mörkuð á Alþingi með samþykkt nýlegra laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

10. gr.

Í 1. mgr. vantar orðið “lífeyrissjóðir”.

III. kafli

Breyting á 8. grein frumvarpsins þess efnis að lífeyrissjóðir fái heimild til móttöku viðbótariðgjalds í séreignardeild kallar á breytta fyrirsögn kaflans þannig: **“Réttindi í samtryggingardeildum lífeyrissjóða.”**

24. gr.

Samkvæmt samningum aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál er gert ráð fyrir að tryggingafræðilegar úttektir skuli framkvæmdar árlega.

30. gr.

Lagt er til að 2.mgr. verði breytt þannig að heimilt verði að boða til ársfundar með auglýsingu í dagblöðum með tryggilegum hætti. (Sjóðfélagar í stærstu lífeyrissjóðum skipta tugum þúsunda - í einstaka tilviki allt að 100.000).

36. gr.

2.mgr.

Í þriðja tölulið leggjum við til að miðað sé við 55% af markaðsvirði hvort heldur um er að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði.

5.mgr.

Ekki verður séð með hvaða rökum lífeyrissjóði er meinað að eiga yfir 10% eignarhlut í einstöku fyrirtæki enda eru slíkar kvaðir ekki settar á aðila eins og banka og tryggingafélög. Nægjanlegt er að tiltaka um leyfilega heildarskuldbindingu einstaks aðila gagnvart lífeyrissjóði bæði hvað varðar skulda- og hlutabréf m.v. hreina eign lífeyrissjóðsins.

38. gr.

Óeðlilegt er að hafa fortakslaust ákvæði í lögnum um að lífeyrissjóði sé óheimil lántaka í tengslum við fjárfestingar. T.d. getur átt sér stað við útgáfu hlutabréfa að forkaupsréttarhöfum er boðinn greiðslufrestur og lífeyrissjóðurinn hefði því lakari stöðu en aðrir hluthafar að nýta sér greiðslufresti í tengslum við hlutabréfaútgáfuna.

Niðurlag

Landssamband lífeyrissjóða hvarfar að ekki skuli hafa verið leitað til þess um samstarf við undirbúning frumvarpsins. Þýðingarmikið er að sem víðtækust samstaða skapist um þær breytingar sem gera þarf á frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar og er LL tilbúið til samstarfs með þingnefnd og stjórnvöldum um þá vinnu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands lífeyrissjóða,

Þorgeir Eyjólfsson formaður.

Fylgiskjal VI.

Umsögn Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.
(29. apríl 1997.)

Stjórn Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands þakkar Efnahags- og viðskiptanefnd fyrir að fá að senda inn umsögn um frumvarp um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt óskar stjórnin eftir að fá að hitta nefndina og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands, LTFÍ, var stofnaður árið 1965 og hefur því starfað í 32 ár. Í árslok 1996 námu heildareignir sjóðsins 2,6 milljörðum króna og voru sjóðfélagar alls 1100. Á síðasta ári var raunávöxtun sjóðsins 10,9% og kostnaður sem hlutfall af meðaleignum 0,11%. Stjórn LTFÍ skipa fimm menn og eru fjórir kosnir eru á aðalfundi en einn er skipaður af Tæknifræðingafélagi Íslands. LTFÍ er séreignarsjóður en hefur þá sérstöðu að allir virkir sjóðfélagar eru með örorkutryggingu sem tryggir þeim örorkulífeyri (allt að 75% af launum) ef þeir missa starfsgetu vegna örorku.

Áður en frumvarp um starfsemi lífeyrissjóða kom fram var unnið að því að bæta tryggingaréttindi sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum lífeyrisgreiðslur til æviloka með viðræðum við Lífeyrissjóð arkitekta um sameiningu sjóðanna. Tillögur þar að lútandi eru tilbúnar en stefnt er að því að *Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga* verði blandaður lífeyrissjóður með séreignardeild og tryggingadeild. Alþingismenn hafa þegar fengið sendar upplýsingar um sameinaðan sjóð arkitekta og tæknifræðinga.

Stjórn LTFÍ gerir ýmsar almennar athugasemdir við frumvarpið en leggur megináherslu á eftirtalin tvö atriði sem myndu leiða til þess ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt að LTFÍ yrði að hætta rekstri í núverandi mynd og leggja til hliðar áform um sameiningu við Lífeyrissjóð arkitekta:

1. Stjórn LTFÍ lýsir yfir andstöðu við þá meginstefnu frumvarpsins að sjóðfélagar verði að greiða 10% lágmarksiðgjöld til samtryggingarsjóða.

Stjórn LTFÍ telur mikilvægt að sjóðfélagar hafi áfram frelsi til að byggja upp lífeyrissparnað í séreignarsjóði en fellst á kröfur um samtryggingu að vissu marki og lífeyrisgreiðslur til æviloka sem miða t.d. við efri tekjumörk tryggingastofnunar. Í því sambandi bendum við á þrjár leiðir sem allar rúmast innan *Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga*:

- a) Iðgjaldi í lífeyrissjóð er skipt alla starfsævina á milli trygginga- og séreignardeildar deildar þannig að sjóðfélagi byggir upp smám saman lágmarksréttindi í tryggingadeild og eftirlaunasjóð í séreignardeild.
- b) Sjóðfélagi greiðir framan af starfsævinni í tryggingadeild og byggir upp lágmarkslífeyrisréttindi sem miða t.d. við efri tekjumörk tryggingastofnunar.

- c) Sjóðfélagar greiði í tryggingadeild og verji sig og fjölskyldu sína fyrir tekjumissi vegna örorku og dauða en greiði afganginn í séreignardeild. Við starfslok notar sjóðfélaginn hluta af inneign sinni í séreignardeild til að kaupa sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka, sbr. dæmi hér fyrir neðan.

Taflan hér fyrir neðan sýnir dæmi um sjóðfélaga sem greiðir 10% af 150.000 kr. mánaðarlaunum í *Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga* í 40 ár eða frá 25 til 65 ára aldurs. Gert er ráð fyrir að 15% af iðgjöldum sjóðfélagans sé greitt í tryggingadeild til að tryggja örorkulífeyrir ef starfsorkan skerðist og fjölskyldulífeyri við fráfall. Sjóðfélaginn greiðir 85% af iðgjöldum í séreignardeild og notar 4,6 m.kr. af séreign sinni 65 ára til að kaupa rétt á lífeyrisgreiðslum frá 75 ára aldri til æviloka að fjárhæð 70.000 kr.

Raunávöxtun á ári:	4%	5%
Inneign í séreignarsjóði 65 ára	14.803.563	18.902.189
Inneign varið til kaupa á lífeyrisgreiðslum til æviloka, þús.kr.	4.617.136	4.617.136
Inneign í séreignarsjóði endurgreidd á 10 árum, frá 65-75 ára	10.186.427	14.285.053
Lífeyrir 65-75 ára, endurgreiðsla úr séreignarsjóði	102.787	150.740
Lífeyrir 75 ára til æviloka	70.000	70.000

2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir verði að vera samtryggingarsjóðir og megi ekki stofna séreignardeildir. Stjórn LTFÍ vill hins vegar að lífeyrissjóðir fái heimild til að starfa í tveimur deildum (trygginga- og séreignardeild). Stjórn LTFÍ telur eðlilegt að lífeyrissjóðir megi reka séreignardeildir sem taka við hluta af lágmarks-iðgjaldi og viðbótarframlögum. Sjóðfélagar fái sjálfir að kjósa stjórn og ráða fjárfestingarstefnu fyrir bæði lágmarks- og viðbótariðgjöld.

Meðfylgjandi eru drög að reglugerð *Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga*. Við viljum vekja sérstaka athygli á grein 9 þar sem segir að sjóðfélagar geti greitt iðgjald í séreignar- og/eða tryggingadeild en framlag í tryggingadeildina verði þó aldrei lægri en lög um lágmarks tryggingavernd lífeyrissjóða á hverjum tíma. Í greininni er tafla sem sýnir skiptingu iðgjalda ef sjóðfélagar láta ekki vita en skv. henni er gert ráð fyrir að sjóðfélagar greiði meira í tryggingadeild framan af starfsævinni og byggi þannig upp lágmarkstryggingaréttindi en greiði síðan meira í séreignadeildina á síðari hluta starfsævinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LTFÍ,

Bergsteinn Gunnarsson, formaður,
Páll Á. Pálsson, varaformaður.

Fskj 1.

**Tillaga um sameiningu Lífeyrissjóðs arkitekta og
Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.**
(Febrúar 1997.)

Ágæti sjóðfélagi

Í þessu kynningarbréfi er að finna lýsingu á hugmyndum um Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga sem lagt er til að verði stofnaður með sameiningu Lífeyrissjóðs arkitekta og Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.

Tillaga um sameiningu sjóðanna og reglugerð verður borin upp á aðalfundum sjóðanna í mars 1997 og eru sjóðfélagar hvattir til að mæta á fundina og kynna sér málið.

Sameinaður lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga verður blandaður lífeyrissjóður með tveimur deildum, séreignar- og tryggingadeild. Séreignardeildin verður byggð á Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands og munu inneignir sjóðfélaga flytjast þangað. Tryggingadeildin verður hins vegar byggð á Lífeyrissjóði arkitekta og munu réttindi sjóðfélaga flytjast þangað.

*Stjórnir Lífeyrissjóðs arkitekta og
Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.*

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit	2
Nýr lífeyrissjóður	3
Blandaður sjóður	4
Séreignardeild	5
Tryggingadeild	6
Ellilífeyrir	7
Örorkulífeyrir	8
Fjölskyldulífeyrir	9
Rekstraraðili	10
Lán til sjóðfélaga	10
Dæmi	11

Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga

Stjórnir Lífeyrissjóðs arkitekta og Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands hafa ákveðið að leggja til við sjóðfélaga að lífeyrissjóðirnir sameinist þann 1. apríl 1997.

Markmiðið er að búa til hagkvæman lífeyrissjóð, Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga, sem sameinar kosti sameignar- og séreignarsjóða. Tilgangurinn er að tryggja betur fjárhagslegt öryggi sjóðfélaga með því að bjóða sjóðfélögum að leggja fyrir til eftirlaunaáranna í séreignardeild og verja sig og sína nánustu fyrir tekjumissi með því að greiða í tryggingadeild.

Verði tillagan samþykkt geta sjóðfélagar greitt í séreignardeild og keypt sér tryggingar hjá eigin lífeyrissjóð á mjög hagstæðum kjörum.

Nýr lífeyrissjóður:

- ✓ Hagkvæmur lífeyrissjóður.
- ✓ Lágur rekstrarkostnaður og góð raunávöxtun.
- ✓ Fullkomin tryggingavernd.
- ✓ Arkitektar geta greitt í séreignardeild.
- ✓ Tæknifræðingar geta greitt í tryggingadeild og notið sambærilegra tryggingaréttinda og sjóðfélagar í sameignarsjóðum.

Nýr sjóður sameinar kosti sameignar- og séreignarsjóða

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga geta greitt bæði í séreignar- og tryggingadeild. Sjóðfélagar ráða sjálfir skiptingu iðgjalda milli deilda en ef þeir láta ekki vita um skiptingu iðgjalda verður skipt skv. fyrirfram ákveðinni skiptingu í reglugerð sjóðsins.

Séreignardeildin verður byggð á Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands. Iðgjöld sjóðfélaga í séreignardeildinni færast á sérreikning þeirra og er inneignin laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

Tryggingadeildin verður byggð á Lífeyrissjóði arkitekta. Í tryggingadeildinni geta sjóðfélagar byggt upp rétt til elli-lífeyrisgreiðslna til æviloka og varið sig og sína nánustu fyrir tekjumissi vegna örorku eða dauða.

Blandaður sjóður:

- ✓ Tvær deildir, séreignar- og tryggingadeild.
- ✓ Séreignardeild eins og hver annar séreignarsjóður.
- ✓ Tryggingadeild veitir samþærileg réttindi og sameignarsjóðir

Séreignardeild

Séreignardeild Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga verður eins og hver annar séreignarsjóður.

Iðgjöld sjóðfélaga eru færð á sérreikning þeirra auk vaxta og verðbóta á ári hverju. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru algjörlega hans eign en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Ávöxtuninni er síðan skipt í hlutfalli við eign hvers og eins.

Sjóðfélagi sem orðinn er 60 ára að aldri á rétt á að fá inneign sína greidda með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum.

Ef sjóðfélagi fellur frá áður en hann er búinn með inngeign í séreignardeild rennur inneign hans í sjóðnum til erfingja.

Kostir séreignardeilda:

- ✓ Iðgjöld skráð á sérreikning sjóðfélaga.
- ✓ Iðgjöld ávöxtuð í einum potti en ávöxtun skipt á milli sjóðfélaga.
- ✓ Inneign laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- ✓ Inneign greiðist út á minnst 10 árum.
- ✓ Inneign erfist.

Tryggingadeild

Hlutverk tryggingadeildar er að verja sjóðfélaga og þeirra nánustu fyrir tekjumissi vegna örorku, andláts eða langlífis. Með því að greiða í tryggingadeildina byggja sjóðfélagar upp réttindi til eftirfarandi lífeyris:

- ◆ *Ellilífeyrir* frá ákveðnum aldri til æviloka, t.d. eftir að greiðslu inneignar úr séreignardeild lýkur, sjá bls. 7.
- ◆ *Örorkulífeyrir* ef starfsorka skerðist vegna sjúkdóms eða slyss um 40% eða meira, sjá bls. 8.
- ◆ *Fjölskyldulífeyrir* við fráfall sjóðfélaga, sjá bls. 9.

Sjóðfélagar geta tengt saman lífeyrisgreiðslur úr séreignar- og tryggingadeild t.d. með því að tryggja sér ellilífeyri úr tryggingadeild til æviloka eftir að endurgreiðslu inneignar úr séreignardeild lýkur. Sjóðfélagar í séreignardeild geta varið hluta af inneign sinni til að kaupa ellilífeyrisréttindi í tryggingadeildinni.

Kostir tryggingadeildar:

- ✓ Sjóðfélagar geta varið sig fyrir tekjumissi vegna örorku.
- ✓ Lífeyrisgreiðslur til maka og barna við fráfall sjóðfélaga.
- ✓ Lífeyrisgreiðslur til æviloka.
- ✓ Sjóðfélagar geta keypt réttindi með eingreiðslu úr séreignardeild

Ellilífeyrir úr tryggingadeild

Sjóðfélagar geta safnað upp réttindum til ellilífeyris með greiðslum í tryggingadeild. Taka lífeyris getur hafist við 60 ára aldur og er lífeyrir greiddur til æviloka. Sjóðfélagar geta frestað töku lífeyris og aukast réttindin með ári hverju sem töku lífeyris er frestað. Réttindi til ellilífeyrisgreiðslna úr tryggingadeild falla niður við andlát sjóðfélaga.

Réttindi sjóðfélaga í tryggingadeild ráðast af aldri þegar iðgjald er greitt. Yngri sjóðfélagar fá meiri ellilífeyrisréttindi en eldri vegna þess að iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í lengri tíma en hjá þeim eldri auk þess sem líkur á langlífi aukast með aldri.

Ellilífeyrir - dæmi ef greitt er í eitt ár 10 þús.kr. á mán.

Aldur þegar iðgjald er greitt	25	35	45	55
Lífeyrir á mánuði frá 65 ára til æviloka	3.241	2.281	1.599	1.106
Lífeyrir á mánuði frá 70 ára til æviloka	3.526	2.482	1.740	1.203

Ellilífeyrir úr tryggingadeild:

- ✓ Langlífstrygging, þ.e. tryggir lífeyrisgreiðslur til æviloka.
- ✓ Taka lífeyris getur hafist við 60 ára aldur en réttindi aukast með hverju ári sem töku lífeyris er frestað.
- ✓ Hægt er að tryggja sér lífeyri til æviloka með greiðslum úr séreignardeild.

Örorkulífeyrir úr tryggingadeild

Sjóðfélagar geta varið sig fyrir tekjumissi vegna örorku af völdum sjúkdóms eða slyss með kaupum á örorkutryggingu í tryggingadeild. Miðað er við að hver sjóðfélagi velji hversu háa örorkutryggingu hann tekur en almennt er ráðlagt að sjóðfélagar tryggi sér 60%-80% af launum í örorkubætur að teknu tilliti til annarra bóta sem sjóðfélagi á rétt á, t.d. úr öðrum lífeyrissjóðum.

Sjóðfélagar greiða fyrir trygginguna ákveðið iðgjald sem ræðst af aldri sjóðfélagsans við greiðslu iðgjalda. Iðgjald fyrir örorkulífeyri er ódýrara fyrir yngri sjóðfélaga þar sem örorkulíkur eru mun lægri en hjá eldri sjóðfélögum.

Örorkulífeyrir - dæmi um mánaðarlegt iðgjald

Aldur þegar iðgjald er greitt	25	35	45	55
Lífeyrir 100 þús.kr. á mán. til 65 ára	940	1.345	2.669	5.239

Örorkutrygging:

- ✓ Mánaðarlegur örorkulífeyrir til 65 ára aldurs ef starfsorka skerðist um 40% eða meira vegna slyss eða sjúkdóms.
- ✓ Áframhaldandi lífeyrissparnaður, þ.e. hluta af örorkulífeyri varið til söfnunar réttinda í lífeyrisjóði.

Fjölskyldulífeyrir úr tryggingadeild

Sjóðfélagar geta varið fjölskyldu sína fyrir tekjumissi ef sjóðfélaginn fellur frá með því að kaupa fjölskyldulífeyristryggingu úr tryggingadeild. Sjóðfélagar velja sjálfir hversu háa tryggingu þeir kaupa en aðstæður sjóðfélaga eru mjög mismunandi, t.d. eftir efnahag og fjölskyldustærð.

Eftirlifendur sjóðfélaga geta valið um að fá fjölskyldulífeyrinn greiddan út á ákveðnum árafjölda eða lagt hann inn á sérreikning í séreignardeild. Iðgjald fjölskyldulífeyris ræðst af aldri sjóðfélagsans við greiðslu iðgjaldsins. Iðgjaldið er ódýrara fyrir yngri sjóðfélaga þar sem dánarlíkur þeirra eru mun lægri en hjá eldri sjóðfélögum.

Fjölskyldulífeyrir - dæmi um mánaðarlegt iðgjald

Aldur þegar iðgjald er greitt	25	35	45	55
Eingreiðsla 1 m.kr. við andlát sjóðfélags	84	107	208	618

Fjölskyldulífeyrir:

- ✓ Við andlát sjóðfélaga er greiddur fjölskyldulífeyrir til eftirlifandi maka og barna.
- ✓ Sjóðfélagar velja fjárhæð tryggingabóta.
- ✓ Þörfin er mest hjá ungum sjóðfélögum en minnkar eftir því sem inneign í séreignardeild og aðrar eignir vaxa.

Rekstraraðili, ráðgjöf til sjóðfélaga

Rekstraraðili *Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga* verður VÍB. Sjóðfélagar geta alltaf leitað til sérfræðinga hjá VÍB um ráðgjöf í lífeyrismálum og fjármálum almennt.

Lán til sjóðfélaga

Sjóðfélagar í *Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga* geta sótt um lán hjá sjóðnum til skemmri eða lengri tíma og mun ný stjórn sjóðsins ákveða lánareglur.

Búast má við að lánareglurnar verði að hluta til byggðar á lánareglum *Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands* sem veitir virkum sjóðfélögum lán að fjárhæð allt að 3,5 m.kr. til allt að 25 ára. Lánin eru verðtrygð og bera meðalvexti banka- og sparisjóða að frádregnu 2%, í febrúar 1997 eru vextimír 7,0%. Sjóðfélagar þurfa að geta lagt fram fasteignaveð til tryggingar láninu.

Ráðgjöf til sjóðfélaga:

- ✓ Lífeyrismál.
- ✓ Lífeyrstryggingar.
- ✓ Annar sparnaður.
- ✓ Lánamál. Útreikningur á greiðslubyrði.

Lán til sjóðfélaga:

- ✓ Lánsfjárhæð allt að 3,5 m.kr.
- ✓ Lánstími allt að 25 ár eða skemmri tími skv. óskum sjóðfélaga
- ✓ Verðtrygð lán.
- ✓ Hagstæðir vextir.

Dæmi um réttindi í Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga

Skipting iðgjalda

Hér er dæmi um inneign og réttindi í lífeyrissjóðnum hjá aðila sem greiðir í sjóðinn 25-64 ára af 100 þús.kr. launum. Taflan sýnir skiptingu iðgjalda á milli deildanna. Í dæminu er m.v. með 4% raunávöxtun.

Aldursbil	Séignardeild, %	Tryggingadeild, %
25-29	14	86
30-34	22	78
35-39	30	70
40-44	38	62
45-49	46	54
50-54	54	46
55-59	57	43
60-64	72	28

Inneign í séreignardeild

Í lok starfsævinnar á sjóðfélaginn inneign upp á tæpar 4 m.kr. sem dugar fyrir tæpum 30 þús.kr. á mánuði í 15 ár. Ef raunávöxtunin er hins vegar 5% yrði inneignin 4,7 m.kr og mánaðargreiðsla 37 þús.kr. Inneignin erfist við andlát sjóðfélaga.

Aldur	Inneign kr.	Lífeyrir í 15 ár
30 ára	92.651	682
35 ára	258.318	1.901
40 ára	512.820	3.775
45 ára	875.404	6.444
50 ára	1.369.486	10.081
55 ára	2.023.556	14.896
60 ára	2.819.186	20.900
65 ára	3.931.178	28.938

Réttindi í tryggingadeild

Sjóðfélaginn greiðir meira í tryggingadeildina framan af starfsævinni og byggir réttindi til ellilífeyris hratt upp. Hins vegar lækkar örorku- og fjölskyldulífeyrir um leið og inneign í séreignardeild vex og sjóðfélaginn eldist.

Aldur	Lífeyrir frá 65	Örorku- lífeyrir	Fjölsk.l. m.kr.
30 ára	15.968	75.000	4,8
35 ára	30.009	72.500	4,2
40 ára	41.823	70.000	3,6
45 ára	50.967	67.500	3,0
50 ára	56.892	65.000	2,4
55 ára	59.201	62.500	1,8
60 ára	59.594	60.000	1,2
65 ára	59.599	57.500	0,6

Ellilífeyrir

Þegar réttindi úr báðum deildunum eru lögð saman hefur sjóðfélaginn áunnið sér rétt til 88 þús.kr. frá 65-79 ára og 60 þús.kr. frá 80 ára aldri til æviloka. Ef taka lífeyris hefst 70 ára fær hann 113 þús.kr. 70-79 ára og 64 þús.kr. frá 80 ára aldri.

Lífeyrisaldur	65 ára	70 ára
Séreignardeild:		
Inneign, m.kr.	3,9	4,8
Lífeyrir 10 ár		48.262
Lífeyrir 15 ár	28.938	
Tryggingadeild:		
Ellilífeyrir	59.599	64.834
Lífeyrir samtals:		
65-79 ára	88.537	
70-79 ára		113.096
80 til æviloka	59.599	64.834

Fskj. 2.

Drög að reglugerð Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga.
(21. mars 1997.)

1. grein

Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Hlutverk sjóðsins

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.
- 2.2. Með maka er í reglugerð þessari átt við þann einstakling sem sjóðfélagi var í hjúskap með við andlát hans. Það sama gildir um þá sem voru í staðfestri samvist með sjóðfélagi skv. lögum nr. 87/1996.
- 2.3. Með börnum er í reglugerð þessari átt við börn sjóðfélaga, einnig börn og stjúpbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti síðustu tvö árin fyrir andlát hans.

3. grein

Aðild

- 3.1. Sjóðfélagar geta orðið allir arkitekta og tæknifræðingar en stjórn sjóðsins er heimilt að veita einstökum mönnum eða hópi aðild að sjóðnum, enda gegni þessir menn störfum, sem hliðstæð eru störfum arkitekta og tæknifræðinga.
- 3.2. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita þeim sem hafa lokið námi úr háskóla með 90 eininga B.S. gráðu eða sambærilegu námi inngöngu í sjóðinn.
- 3.3. Þeir, sem gerast vilja sjóðfélagar, skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntökuþeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.
- 3.4. Þeir sem eiga inneign eða réttindi í sjóðnum, teljast sjóðfélagar.

4. grein

Stjórn sjóðsins

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Stjórnarmenn eru kjörmir til þriggja ára í senn. Að jafnaði skulu kosnir tveir stjórnarmenn og einn til vara á aðalfundi en þriðja hvert ár skal þó kjósa einn stjórnarmann og einn til vara. Varamenn skulu kallaðir á stjórnarfundum í þeirri röð sem þeir voru kosnir.
- Stjórnin skal vera launuð og skal aðalfundur ákveða stjórnarlaun fyrir liðið ár.
- 4.2. Stjórn sjóðsins sér um rekstur hans samkvæmt reglugerð þessari. Hún skal halda gjörðabók og skrá í hana allar samþykktir. Til þess að samþykkt sé lögleg, þarf

meirihluti stjórnarinnar að greiða henni atkvæði. Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

- 4.3. Stjórninni er heimilt að ráða sérstakan starfsmann til að annast innheimtu sjóðsins og önnur afgreiðslustörf eða semja við lögaðila um rekstur sjóðsins.

5. grein

Aðalfundur og aukaaðalfundur

- 5.1. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl mánaðar hvert ár. Stjórnin skal boða fundinn með minnst 14 daga fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár.

Ennfremur skal boða fundinn með einni auglýsingu í dagblöðum. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

- 5.2. Á aðalfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á aðalfundi kjörmir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins.
5. Kosning stjórnar, sbr. grein 4.1.
6. Kosning félagslegra skoðenda, sbr. grein 6.1.
7. Önnur mál.

- 5.3. Atkvæðisrétt á aðalfundi eiga allir sjóðfélagar sem áttu inneign eða réttindi í sjóðnum um næstliðin áramót og hefur hver sjóðfélagi 1 atkvæði.
- 5.4. Aukaaðalfundur skal halda, þegar meirihluti sjóðstjórnar telur ástæðu til eða ef 50 sjóðfélagar krefjast þess. Aukaaðalfundur skal boða á sama hátt og aðalfundur. Aukaaðalfundur hefur heimild til að breyta reglugerð sjóðsins sbr. grein 20.1.

6. grein

Reikningar og endurskoðun

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og af tveimur félagslegum skoðendum sem kosnir eru á aðalfundi sjóðsins.
- 6.2. Stjórnin leggur endurskoðaða og undirritaða reikninga sjóðsins fyrir aðalfund hans til samþykktar. Þeir skulu liggja frammi sjóðfélögum til sýnis á þeim stað, sem sjóðurinn hefur afgreiðslu, í minnst hálfan mánuð fyrir aðalfund.

7. grein Iðgjöld

- 7.1. Iðgjöld í lífeyrissjóðinn vegna launþega skulu vera a.m.k. 10% af heildarlaunum þeirra.
- Sjóðfélagar, aðrir en launþegar, skulu a.m.k. greiða sem svarar til 10% af heildarlaunum af umsömdum byrjunarlaunum samkvæmt kjarasamningum Stéttarfélags tæknifræðinga eða Arkitektafélags Íslands.
- 7.2. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 7.3. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Sjóðfélagi ber að fylgjast með að iðgjaldagreiðslur berist sjóðnum. Ef sjóðfélagi tilkynnir ekki sjóðnum um vangoldin lífeyrисиðgjöld ber hann kostnað við innheimtu vangoldinna lífeyrисиðgjalda sem fallið hafa í gjaldldaga 19 mánuðum fyrir frestdag eða fyrr.
- 7.4. Gerist maður sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.
- 7.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsu-tryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi.

8. grein Ávöxtun á fé sjóðsins

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirgreindan hátt:

- 8.1. Í ríkisskuldabréfum.
- 8.2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
- 8.3. Í bönkum og sparisjóðum.
- 8.4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 50% af brunabótamati fasteignar eða markaðsverði hennar sé það álitid lægra.
- 8.5. Í skuldabréfum banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana en þeirra, sem að framan eru greindar, enda starfi þeir á grundvelli laga eða sérstakrar viðurkenningar Seðlabanka Íslands.
- 8.6. Í öðrum innlendum skuldabréfum en þeim sem að framan greinir, að því tilskildu að skuldabréfin séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands, eða erlendum skuldabréfum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París). Þó er óheimilt að verja meira en 20% af árlegu ráðstöfunarfé

sjóðsins til kaupa á slíkum verðbréfum og mega slík verðbréf, útgefin af einum einstökum skuldara aldrei nema hærra hlutfalli en 5% af heildareignum sjóðsins.

- 8.7. Í hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. lög nr. 11/1993 og reglur settar samkvæmt þeim, eða sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á innlendum eða erlendum hlutabréfum. Sjóðnum er þó óheimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í einstöku hlutafélagi og jafnframt er honum óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 2,5% af eignum sjóðsins til kaupa á hlutabréfum í einstöku hlutafélagi.
- 8.8. Í hlutdeildarskírteinum innlendra verðbréfasjóða sem starfa samkvæmt lögum nr. 10/1993 og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, eða í hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi í einu eða fleirum af aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja hærra hlutfalli en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og sjóðnum er óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 15% af eignum sínum til kaupa á hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða.
- 8.9. Stjórn LAT er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í eða taka þátt í stjórnarkjöri á aðalfundi hlutafélaga.

9. grein

Séreignar- og tryggingadeildir

- 9.1. Sjóðfélagar geta greitt iðgjald í séreignar- og/eða tryggingadeild. Framlag í tryggingadeild sé þó aldrei lægra en gildandi lög um lágmarks tryggingarvernd lífeyrissjóða á hverjum tíma. Láti sjóðfélagar ekki vita um skiptingu iðgjalda á milli deilda skal skipta iðgjaldi sjóðfélaga sbr. eftirfarandi töflu:

Tafla 1: Sjálfgæfin skipting iðgjalda á milli deilda,
þ.e. skipting iðgjalda ef sjóðfélagi óskar ekki eftir annarri skiptingu

Aldur	Örorkulífeyrir			Fjölskyldulífeyrir		Elliífeyrir		Trygginga- deild alls	Séreignar- deild
	Tryggir x% af launum (1)	Geymd réttindi (2)	Árleg réttindi (3)	Iðgjald sem % af launum	Tryggir fj. árslauna	Iðgjald sem % af launum	Iðgjald sem % af launum		
17	75,0%	1,2%	73,8%	0,6%	4,0	0,4%	8,1%	9,0%	1,0%
18	75,0%	1,2%	72,6%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
19	75,0%	1,2%	71,4%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
20	75,0%	1,2%	70,2%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
21	75,0%	1,2%	69,0%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
22	75,0%	1,2%	67,8%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
23	75,0%	1,2%	66,6%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
24	75,0%	1,2%	65,4%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
25	75,0%	1,2%	64,2%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
26	75,0%	1,2%	63,0%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
27	75,0%	1,2%	61,8%	0,6%	4,0	0,4%	8,0%	9,0%	1,0%
28	75,0%	1,2%	60,6%	0,6%	4,0	0,4%	7,9%	9,0%	1,0%
29	75,0%	1,2%	59,4%	0,7%	4,0	0,4%	7,9%	9,0%	1,0%
30	72,5%	1,2%	55,7%	0,7%	3,5	0,4%	7,5%	8,5%	1,5%
31	72,5%	1,2%	54,5%	0,7%	3,5	0,4%	7,4%	8,5%	1,5%
32	72,5%	1,2%	53,3%	0,7%	3,5	0,4%	7,4%	8,5%	1,5%
33	72,5%	1,2%	52,1%	0,7%	3,5	0,4%	7,4%	8,5%	1,5%
34	72,5%	1,2%	50,9%	0,7%	3,5	0,4%	7,4%	8,5%	1,5%
35	70,0%	1,2%	47,2%	0,7%	3,0	0,4%	6,9%	8,0%	2,0%
36	70,0%	1,2%	46,0%	0,7%	3,0	0,4%	6,9%	8,0%	2,0%
37	70,0%	1,2%	44,8%	0,7%	3,0	0,4%	6,9%	8,0%	2,0%
38	70,0%	1,2%	43,6%	0,7%	3,0	0,4%	6,8%	8,0%	2,0%
39	70,0%	1,2%	42,4%	0,7%	3,0	0,5%	6,8%	8,0%	2,0%
40	67,5%	1,2%	38,7%	0,7%	2,5	0,4%	6,3%	7,5%	2,5%
41	67,5%	1,2%	37,5%	0,8%	2,5	0,5%	6,3%	7,5%	2,5%
42	67,5%	1,2%	36,3%	0,8%	2,5	0,5%	6,3%	7,5%	2,5%
43	67,5%	1,2%	35,1%	0,8%	2,5	0,5%	6,2%	7,5%	2,5%
44	67,5%	1,2%	33,9%	0,8%	2,5	0,6%	6,2%	7,5%	2,5%
45	65,0%	1,2%	30,2%	0,8%	2,0	0,5%	5,7%	7,0%	3,0%
46	65,0%	1,2%	29,0%	0,8%	2,0	0,5%	5,7%	7,0%	3,0%
47	65,0%	1,2%	27,8%	0,8%	2,0	0,6%	5,6%	7,0%	3,0%
48	65,0%	1,2%	26,6%	0,8%	2,0	0,7%	5,6%	7,0%	3,0%
49	65,0%	1,2%	25,4%	0,7%	2,0	0,7%	5,5%	7,0%	3,0%
50	62,5%	1,2%	21,7%	0,7%	1,5	0,6%	5,2%	6,5%	3,5%
51	62,5%	1,2%	20,5%	0,7%	1,5	0,7%	5,1%	6,5%	3,5%
52	62,5%	1,2%	19,3%	0,7%	1,5	0,7%	5,1%	6,5%	3,5%
53	62,5%	1,2%	18,1%	0,6%	1,5	0,8%	5,0%	6,5%	3,5%
54	62,5%	1,2%	16,9%	0,6%	1,5	0,9%	5,0%	6,5%	3,5%
55	60,0%	1,2%	13,2%	0,5%	1,0	0,7%	4,8%	6,0%	4,0%
56	60,0%	1,2%	12,0%	0,5%	1,0	0,7%	4,8%	6,0%	4,0%
57	60,0%	1,2%	10,8%	0,4%	1,0	0,8%	4,7%	6,0%	4,0%
58	60,0%	1,2%	9,6%	0,4%	1,0	0,9%	4,7%	6,0%	4,0%
59	60,0%	1,2%	8,4%	0,3%	1,0	1,0%	4,7%	6,0%	4,0%
60	57,5%	1,2%	4,7%	0,2%	0,5	0,6%	4,2%	5,0%	5,0%
61	57,5%	1,2%	3,5%	0,2%	0,5	0,6%	0,0%	0,8%	6,0%
62	57,5%	1,2%	2,3%	0,1%	0,5	0,7%	0,0%	0,8%	7,0%
63	57,5%	1,2%	1,1%	0,1%	0,5	0,8%	0,0%	0,8%	8,0%
64	57,5%	1,2%	0,0%	0,0%	0,5	0,8%	0,0%	0,9%	9,0%
65+	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%

(1) Summa geymdra réttinda og árlegra réttinda.

(2) Árleg geymd réttindi sbr. grein 12.3.

(3) Árleg réttindi sbr. grein 12.2.

9.2. Nettótekjur lífeyrissjóðsins á ári skiptast á milli séreignar- og tryggingadeildar í hlutfalli við eign hvorrar deildar um sig í byrjun árs og inn- og útborganir á árinu.

- 9.3. Sjóðfélagar geta keypt sér aukna tryggingarvernd með eingreiðslu úr séreignardeild en þá reiknast réttindi í tryggingadeild miðað við aldur sjóðfélaga þegar eingreiðslan fór fram. Stjórn sjóðsins skal óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum. Ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur heilsu hans verulega ábótavant eða verulegar líkur á að sjóðfélaginn þurfi að sækja um örorkulífeyri eða fjölskylda hans um fjölskyldulífeyri á næstu misserum skal stjórn sjóðsins hafna beiðni hans um réttindi í tryggingadeild.

10. grein Séreignardeild

- 10.1. Fé það sem lagt er inn í séreignardeild í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélagi þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem séreignardeildinni áskotnast vegna eignar hans í séreignardeildinni.
- 10.2. Nettótekjur séreignardeildar skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig í séreignardeildinni og færast árlega á sérreikning þeirra.
- 10.3. Inneignir sjóðfélaga í séreignardeildinni greiðast þannig:

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá greidda inneign sína í sjóðnum, og skal sú greiðsla fara fram með jöfnum árgreiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum, sbr. þó 3. málsgrein þessarar greinar.

Deyi sjóðfélagi, skal inneign hans ganga til erfingja eftir þeim reglum, er hér greinir:

- a) Láti sjóðfélagi eftir sig maka en enga aðra skylduerfingja skal greiða alla inneignina til makans.
- b) Láti sjóðfélagi eftir sig börn en ekki maka, skiptist inneignin milli barnanna eftir erfðareglum, þannig að hvert barn fái jafna árgreiðslu.
- c) Láti sjóðfélagi eftir sig börn og eftirlifandi maka, skiptist inneignin þannig að fyrst skal reikna makanum helming inneignarinnar. Hinn helmingurinn skal skiptast eftir erfðareglum.
- e) Láti sjóðfélagi ekki eftir sig skylduerfingja skal inneignin skiptast eftir erfðareglum.

Hluta barna innan 18 ára aldurs ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár, eða þau ár sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er. Greiðslur til maka (og barna eldri en 18 ára) skulu fara fram með jöfnum árlegum greiðslum, eigi skemur en á 10 árum. Um skilgreiningu á maka og börnum vísast til gr. 2.2. í reglugerð þessari. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi er stjórn sjóðsins heimilt að víkja frá tímamörkum endurgreiðslu inneignar.

- 10.4. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá ákvæðum um dreifingu greiðslna, ef innstæðan er svo lítil, að árgreiðslur geta ekki náð eftirtöldum hundraðshlutum þeirra launa, sem sjóðfélaginn greiddi síðast iðgjöld af í sjóðinn.
- a) Til sjóðfélaga 25%.
 - b) Til eftirlifandi ekkju 15%.
 - c) Til hvers barns 4%.

Þá má stytta greiðslutímann svo, að árlegar greiðslur nemi ofangreindum fjárhæðum. Við ákvörðun árgreiðslna, skal reiknað með áætlun á vöxtum, sem færast eiga á sérreikninga samkvæmt 10.2.

11. grein Tryggingadeild - ellilífeyrir

- 11.1. Réttindi sjóðfélaga til ellilífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í ellilífeyrisdeild tryggingaeldar ár hvert. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga sbr. meðfylgjandi töflu 2:

Tafla 2: Ellilífeyrir á mánuði til æviloka frá 65 ára aldri fyrir hverjar 100.000 kr. nettógreiðslu á afmælisdegi sjóðfélaga

Ellilífeyrir		Ellilífeyrir		Ellilífeyrir		Ellilífeyrir	
Aldur	til æviloka	Aldur	til æviloka	Aldur	til æviloka	Aldur	til æviloka
17	3.575	29	2.348	41	1.538	53	994
18	3.452	30	2.267	42	1.484	54	958
19	3.333	31	2.188	43	1.432	55	922
20	3.218	32	2.113	44	1.381	56	887
21	3.108	33	2.040	45	1.333	57	853
22	3.001	34	1.969	46	1.286	58	820
23	2.897	35	1.901	47	1.240	59	788
24	2.797	36	1.835	48	1.196	60	757
25	2.701	37	1.772	49	1.153	61	726
26	2.608	38	1.710	50	1.112	62	697
27	2.518	39	1.651	51	1.071	63	668
28	2.431	40	1.593	52	1.032	64	639

- 11.2. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er 65 ára, á rétt á ellilífeyri hafi hann valið að greiða í tryggingadeild ellilífeyris. Ellilífeyrir er greiddur sem föst fjárhæð á mánuði til dauðadags skv. uppsöfnuðum réttindum sbr. grein 11.1. Er þá greiddur ellilífeyrir mánaðarlega, meðan sjóðfélaginn er á lífi. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris í allt að 15 ár eða flýta töku hans um allt að 5 ár og breytist þá fjárhæð mánaðargreiðslu til æviloka skv. töflu 3. Tafla 3, sýnir upphæð mánaðargreiðslu miðað við mismunandi aldur við töku ellilífeyris. Taflan jafngildir rétti til 100.000 kr. greiðslu á mánuði til æviloka frá 65 ára aldri. Taflan sýnir einnig stuðla til að reikna fjárhæð mánaðargreiðslu til æviloka m.v. stuðulinn 1,0 við 65 ára aldur.

Tafla 3: Greiðsla á mánuði til æviloka m.v. rétt til 100.000 kr. greiðslu frá 65 ára aldri

Aldur	Ellilífeyrir til æviloka	Stuðlar	Aldur	Ellilífeyrir til æviloka	Stuðlar
60	70.940	0,7094	71	162.058	1,6206
61	75.721	0,7572	72	177.344	1,7734
62	80.954	0,8095	73	194.710	1,9471
63	86.699	0,8670	74	214.530	2,1453
64	93.022	0,9302	75	237.260	2,3726
65	100.000	1,0000	76	263.461	2,6346
66	107.725	1,0773	77	293.829	2,9383
67	116.304	1,1630	78	329.229	3,2923
68	125.863	1,2586	79	370.747	3,7075
69	136.551	1,3655	80	419.761	4,1976
70	148.546	1,4855			

- 11.4. Við notkun taflanna ber að miða við lífaldur sjóðfélaga. Hækkun vegna frestunar samkvæmt töflu 3 reiknast í heilum mánuðum miðað við lífaldur og er breyting á milli ára í töflu 3 jöfnuð út línulega með fjölda mánaða. Fyrsta frestun reiknast þegar þegar sjóðfélagi er a.m.k. 65 ára og eins mánaða gamall.

12. grein

Tryggingadeild - örorkulífeyrir

- 12.1. Sjóðfélagar geta keypt sér rétt til örorkulífeyris úr tryggingadeild og fer tryggingavernd eftir töflum 4 og 5 sbr. greinar 12.2. og 12.3. Hámarks tryggingavernd örorkulífeyris skal taka mið af launum síðustu 12 mánaða og aldrei vera hærri en 100% af launum sjóðfélaga.

Vilji sjóðfélagi hækka örorkutryggingu sína getur sjóðurinn krafist læknisvottorða áður en samþykkt er að hækka fjárhæðina. Ef örorkutrygging skv. vali sjóðfélaga hækkar um meira en 25% á ári skal stjórn sjóðsins óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum. Ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur heilsu hans verulega ábótavand eða verulegar líkur á að sjóðfélaginn þurfi að sækja um örorkulífeyri á næstu misserum skal stjórn sjóðsins hafna beiðni hans um aukna örorkuvernd.

- 12.2. Upphæð örorkulífeyris fer eftir töflu 4. Hún sýnir það iðgjald sem samsvarar einnar milljónar króna örorkubótum á ári frá örorkudegi til 65 ára aldurs. Iðgjaldið hækkar/lækkar hlutfallslega með bótafjárhæð.

Tafla 4: Nettó ársiðgjald fyrir örorkubætur sem eru 1.000.000 kr. á ári til 65 ára aldurs

Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald
17	8.662	29	10.402	41	19.756	53	47.332
18	8.699	30	10.757	42	21.258	54	49.992
19	8.746	31	11.165	43	22.911	55	52.391
20	8.810	32	11.631	44	24.715	56	54.365
21	8.890	33	12.165	45	26.692	57	55.696
22	8.985	34	12.771	46	28.830	58	56.104
23	9.105	35	13.455	47	31.133	59	55.229
24	9.240	36	14.237	48	33.588	60	52.622
25	9.405	37	15.104	49	36.184	61	47.702
26	9.600	38	16.086	50	38.908	62	39.734
27	9.829	39	17.182	51	41.705	63	27.803
28	10.094	40	18.402	52	44.537	64	10.743

Iðgjaldið er greitt eitt ár fyrirfram á afmælisdegi.

- 12.3. Sjóðfélagar geta einnig keypt réttindi til örorkulífeyris sem geymast til 65 ára aldurs. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til örorkulífeyris fer eftir töflu 5. Hún sýnir það iðgjald sem samsvarar eitt hundrað þúsund króna örorkubótum á ári frá örorkudegi til 65 ára aldurs. Iðgjaldið hækkar/lækkar hlutfallslega með bótafjárhæð.

Tafla 5: Nettó iðgjald fyrir geymd réttindi til örorkubóta sem eru 100.000 kr. á ári til 65 ára aldurs.

Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald
17	41.069	29	49.113	41	55.684	53	43.327
18	41.658	30	49.831	42	55.773	54	40.428
19	42.266	31	50.542	43	55.727	55	37.170
20	42.891	32	51.240	44	55.529	56	33.557
21	43.533	33	51.921	45	55.158	57	29.612
22	44.191	34	52.576	46	54.592	58	25.373
23	44.864	35	53.198	47	53.811	59	20.911
24	45.550	36	53.779	48	52.791	60	16.329
25	46.248	37	54.308	49	51.510	61	11.781
26	46.956	38	54.776	50	49.944	62	7.492
27	47.672	39	55.171	51	48.071	63	3.777
28	48.392	40	55.478	52	45.871	64	1.074

Iðgjaldið er greitt fyrirfram á afmælisdegi. Réttindin geymast til 65 ára aldurs.

Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

- 12.4. Sjóðfélagi sem vegna örorku verður vanhæfur til að gegna starfi sínu á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum hafi hann valið slíka tryggingu og greitt fyrir hana á undanförmum 12 mánuðum eða eigi geymd réttindi sbr. grein 12.3.
- 12.5. Ákveðnum hluta örorkulífeyrisgreiðslna skal varið til kaupa á lífeyrisréttindum í séreignar- og tryggingadeild kjósi sjóðfélaginn svo.

- 12.6. Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins eða tryggingayfirlæknir meta læknisfræðilega örorku að minnsta kosti 40% (örorkuprósentu). Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.
- 12.7. Örorkumatið skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Telji stjórn sjóðsins að þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.
- Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá stafsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.
- 12.8. Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 12.9. Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem gæti leitt til betra heislufars og hæfni til þess að afla sér launatekna í framtíðinni.
- 12.10. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr tryggingadeild eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 12.11. Ef sjóðfélagi hættir að greiða í tryggingadeildina og segir ekki upp örorkutryggingunni framlengist örorkutryggingin sjálfkrafa í þrjú ár. Upphæð örorkulífeyris og iðgjald lækkar þá niður í 75% fyrsta árið eftir að sjóðfélagi hættir greiðslu, niður í 50% annað árið og í 25% þriðja árið. Iðgjald fyrir örorkutrygginguna er tekið af ellilífeyrisréttindum. Ef sjóðfélaginn á ekki ellilífeyrisréttindi fellur örorkutryggingin niður.

13. grein

Tryggingadeild - fjölskyldulífeyrir

- 13.1. Sjóðfélagar geta keypt sér rétt til fjölskyldulífeyris úr tryggingadeild og fer tryggingavernd eftir töflum 6,7 og 8 sbr. greinar 13.2., 13.3. og 13.4. Hámarks fjárhæð fjölskyldulífeyris þegar sjóðfélagi velur fjölskyldulífeyristryggingu í fyrsta sinn án læknisskoðunar skal miðast við eftirtalin fjárhæðarmörk:
- | | |
|-------------|---------|
| 17 - 40 ára | 8 m.kr. |
| 41 - 45 ára | 6 m.kr. |
| 46 - 50 ára | 4 m.kr. |
| 51 - 60 ára | 3 m.kr. |
| 61 - 64 ára | 0 kr. |

Ofangreindar fjárhæðir breytast með vísitölu neysluverðs frá apríl 1997, gildi 178,4.

Vilji sjóðfélagi hækka fjölskyldulífeyrstryggingu sína getur sjóðurinn krafist læknisvottorða áður en samþykkt er að hækka fjárhæðina. Ef fjölskyldulífeyrir skv. vali sjóðfélaga hækkar um meira en 25% á ári skal stjórn sjóðsins óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum enda fari fjárhæð fjölskyldulífeyris umfram framangreind fjárhæðamörk. Ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur heilsu hans verulega ábótavant eða verulegar líkur á að fjölskylda sjóðfélagans þurfi að sækja um fjölskyldulífeyri á næstu misserum skal stjórn sjóðsins hafna beiðni hans um aukinn fjölskyldulífeyri.

- 13.2. Upphæð iðgjalds fyrir fjölskyldulífeyri sem er 1.000.000 króna eingreiðsla við fráfall sjóðfélaga er sýnt í töflu 6 og hækkar/lækkar hlutfallslega miðað með bótafjárhæð.

Tafla 6: Nettó ársiðgjald fyrir fjölskyldubætur sem eru 1.000.000 kr. ef viðkomandi sjóðfélagi deyr á árinu

Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald
17	969	29	1.071	41	1.808	53	5.425
18	971	30	1.094	42	1.947	54	6.018
19	974	31	1.121	43	2.105	55	6.676
20	977	32	1.153	44	2.285	56	7.411
21	982	33	1.189	45	2.491	57	8.225
22	987	34	1.233	46	2.723	58	9.129
23	994	35	1.284	47	2.987	59	10.129
24	1.002	36	1.343	48	3.284	60	11.234
25	1.011	37	1.411	49	3.619	61	12.453
26	1.022	38	1.491	50	3.997	62	13.797
27	1.036	39	1.582	51	4.420	63	15.276
28	1.052	40	1.687	52	4.895	64	16.901

Iðgjaldið er greitt eitt ár fyrirfram á afmælisdegi.

- 13.3. Sjóðfélagar geta einnig keypt réttindi til fjölskyldubóta sem geymast til 65 ára aldurs. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til fjölskyldubóta fer eftir töflu 7. Hún sýnir það iðgjald sem samsvarar eitt hundrað þúsund króna fjölskyldubóta ef viðkomandi sjóðfélagi deyr fyrir 65 ára aldur.

Tafla 7: Nettó iðgjald fyrir fjölskyldubætur sem
100.000 kr. ef viðkomandi sjóðfélagi deyr fyrir 65 ára

Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald
17	5.581	29	7.022	41	8.824	53	9.307
18	5.681	30	7.164	42	8.962	54	9.121
19	5.785	31	7.310	43	9.092	55	8.872
20	5.893	32	7.458	44	9.212	56	8.550
21	6.004	33	7.609	45	9.320	57	8.143
22	6.118	34	7.761	46	9.412	58	7.641
23	6.237	35	7.915	47	9.486	59	7.029
24	6.359	36	8.070	48	9.538	60	6.291
25	6.484	37	8.225	49	9.564	61	5.410
26	6.613	38	8.379	50	9.559	62	4.366
27	6.746	39	8.531	51	9.519	63	3.135
28	6.882	40	8.679	52	9.437	64	1.690

Iðgjaldið er greitt eitt ár fyrirfram á afmælisdegi. Réttindin falla niður við 65 ára aldur.

Geymd réttindi eru verðtrygð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

- 13.4. Sjóðfélagar geta einnig keypt réttindi til fjölskyldulífeyris sem geymast til æviloka. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til fjölskyldubóta fer eftir töflu 8. Hún sýnir það iðgjald sem samsvarar eitt hundrað þúsund króna fjölskyldubóta þegar viðkomandi sjóðfélagi deyr.

Tafla 8: Nettó iðgjald fyrir fjölskyldubætur sem eru
100.000 kr. þegar viðkomandi sjóðfélagi deyr

Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald
17	15.111	29	21.599	41	31.206	53	44.412
18	15.555	30	22.269	42	32.170	54	45.657
19	16.015	31	22.961	43	33.160	55	46.919
20	16.491	32	23.675	44	34.176	56	48.198
21	16.984	33	24.413	45	35.218	57	49.491
22	17.494	34	25.175	46	36.285	58	50.797
23	18.022	35	25.961	47	37.376	59	52.114
24	18.569	36	26.772	48	38.492	60	53.441
25	19.135	37	27.607	49	39.632	61	54.775
26	19.720	38	28.469	50	40.795	62	56.114
27	20.326	39	29.355	51	41.980	63	57.456
28	20.952	40	30.268	52	43.186	64	58.800

Iðgjaldið er greitt eitt ár fyrirfram á afmælisdegi.

Geymd réttindi eru verðtrygð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

- 13.5. Maki og börn sjóðfélaga öðlast rétt til fjölskyldulífeyris úr tryggingadeild við andlát sjóðfélaga hafi sjóðfélagi valið slíka tryggingu og greitt til sjóðsins næstu 12 mánuði fyrir andlát eða eigi geymd réttindi sbr. greinar 13.3. og 13.4.
- 13.6. Maki eða börn geta ákveðið að í stað eingreiðslu greiðist fjölskyldulífeyririnn út mánaðarlega á ákveðnu árabili.

- 13.7. Ef sjóðfélagi hættir að greiða í tryggingadeildina og segir ekki upp fjölskyldulífeyris-tryggingunni framlengist hún sjálfkrafa í þrjú ár. Upphæð fjölskyldulífeyris og iðgjald lækkar þá niður í 75% fyrsta árið eftir að sjóðfélagi hættir greiðslu, niður í 50% annað árið og í 25% þriðja árið. Iðgjald fyrir fjölskyldulífeyristrygginguna er þá tekið af ellilífeyrisréttindum. Ef sjóðfélaginn á ekki ellilífeyrisréttindi fellur fjölskyldulífeyristryggingin niður.

14. grein

Tryggingafræðileg athugun og bónusgreiðslur

- 14.1. Árlega skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing til þess að meta stöðu tryggingadeildar sjóðsins. Hann skal semja skýrslu til stjórnar sjóðsins um athugun sína og skal hún liggja frammi á aðalfundi.
- 14.2. Við mat á stöðu tryggingadeildar og greiðslugetu í framtíðinni skal gengið út frá spá um 3,5% ávöxtun. Almenn er miðað við að úttektin taki mið af reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar úttektir.
- 14.3. Ef eignir tryggingadeildar reynast meiri en skuldbindingar sjóðsins skal deila út bónus til sjóðfélaga sem hækkar rétt þeirra til lífeyris úr tryggingadeild. Á sama hátt skal skerða réttindi sjóðfélaga ef eignir tryggingadeildar nægja ekki fyrir skuldbindingum. Tryggingafræðingur sjóðsins skal gera tillögur um það til sjóðstjórnar ef hann telur ástæðu til þess að úthluta bónus eða skerða réttindi.

15. grein

Tilhögun lífeyrisgreiðslna

- 15.1. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg.
- 15.2. Lífeyrir greiðist mánaðarlega.
- 15.3. Lífeyrir úr tryggingadeild skal greiddur fyrir þann mánuð, sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. Hafi ekki borist umsókn um ellilífeyri við 70 ára aldur sjóðfélaga skal hefja greiðslur ellilífeyris án umsóknar, nema að sérstök umsókn berist frá sjóðfélagi um frestun lífeyrisgreiðslna.
- 15.4. Stjórn sjóðsins er ekki skylt að greiða örorkulífeyri úr tryggingadeild lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn barst sjóðnum.
- 15.5. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.

16. grein
Endurgreiðslur iðgjalda.

- 16.1. Nú gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum sjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem starfsleyfi hefur, lögum samkvæmt eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir og er stjórn sjóðsins þá heimilt að greiða alla inneign sjóðfélagsins í séreignardeild í einu lagi. Það er skilyrði þess að greiða megi alla inneignina í einu lagi að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda um samskipti lífeyrissjóða.
- 16.2. Endurgreiðslufjárhæðin úr séreignardeild er inneign sjóðfélaga að fráregnum kostnaði sem nemur einu prósentu af séreign viðkomandi sjóðfélaga.

17. grein
Upplýsingaskylda

- 17.1. Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um inneign þeirra í séreignardeild og réttindi í tryggingadeild með því að senda a.m.k. yfirlit tvisvar á ári.

18. grein
Framsal, verðsetning og aðför lífeyris

- 18.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir og réttindi í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.
- 18.2. Lífeyrisgreiðslur eru undanþegnar aðför.

19. grein
Gerðardómur

- 19.1. Vilji sjóðfélagi eða erfingjar sjóðfélaga ekki hlíta ákvörðun sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn er honum heimilt að leggja málið fyrir gerðardóm. Sjóðfélagi skal þá tilkynna stjórn sjóðsins ákvörðun sína bréflaga innan mánaðar eftir að honum varð kunnugt um ákvörðun hennar. Útnefning gerðardómsmanna fer þannig fram að sjóðstjórnin og sjóðfélagi tilnefna hvor sinn manninn innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningar sjóðfélaga. Hinir tilnefndu gerðardómsmenn koma sér svo saman um oddamann, en takist þeim það ekki skal oddamaður skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Gerðardómur kveður á um greiðslu málskostnaðar milli aðila, þ.m.t. kostnaðar sem leiðir af starfsemi gerðardómsins. Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðardómsmönnum sem að dómi standa. Ef gerðardómsleiðin er valin er hún bindandi fyrir báða aðila.

20. grein
Breytingar á reglugerðinni

- 20.1. Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins löglegar að þær hafi verið samþykktar af löglegum aðalfundi sjóðsins eða löglegum aukaáðalfundi með atkvæðum a.m.k. 10% allra sjóðfélaga eða að breytingin hafi verið samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða á 2 aðalfundum (eða aðalfundi og aukaáðalfundi) sem haldnir eru í röð. Tillagna til lagabreytinga skal hafa borist stjórn sjóðsins að minnsta kosti einum mánuði fyrir aðalfund og ber að geta hennar í fundarboði.

21. grein
Gildistaka

- 21.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1997 og kemur í stað eldri reglugerða Lífeyrissjóðs arkitekta og Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Flutningur á réttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði arkitekta yfir í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga miðast við 1. janúar 1997 og verður sjóðfélögum tryggð eftirfarandi réttindi m.v réttindi í Lífeyrissjóði arkitekta 31.12.1996:
 1. Ellilífeyrisrétti frá 65 ára aldri sem svara til áunninna réttinda frá 65 ára aldri í Lífeyrissjóði arkitekta.
 2. Örorkuréttindi til 65 ára aldurs sem svara til áunninna örorkuréttinda í Lífeyrissjóði arkitekta.
 3. Fjölskyldulífeyrir við fráfall sjóðfélaga þannig að eftirlifandi maki fái greiddan fjölskyldulífeyri sem svarar til þess að fá áunnin eftirlaunaréttindi m.v. 65 ára aldur greiddan í tvö ár.

Í júní 1996 verður sjóðfélögum í Lífeyrissjóði arkitekta sent bréf þar sem þeim gefst kostur á að gera athugasemdir við flutning réttinda yfir í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga fyrir 1. ágúst 1997. Ef athugasemdir berast á réttum tíma hefur stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga heimild til að taka tillit til þeirra.

2. Örorkuskuldbinding Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands verður flutt yfir í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga miðað við 1. janúar 1997. Allir sjóðfélagar sem áttu örorkuréttindi í LTFÍ 31.12.1996 fá sambærileg örorkuréttindi til 65 ára aldurs í Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga og greiða fyrir hana af séreign sinni við stofnun sjóðsins. Í júní 1997 verður viðkomandi sjóðfélögum sent bréf og þeim gefinn kostur á að segja tryggingunni skriflega upp fyrir 1. ágúst 1997 og fá iðgjaldið endurgreitt inn á séreignarreikning sinn.
3. Á aðalfundi Lífeyrissjóði arkitekta 1997 verður kosinn einn stjórnarmaður í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga til þriggja ára. Á aðalfundi Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands 1997 verður kosinn einn stjórnarmaður til þriggja ára og einn varamaður. Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta mun síðan tilnefna einn stjórnarmann til tveggja ára og einn varamann til eins árs. Stjórn Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands mun tilnefna tvo stjórnarmenn til eins og tveggja ára og einn varamann til tveggja ára.

Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga verður þá þannig skipuð:

		Sitja í 1 ár : 1997-1998.	Sitja í 2 ár : 1997-1999:	Sitja í 3 ár: 1997-2000:	Samtals
La	Aðalmenn		1 tilnefndur af stjórn	1 kosinn á aðalfundi La 1997.	2 aðalmenn
	Varamenn	1 tilnefndur af stjórn			1 varamaður
LTFÍ	Aðalmenn	1 tilnefndur af stjórn	1 tilnefndur af stjórn	1 kosinn á aðalfundi LTFÍ 1997.	3 aðalmenn
	Varamenn		1 tilnefndur af stjórn	1 kosinn á aðalfundi LTFÍ 1997.	2 varamenn
Samtals		1 stjórnarmaður 1 varamaður	2 stjórnarmaður 1 varamaður	2 stjórnarmenn 1 varamaður	5 aðalmenn 3 varamenn

4. Á aðalfundum Lífeyrissjóði arkitekta og Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands 1997 skal kjósa einn félagslegan skoðanda á hvorum fundi fyrir Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga til eins árs.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Sambands almennra lífeyrissjóða.

(29. apríl 1997.)

Samband almennra lífeyrissjóða hefur yfirfarið frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tekið er undir nauðsyn þess að sett verið heildstæð löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Þá tekur SAL heils hugar undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð frumvarpsins „að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyriskerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum“ og „að ýmsar þjóðir séru nú í óðaönn að breyta lífeyriskerfum í hátt við það sem Íslendingar búa við“.

Það skýtur því nokkuð skökku við að frumvarp þetta skuli hafa verið samið án nokkurs samráðs við aðila vinnumarkaðarins er byggt hafa upp framúrskarandi lífeyriskerfi sem tryggir öllum ævilangan lífeyri, auk örorku- og fjölskyldulífeyris. Samband almennra lífeyrissjóða telur þess vegna að ekki komi til greina að hróflað verði við þeirri skylduaðild sem nú er að lífeyrissjóðum, þ.e. að lífeyristryggingar séu tengdar starfi, þannig að skýrt sé hvaða lífeyrissjóður ber ábyrgð á lífeyristryggingum viðkomandi starfsgreinar. Þetta fyrirkomulag hefur reynt okkur Íslendingum vel og verið talið til fyrirmyndar meðal annarra þjóða.

Jafnframt telur SAL að óhjákvæmilegt sé að lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði fái heimildir til að taka við viðbótariðgjaldi til séreignardeilda, ekki síst þar sem rekstrar-kostnaður sameignarsjóða er mjög lágur og langtum lægri en rekstur banka, tryggingafélaga og verðbréfafyrirtækja sem ein eiga að fá slíkar heimildir ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd.

Tekið er undir þau sjónarmið að í lögum um starfsemi lífeyrissjóða séu ákvæði um lágmarkstryggingarvernd en sambandsstjórnin telur þó að þau ákvæði séu ekki nógu ítarleg í fyrirliggjandi frumvarpi. Nauðsynlegt er að saman fari skylda starfandi manna til að tryggja sér lífeyrisréttindi og skylda viðkomandi lífeyrissjóða til að greiða lágmarkslífeyri.

Samband almennra lífeyrissjóða telur nauðsynlegt að almennur lagarammi verði settur á yfirstandandi þingi um íslenska lífeyrissjóðakerfið og er sambandið tilbúið að leggja sitt af mörkum í samráði við stjórnvöld og hagsmunasamtök aðila vinnumarkaðarins til þess að svo megi verða. Að leiðarljósi verður þá að viðurkenna þá staðreynd í verki að við Íslendingar búum við gott lífeyriskerfi sem byggir á skylduaðild, sjóðsöfnun og samtryggingu sjóðfélaganna og að ekki komi til greina að raska þessum grundvallarþáttum íslenska lífeyrissjóðakerfisins.

Samband almennra lífeyrissjóða er þjónustustofnun og málsvari þeirra lífeyrissjóða sem eru á samningssviði heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna tekur SAL undir öll þau meginsjónarmið sem fram koma í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um umrætt frumvarp.

Með bestu kveðjum,
Samband almennra lífeyrissjóða,

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri SAL.

Fylgiskjal VIII.**Umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga.
(30. apríl 1997.)**

1. Af hálfu Sambands íslenskra tryggingafélaga og aðildarfélaga þess hefur ítrekað verið bent á nauðsyn úrbóta og aukins frelsis í lífeyrismálum. Samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda væri öllum landsmönnum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar, hvort sem menn vilji eða ekki. Vátryggingafélögum á sviði líf- og lífeyristrygginga væri á hinn bóginn nánast gert ókleift að láta að sér kveða á þessu sviði, bæði vegna lögbvingaðrar aðildar manna að lífeyrissjóðum og einnig vegna ýmissa ákvæða t.d. í skattalöggjöf, sem skekkir samkeppnisstöðu vátryggingarfélaganna gagnvart lífeyrissjóðunum og öðrum hefðbundnum sparnaðarformum. Verði það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar að lögum óbreytt, er ljóst að engin breyting verður í þessu efni. Að halda því fram, að frumvarp þetta stuðli að auknu valfrelsi í lífeyrismálum landsmanna eru öfugmæli.
2. Nokkuð almennt mun viðurkennt að skylda megi borgarana með lögum til að verða sér út um einhverja lágmarksvernd á sviði lífeyristrygginga til elliára eða þegar af öðrum ástæðum kann að draga úr aflahæfi manna. Til eru þeir einnig, sem telja að slík skylda skuli að meira eða minna leyti byggjast á samtryggingu en ekki einstaklingsbundinni söfnun. Fjölmargir aðilar, sem gerst þekkja, telja á hinn bóginn að mjög orki tvímælis, og gangi jafnvel í berhögg við stjórnarskrárverndaðan rétt einstaklinga, að leggja hömlur á frelsi manna til að tryggja sér lífeyrisréttindi hjá þeirri stofnun, er þeir sjálfir kunna að kjósa, enda uppfylli hún að öðru leyti öll lágmarksskilyrði, er löggjafinn setji varðandi rekstrar- og fjárhagsstöðu. Því megi hvorki mismuna milli forma verndarinnar eða rekstrarforma. Það

vekur undrun að löggjafinn skuli ekki fyrir löngu hafa breytt lögum, sem veruleg líkindi eru á að standist ekki grundvallarmannréttindi. Meiri undrun vekur þó, að þegar loks er tekið á þessari löggjöf, skuli í engu eiga að slaka á "átthagafjötrunum" í lífeyrismálun landsmanna. Hefðbundnar lífeyrstryggingar váttryggingarfélaga byggjast iðulega upp á sama hátt og vernd samtryggingarsjóða, þ.e. bæði formin byggja á áhættudreifingu og nánu samspili söfnunar- og tryggingaþáttar. Hins vegar eru til alls kyns afbrigði þessara trygginga. Getur lífeyrissparnaður hjá váttryggingafélagi verið það sjálfstæður að um geti verið að ræða persónubundinn söfnunarþátt. Að þessu leyti svipar lífeyrissparnaður hjá váttryggingafélagi til lífeyrisverndar séreignasjóðanna. Meginmálið er hins vegar, að hin ýmsu form þurfa að hljóta viðurkenningu löggjafans, svo framarlega sem kröfum um lögmæltan samtryggingaþátt sé fullnægt samhliða séreignaþættinum. Það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, er andstætt þessum sjónarmiðum. Er nú raunar gengið lengra en áður í því efni að takmarka valfrelsi manna, þar sem lífeyrissjóðir í séreignaformi verða nánast slegnir af, nái frumvarpið fram að ganga. Sýnist þó sem auðvelt hefði verið að mæla fyrir um það, að séreignasjóðum skyldi heimilt að uppfylla nánar skilgreindan samtryggingaþátt með kaupum á slysa- og sjúkratryggingum fyrir sjóðfélaga sína hjá váttryggingafélögum ásamt lífeyris- eða afkomutryggingu, komi til þess að séreign þrýtur. Gæti þá lífeyrissjóðurinn lagt fyrir ráðuneytið eða eftirlitsaðilann tillögur um tilhögun þessa samtryggingaþáttar, og gætu þessir aðilar þá komið með athugasemdir og krafist breytinga að viðlögðum starfsleyfismissi, stæðu efni til þess. Augljósasti annmarki þessa frumvarps er þó sá, að höfundar þess gera enga tilraun til að taka af skarið um lögmælt lágmark samtryggingaþáttarins, sem allir landsmenn skuli standa undir. Hvort sá þáttur skuli teljast 10% af 100 þús. eða 200 þús. kr. mánaðarlaunum er ekki höfuðatriðið. Aðalatriðið er það, að menn komi sér niður á sanngjarnt viðmiðunarmark í þessu efni, og að mönnum verði frjálst að öðru leyti að tryggja lífeyrisréttindi sín hjá þeim stofnunum, sem heimild hafa til að veita þjónustu á þessu sviði.

3. Um rekstur váttryggingafélaga, þ.m.t. líftryggingafélaga, gildir ítarleg og ströng löggjöf, þ.e. lög nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Heildstæð lög gilda einnig um starfsemi banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. Engum slíkum lögum hefur til þessa verið að dreifa um starfsemi og fjárhagsgrundvöll lífeyrissjóða. Það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, bætir nokkuð úr þessu. Afskipta- og eftirlitsréttur stjórnvalda af lífeyrissjóðum og rekstri þeirra hefur löngum verið takmarkaður, en eigi að síður á höndum margra stjórnvalda. Þannig tengist fjármálaráðuneytið og bankaeftirlitið, og þar með viðskiptaráðuneytið málefnum lífeyrissjóða en lauslega þó. Viðskiptaráðuneytið og Váttryggingaeftirlitið eru þau stjórnvöld, er fara með málefni váttryggingarfélaga, er bjóða lífeyrstryggingar. Að mörgu leyti væri eðlilegast, að málefni lífeyrissjóða heyri undir það fagraðuneyti, sem almennt hefur fjármálaþjónustuna hér á landi á

sinni könnu. Sýnist einnig margt mæla með því að Vátryggingaeftirlitinu yrði falið eftirlitshlutverkið með sjóðunum fremur en bankaeftirliti, sem er deild í Seðlabanka Íslands. Jafnvel kæmi til greina að sett yrði á legg ný stofnun, Fjármálaeftirlit, sem yfirtæki þá starfsemi, sem bankaeftirlit og Vátryggingaeftirlit hafa með höndum nú. Bráðnauðsynlegt er að aðkoma hins opinbera og stjórnvísla varðandi alla þá aðila sem veita lífeyrisþjónustu sé sem einföldust, en ekki dreifð á mörg ráðuneyti og stofnanir. Þetta frumvarp tekur lítt á þessum atriðum.

4. Ýmsir hafa orðið til þess, m.a. á Alþingi, að vekja athygli á því, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan á hjónabandi stóð, skuli ætíð falla utan skipta, komi til slits á fjárfélagi hjóna við skilnað. Samband íslenskra tryggingafélaga hefur tekið undir það, að afar ósanngjarnt geti verið, að ellilífeyrisréttindi hjóna fylgi algjörlega þeim einstaklingi, sem afli launateknanna og greiði iðgjaldið. Það hjónanna sem á hinn bóginn hafi litlar sem engar launatekjur, t.d. vegna þess, að vinnuframlagið sé að mestu bundið við heimilisstörf, öðlist engan lífeyrisrétt. Hér sé um flókið úrlausnarefni að ræða, bæði lögfræðilega og í framkvæmd. Eðlilegast sé að á því verði tekið í tengslum við heildarendurskoðun á löggjöf um lífeyrstryggingar landsmanna. Ekkert er að þessu réttlætismáli vikið í þessu frumvarpi, sem ætlað er að leggja grunninn að heildarlöggjöf um lífeyrisréttindi landsmanna til framtíðar.
5. Að svo komnu sér Samband íslenskra tryggingafélaga ekki ástæðu til að tjá sig frekar um einstakar greinar frumvarpsins. Fram hafa komið á opinberum vettvangi ábendingar um fjölmörg atriði, sem betur mættu fara í frumvarpinu. Hefur sú gagnrýni komið úr ýmsum áttum, og iðulega verið studd málefnalegum rökum. Í ljósi þess hversu skammt lifir þingtímans og hversu umfangsmiklar og margvíslegar athugasemdir hafa verið settar fram um þetta mikilvæga svið leggur Samband íslenskra tryggingafélaga til, að frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi. Málið verði á hinn bóginn tekið upp á Alþingi með hausti á nýjan leik, og tíminn þangað til nýttur til að fara betur yfir málið í heild sinni, þ.m.t. þær margþættu efnislegu athugasemdir sem settar hafa verið fram varðandi það.

Með vinsemd og virðingu,
Samband íslenskra tryggingafélaga,

Ólafur B. Thors, formaður,
Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IX.

Umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka. (29. apríl 1997.)

1. Athugasemdir sem ekki beinast að einstökum greinum.

SÍV styður eindregið þá stefnu frumvarpsins að sameignarlífeyrissjóðir taki við sameignarlífeyrissparnaði eingöngu en að viðskiptabankar og fleiri aðilar fái að taka við viðbótarlífeyrissparnaði sem verður séreign viðkomandi einstaklings. Fyrir þessu fyrirkomulagi má færa gild rök að mati SÍV. Flest bendir til að lífeyrissparnaður verði helsta uppspretta peningalegs sparnaðar hér á landi á komandi árum og áratugum. Hér kemur einkum til sú aukna áhersla sem einstaklingar virðast leggja á það að hafa tiltölulega rúm fjárráð fyrst eftir að þeir hverfa af vinnumarkaði þannig að þeir geti notið þessa æviskeiðs til fulls. Að einhverju leyti mun aukinn lífeyrissparnaður án efa verða á kostnað annars peningalegs sparnaðar en að stórum hluta mun verða um hreina viðbót að ræða.

Væri sameignarlífeyrissjóðum heimilað að taka við viðbótarséreignarlífeyrissparnaði myndi það án efa leiða til þess að hann rynni að stærstum hluta til séreignardeilda sameignarlífeyrissjóða vegna þess að flestir launþegar eru þegar aðilar að slíkum sjóðum. Þetta þýddi að sjálfsögðu að ráðstöfunarfé og eignir lífeyrissjóðanna yrðu þeim mun meiri. Bankarnir gegna þýðingarmiklu hlutverki við lánsfjármíðlun til fyrirtækja og heimila. Til að þeir geti sinnt þessu hlutverki er brýnt að ákveðinn hluti peningalegs sparnaðar sé varðveittur í bankakerfinu. Bankakerfið hefur hins vegar átt undir högg að sækja á þessu sviði. Þannig námu innlán og seðlar um 47% af innlendu fjármagi í lánakerfinu í árslok 1981. Í lok síðasta árs var þetta hlutfall komið niður í 25%. Á sama tíma óx hlutur lífeyrissjóða úr 22% í 45%. Eðli máls samkvæmt fjárfesta lífeyrissjóðir fyrst og fremst í verðbréfum opinberra aðila og traustra fyrirtækja á innlendum og erlendum markaði. Þeir eru hins vegar ekki lánastofnanir og sinna því ekki lánsfjármíðlun til fyrirtækja og heimila með sama hætti og bankarnir. Því hlutverki munu bankarnir áfram sinna en þeir verða þá jafnframt að hafa bolmagn til þess.

Verði frumvarpið að lögum munu séreignarlífeyrissjóðir heyra sögunni til. Þeir hafa átt vaxandi vinsældum að fagna á liðnum árum og þessi breyting myndi því kippa fótunum undan ráðstöfunum fjölda einstaklinga. Þessi áform hafa vakið hörð viðbrögð í þjóðfélaginu. Í ljósi þessa telur SÍV brýnt að það verði kannað til hlítar hvort ekki

megi sætta ólík sjónarmið og heimila áframhaldandi starfsemi séreignarsjóða gegn því að einstaklingar sem fullnægja þar kröfunni um lágmarkslífeyrissparnað ráðstafi hluta af iðgjaldi sínu til að kaupa tryggingarvernd.

Loks er ástæða til að benda á að í svari fjármálaráðherra á þskj. 466 við fyrirspurn á Alþingi um greiðslur í lífeyrissjóði og almannatryggingar (134. mál á 121. löggjafarþingi) kemur fram að ekki sé haft eftirlit með því af opinberri hálfu að virt sé skylda til að eiga aðild að og greiða til lífeyrissjóðs skv. lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í svarinu kemur fram það mat fjármálaráðherra að „all nokkuð sé um að iðgjaldaskyldu sé ekki fullnægt“. Ekki verður séð að ráðin sé bót á þessu í fyrirbyggjandi frumvarpi og verður að telja það verulegan ágalla.

2. Athugasemdir við einstakar greinar.

Fyrir utan þau atriði sem þegar eru nefnd þykir SÍV ástæða til að vekja athygli á eftirfarandi ákvæðum frumvarpsins.

2. mgr. 11. gr.

Í ljósi þess að viðbótarlífeyrissparnaður er viðbót við lágmarkslífeyrissparnað vaknar sú spurning hvort krafan um fimmtán ára útborgunartíma sé ekki óþarflega ströng. Fjárförf einstaklinga er mest fyrstu árin eftir að þeir hverfa af vinnumarkaði og hafa kraft og heilsu til að njóta þessa æviskeiðs. Í staðinn væri nær að miða við tíu ár eins og algengast er hjá starfandi séreignarsjóðum.

1. mgr. 20. gr.

Lagt er til að málsgreininni verði skipt í tvo málsliði þannig að skýrar komi fram hver sé aðalstarfsemi lífeyrissjóðs, sbr. 2. mgr. 1. gr. Einnig þarf að gæta þess að samræmi sé í orðalagi síðari hluta þessarar málsgreinar og ákvæða 36. gr. (t.d. eru innlán í bönkum og sparissjóðum ekki framseljanleg verðbréf).

„Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld og aðrar eignir lífeyrissjóðs skulu ávaxtaðar sameiginlega í bankainnstæðum eða framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.“

1. og 2. másl. 1. mgr. 29. gr.

Ákvæði 1. og 2. másl. eru óþörf með vísan til 5. tölul. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að kveðið skuli á um fjölda stjórnarmanna í samþykktum lífeyrissjóðs, kjörtímabil þeirra og hvernig þeir skuli valdir. Að mati sambandanna væri því eðlilegt að 1. mgr. 29. gr. hæfist á orðunum: „Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins ...“

Fallist þingnefndin ekki á þetta sjónarmið telur SÍV engu að síður nauðsynlegt að breyta orðalagi 2. másl. því ekki er að fullu ljóst hvaða ákvæðum 1. másl. er verið að víkja til hliðar með 2. másl. Að stjórn lífeyrissjóðs skuli tilnefnd af samningsaðilum? Að stjórn lífeyrissjóðs skuli skipuð fulltrúum stéttarfélags og atvinnurekenda að jöfnu? Í ljósi þess að lífeyrissjóður getur verið utan kjarasamninga

hlýtur að vera ætlunin að tryggja að um allt annað stjórnarfyrikomulag en kveðið er á um í 1. másl. geti verið að ræða. Því væri eðlilegast að orða 2. másl. sem hér greinir: „Þó er heimilt að kveða á um annað fyrirkomulag við tilnefningu á stjórnarmönnum í samþykktum sjóðsins.“

Lokamásl. 1. mgr. 29. gr. og 2. og 3. mgr. 30. gr.

Einkennileg er sú áhersla sem lögð er á að stjórn lífeyrissjóðs geri tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi. Jafnframt verður að ætla að fleiri aðilar geti lagt slíkar breytingar til. Því er lagt til að síðari hluti lokamásl. 1. mgr. 29. gr. falli brott („... og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi“). Einnig er lagt til að orðið „stjórnar“ falli brott úr niðurlagi 3. mgr. 30. gr. Loks er lagt til að við 2. mgr. 30. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum sjóðsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.“

1. mgr. 36. gr.

Við útfærslu á upptalningunni á þessari grein er mætti hafa 12. gr. reglna nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu að einhverju leyti til hliðsjónar. Það sem vekur mesta athygli er að skuldabréf útgefin af eða með ábyrgð seðlabanka skuli ekki tilgreind í 1. tölul. og að skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga skuli ekki tilgreind í 2. tölul.

Lagt er til að 10. tölul. verði felldur brott úr upptalningu 1. mgr. og þess í stað kveðið á um þetta atriði í sérstakri málsgrein, t.d. nýrri 7. mgr. Afleiður eru oft og tíðum ekki framseljanlegar og kaup á þeim ganga því gegn ákvæðum 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Jafnframt kynni að vera ástæða til að kveða á um að bankaeftirlitið setti nánari reglur um notkun lífeyrissjóða á afleiðum því í notkun þeirra getur falist veruleg áhætta.

5. mgr. 36. gr.

Það 10% hámark sem sett er í 1. másl. er fremur þröngt þegar litið er til þess að hrein eign lífeyrissjóða fer ört vaxandi á sama tíma og það dregur úr lánsfjárförf opinberra aðila, fjöldi annarra vænlegra fjárfestingarkosta fyrir lífeyrissjóði hér á landi er takmarkaður og möguleikar sjóðanna til að fjárfesta erlendis verða bundnir ákveðnu hámarki. Í ljósi þessa er lagt til að 10% hámarkið verði hækkað, t.d. í 25%.

Jafnframt skal bent á að skv. lokamáslíð þessarar málsgreinar má lífeyrissjóður að hámarki eiga 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Hann virðist hins vegar mega eiga öll skuldabréf sem fyrirtæki eða annar aðili, t.d. sveitarfélag, hefur gefið út svo framarlega sem sú fjárfesting fer ekki yfir 10% af hreinni eign sjóðsins. Þetta er óeðlilegt. Úr þessu má bæta annað hvort með því að tilgreina sitthvort hámarkið fyrir hlutabréf og skuldabréf eða hafa sameiginlegt hámark á öllum verðbréfum einstakra útgefenda. Loks er vakin athygli á því að verðbréfasjóðir eru iðulega deildaskiptir og gefur hver deild út eigin hlutdeildarskírteini. Niðurlagsákvæði lokamáslíðar þessarar málsgreinar kann því að bjóða heim hættu á ágreiningi um túlkun.

6. mgr. 36. gr.

Ekki er ljóst hvað átt er við með orðinu „gengisáhættu“. Líklega er átt við eignir sem eru í eða bundnar erlendri mynt því hefðbundnar skuldir lífeyrissjóðs eru væntanlega í íslenskum krónum. Ekki er ljóst hvernig afleiður í erlendri mynt koma inn í þessa útreikninga því í þeim tilvikum getur bæði verið um að ræða eign og skuld að ræða?

1. mgr. 40. gr.

Orðið „rekstrarreikning“ hefur fallið brott fremst í upptalningunni í 2. málsli.

43. gr.

Lagt er til að ákvæði um frest til að skila endurskoðuðum ársreikningi lífeyrissjóðs verði samræmt hliðstæðum ákvæðum í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði. Því er lagt til að í stað orðanna „þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum“ komi „innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum“

51. gr. og 1. mgr. 56. gr.

Ekki er ljóst hvað átt er við með hugtakinu „ríkisbanki“. Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans starfar með ábyrgð Seðlabanka Íslands og ríkisviðskiptabankans Landsbanka Íslands. Sama gildir um Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbankans sem starfar með ábyrgð ríkisviðskiptabankans Búnaðarbanka Íslands. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagsbanka (409. mál). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðrir aðilar en ríkið geti eignast allt að 35% af nýju hlutafé sem bankarnir kynnu að gefa út. Þá er vakin athygli á því að um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli stjórnenda Seðlabanka Íslands og ríkisviðskiptabankanna og starfsmanna þessara banka um breytingar á skipan lífeyrismála, eins og rakið er í athugasemdum við 11. gr. í fyrrgreindu frumvarpi um hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal X.

Umsögn Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað.
(28. apríl 1997.)

Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað þakkar fyrir það tækifæri sem samtökin fá til þess að koma fram athugasemdum við ofangreint frumvarp.

Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað voru stofnuð fimmtudaginn 17. apríl á um 700 manna stofnfundi. Markmið Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað eru eftirfarandi:

- I. Að vinna að því að auka lífeyrissparnað og frelsi í lífeyrismálum.
- II. Að beita sér fyrir því að skattalegt umhverfi sé með þeim hætti að það hvetji til öflugs lífeyrissparnaðar.
- III. Að fólk eigi val um það að greiða lögbundið lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð til séreignarsjóðs eða sameignarsjóðs.

Samtökin leggjast harðlega gegn fyrirleggjandi frumvarpi enda gengur það þvert gegn markmiðum Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað. Miðað við þann fjölda fólks sem sýnt hefur hinum nýstofnuðu samtökum áhuga og stuðning teljum við einnig að frumvarpið sé þvert á vilja þorra almennings.

Hér á eftir fer umsögn okkar um frumvarpið. Við höfum kosið að setja umsögn okkar fram með almennum hætti en leggjum minni áherslu á að fjalla í smáatriðum um einstakar greinar frumvarpsins.

Stjórn samtakanna óskar eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar til þess að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

I. Markmið með frumvarpinu

“Sérstök áhersla skyldi lögð á að finna leiðir til þess að auka völfrelsi í lífeyrissparnaði, innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða og tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna. Jafnframt var nefndinni falið að skilgreina stöðu og hlutverk séreignarlífeyrissjóða og að leita leiða til þess að auka þáttöku lífeyrissjóða í atvinnulífnum.”

*Úr erindisbréfi nefndar sem vann að ofangreindu frumvarpi, sbr. bls. 17 í frumvarpinu.

Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað eru sammála þessum markmiðum. Frumvarpið snýst hins vegar ekki um að ná fram þessum yfirlýstu markmiðum heldur gengur í öllum meginatriðum þvert gegn þeim.

Valfrelsi

Frumvarpið breytir engu um skylduaðild þorra fólks að ákveðnum lífeyrissjóðum í gegnum sérlög og kjarasamninga stéttarfélaganna og atvinnurekenda. Einkarétti ákveðinna lífeyrissjóða í gegnum skylduaðild einstaklinga er viðhaldið með frumvarpinu.¹ *Ekki er síður alvarlegt að einstaklingar sem standa utan skylduaðildar hafa minna valfrelsi en áður.* Hafi fólk kosið að inna greiðsluskyldu sína í lífeyrissjóð af hendi með greiðslum í séreignarlífeyrissjóði þá verður sá möguleiki ekki til staðar lengur.

Séreignarformið sem átt hefur vaxandi vinsældum að fagna héraendis, eins og víðast annars staðar, verður lagt niður sem form á skyldubundnum lífeyrissparnaði, verði frumvarpið að lögum.² Þetta form er viðurkennt og á meðal annars að mynda meginstoð í því kerfi lífeyrissparnaðar sem Alþjóðabankinn hefur mælt með.³

Stéttarfélög sem valið hafa séreignarformið fyrir skyldubundinn lífeyrissparnað sinn, svo sem Tannlæknafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Félag iðnaðarmanna á Suðurnesjum, Félag ísl. hljómlistamanna, Félag leiðsögumanna og Félag íslenskra stjórnmunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli hafa ekki þann valkost lengur.

Verði frumvarpið að lögum mun stór hópur fólks neyðast til að finna sér samtryggingarsjóð til þess að greiða lögbundið lágmarksiðgjald til. Jafnvel geta valkostirnir þá einungis verið lífeyrissjóðir á vegum stéttarfélaganna sem fólk á ekki aðild að og hefur ekkert um að segja.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að launþegar geti valið hvert þeir greiði viðbótarframlag sitt.⁴ Slíkt valfrelsi hefur verið til staðar fram til þessa. Ekki er því um að ræða aukið valfrelsi til launþegans nema að því leyti að líftryggingafélög og bankar mega keppa um þann viðbótarparnað.

Við hörmum að þróun á valkostum fyrir lífeyrissparnað skuli verða stöðvuð nái frumvarpið fram að ganga.

Samkeppni

Með frumvarpinu er einkarétti lífeyrissjóða á iðgjöldum launþega í gegnum skylduaðild viðhaldið.⁵ Einkaréttinum fylgir engin samkeppni.

¹ 2. gr.

² III. Kafli. Víðar í frumvarpinu og í skýringum með því kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir geti byggst á séreignarfyrirkomulagi.

³ Alþjóðabankinn, "Averting the Old Age Crisis - Policies to Protect the Old and Promote Growth", World Bank, 1994. Sjá t.d. bls. 244-247 og bls. 254.

⁴ 5. gr.

⁵ 2. gr.

Séreignarlífeyrissjóðir verða lagðir niður. Þeir hafa í langflestum tilvikum ekki byggst upp á einkarétti á viðtöku iðgjalda. Mikil samkeppni hefur því ríkt á milli þeirra. Sem dæmi má nefna að Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er opinn öllum tannlæknum og mökum þeirra, en tannlæknum er þó frjálst að greiða til annarra lífeyrissjóða. Sá sjóður hefur því starfað í samkeppnisumhverfi. Sama má segja um aðra séreignarsjóði.

Samkvæmt frumvarpinu á samkeppni að felast í því að bankar, tryggingafélög og verðbréfafyrirtæki megi keppa um viðbótariðgjöld.⁶ Á milli þessara aðila ríkir nú þegar hörð og mikil samkeppni og breytir frumvarpið engu þar um. Þar fyrir utan er alls óvíst hvort núverandi markaður með viðbótariðgjöld muni stækka eða minnka með frumvarpinu. Að minnsta kosti 10% af launum verður greitt til samtryggingarlífeyrissjóðs sem hefur í flestum tilvikum einkarétt á móttöku iðgjaldsins. Unnt verður að semja um hærri greiðslur til viðkomandi samtryggingarsjóðs eins og reyndar margar stéttir hafa þegar gert. Það eru aðeins þeir molar sem falla út af þessum borðum sem ofangreindir aðilar munu keppa um. Staða þeirra er reyndar þrengd enn frekar í frumvarpinu þar sem útgreiðslutími er lengdur úr 10 árum í 15 ár.⁷ Margir vilja einmitt nýta viðbótariðgjöldin til að auka tekjur sínar á fyrsta skeiði eftirlaunaáranna. Sá skynsamlegi möguleiki er þrengdur í frumvarpinu sem gerir greiðslu viðbótariðgjaldanna ekki jafn fýsilegan kost og verið hefur í augum margra.

Sem dæmi má nefna að Félag flugfreyja og flugþjóna samdi fyrir hönd félagsmanna sinna við Flugleiðir um greiðslu í séreignarsjóð með það að markmiði að þessir aðilar gætu hætt störfum fyrr. Áhrif frumvarpsins verða þau að þessi samningur verður marklaus þar sem að flugfreyjur og flugþjónar verða orðin 75 ára þegar að úttekt úr séreignarsjóðum líkur í stað þess að þær greiðslur brúi bilið uns taka lífeyris hefst frá stéttarfélagsbundnum lífeyrissjóði þeirra.

Áhrif sjóðfélaga

Í frumvarpinu er kveðið á um að stjórn lífeyrissjóðs skuli tilnefnd af samningsaðilum og skipuð af fulltrúum stéttarfélaga og atvinnurekenda að jöfnu. Þó skal vera heimilt að kveða á um annað í samþykktum lífeyrissjóða.⁸

Frumvarpið tryggir ekki að launþegar geti með formlegum hætti haft áhrif á reglur sjóðsins eins og til dæmis varðandi réttindaávinnslu og ekki er tryggt að þeir séu spurðir álits þegar ákvörðun er tekin um slit sjóðsins eða samruna við aðra sjóði. Þessir þættir hafa þó augljóslega mikil áhrif á hagsmuni sjóðfélaga.

Sjóðfélögum er aðeins tryggður umræðu- og tillöguréttur *en ekki atkvæðisréttur* á ársfundum sjóðanna.⁹

⁶ 8. gr.

⁷ 11. gr.

⁸ 29. gr.

⁹ 30. gr.

Sjóðfélagar geta ekki hætt að greiða í skyldubundinn lífeyrissjóð eða flutt réttindi sín annað.

Eins og vikið hefur verið að munu þeir sem standa utan skylduaðildar geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða í.¹⁰ Valið mun aðeins standa um samtryggingarsjóði og allt útlit er fyrir að þar verði helst um að ræða sjóði á vegum stéttarféлага. Þessi hópur fólks getur því verið í þeirri sérkennilegu aðstöðu að vera neyddur til að greiða í samtryggingarsjóð stéttarfélags sem það á enga aðild að og getur ekki haft nein á áhrif á að því er stjórn eða stefnumörkun snertir.

Áhrif sjóðféлага í lífeyrissjóðum eru almennt ekki aukin í frumvarpi þessu.

Í stuttu máli gerir frumvarpið hvorki ráð fyrir auknu valfrelsi né aukinni samkeppni. Þvert á móti verður dregið úr hvoru tveggja náí frumvarpið fram að ganga. Launþegar eiga áfram skylduaðild að lífeyrissjóðum, hvort sem þeir standa sig vel eða illa. Áhrif sjóðféлага eru ekki aukin þar sem stjórn sjóðanna skal skipuð af fulltrúum stéttarféлага og atvinnurekenda að jöfnu. Val um séreignarlífeyrissparnað verður ekki til staðar. Með frumvarpinu er komið í veg fyrir að séreignarlífeyrissjóðir geti starfað áfram í núverandi mynd.

II. Séreignarlífeyrissjóðir

Starfandi séreignarlífeyrissjóðir eru 11 í dag og hefur þeim heldur fækkað með sameiningu sjóða á undanförmum árum. Um helmingur sjóðanna er á vegum stéttarféлага.

Séreignarlífeyrissjóðir að undanskyldum þeim sem eru stéttarfélagsbundnir taka við iðgjöldum þeirra sem ekki eru skyldugir til þess að greiða lögbundin iðgjöld í ákveðinn lífeyrissjóð. Séreignarlífeyrissjóðir taka einnig við viðbótariðgjöldum þeirra sem vilja sýna fyrirhyggju og leggja meira til hliðar en sem nemur lögbundnum iðgjöldum.

Sjóðfélagar velja þann sjóð sem þeir greiða til. Mikil samkeppni er milli séreignarsjóða vegna þess að ef viðkomandi sjóður stendur sig ekki geta sjóðfélagar skipt um sjóð, tekið inneignina með sér og greitt til annars sjóðs. Sjóðfélagar kjósa sjálfir hluta af stjórninni eða alla, en fjármálaráðuneytið hefur neitað að samþykkja reglugerðir sumra sjóða sem vildu láta sjóðféлага kjósa alla stjórnarmenn.

Í bók sem Alþjóðabankinn gaf út árið 1994 er mælt með að lífeyriskerfi þjóða byggist upp á þremur stöðum.¹¹

¹⁰ 3. gr.

¹¹ Alþjóðabankinn, "Averting the Old Age Crisis - Policies to Protect the Old and Promote Growth", World Bank, 1994.

1. Opinbert kerfi fjármagnað með skatttekjum. Hlutverk þess er að draga úr fátækt meðal eldra fólks og veita samtryggingu gegn ýmiss konar áhættu.
2. Skyldubundið einkarekið kerfi sem byggir á einkasparnaðarreikningum, eða í sumum tilvikum, á atvinnutengdu sparnaðarkerfi. Þetta kerfi á að standa að fullu undir sér, vera einkarekið en undir opinberu eftirliti. Höfuðmarkmið þessa kerfis á að vera **sparnaður**.
3. Frjálst atvinnutengt eða einkasparnaðarkerfi. Þetta kerfi á að veita viðbót við stoðir eitt og tvö fyrir þá sem það vilja.

Alþjóðabankinn leggur áherslu á að lífeyrissjóðir og þeir aðilar sem falla undir stoðir 2 og 3 starfi á **samkeppnisgrundvelli**. Stoðir 2 og 3 eiga að mati bankans ekki að flytja til fjármuni milli einstaklinga eins og gerist í því kerfi sem frumvarpið miðast við. Því hlutverki á fyrsta stoðin að sinna að mati bankans.

Séreignarlífeyrissjóðir falla vel að stoðum 2 og 3 í þessu kerfi. Þeir þjóna því markmiði vel að auka sparnað. Einn helsti kostur séreignarsjóða er að auðvelt er að skilja kerfið. Þar með getur fólk tekið upplýstar ákvarðanir og því er einfalt að láta séreignarsjóði starfa í samkeppnisumhverfi.

III. Algengur misskilningur

- “Sjóðfélagar séreignarsjóðanna standa ekki undir almannatryggingakerfinu til jafns við aðra”. Hið rétta er að félagsmenn í séreignarsjóðunum borga almenna skatta ekki síður en aðrir þjóðfélagsþegnar og eru þar með þátttakendur í almannatryggingakerfinu.
- “Tekjur sjóðfélaga úr séreignarsjóðum skerða ekki greiðslur úr almannatryggingakerfinu.” Hið rétta er að allar greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða greiðslur úr almannatryggingakerfinu hvort sem þær eru frá sameignarsjóði eða séreignarsjóði.
- Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað leggjast ekki gegn greiðsluskyldu í lífeyrissjóði en leggja áherslu á að launþegar eigi val um hvert þeir greiða.
- Frumvarpið er réttlætt með þeim athugasemdum að sjóðfélagar séreignarsjóðanna séu sníkjudýr sem klári séreign sína eins hratt og nokkur kostur er og setjist síðan upp á ríkið. Staðreyndin er sú að hér á landi hafa verið til séreignarsjóðir í yfir 30 ár. Ekkert bendir til þess að sjóðfélagar þessara sjóða hafi reynt að taka sinn lífeyri út á sem skemmstum tíma í þessu skyni. Einnig hafa sjóðfélagar séreignarsjóðanna í mörgum tilvikum tryggt sér lífeyrisgreiðslur til æviloka og varið sig og fjölskyldur sínar fyrir tekjumissi vegna örorku og eða fráfalls.

IV. Tryggingarvernd

Ef pólitískur vilji verður til þess að lágmarkstryggingavernd sé veitt í lífeyriskerfinu væri rökréttast að áherslan beindist að markmiðinu sem slíku, en að fyrir hendi yrði val um leiðir.

Í þessu sambandi er full ástæða til að huga að þeirri miklu þróun og samkeppni sem er á tryggingamarkaði. Ekki þarf að líta langt út fyrir landsteinana til að finna fjölbreytt form á lífeyristengdum tryggingum sem falla að þörfum ólíkra einstaklinga. Stefna ætti að því að sem mest og best samkeppni ríki um tryggingar sem tengjast lífeyrissparnaði. Þannig eru hagsmunir sjóðfélaga best tryggðir.

Samtryggingarsjóðir tryggja sjóðfélögum sínum (að uppfylltum lágmarksskilyrðum) lífeyrisgreiðslur til æviloka og fjölskyldum þeirra tekju- og makalífeyri ef sjóðfélagi fellur frá. Fjárhæðir lífeyrisgreiðslna fara eftir þeim réttindum sem viðkomandi eiga í sjóðunum. Samkvæmt áætlunum tryggingarstærðfræðinga má gera ráð fyrir að 30-40% af iðgjöldum sjóðfélaga í samtryggingarsjóðum séu lögð í tryggingasjóð.

Hafa skal í huga þegar séreignarsjóðir og sameignarsjóðir eru bornir saman að í séreigninni felst ákveðin tryggingarvernd þar sem að hún erfist til lögerfingja. Einnig er viðkomandi sjóðfélaga heimilt að taka hana út ef hann verður fyrir varanlegum heilsubresti. Allir séreignarsjóðirnir bjóða sjóðfélögum sínum upp á tryggingar. Það er gert í samstarfi við tryggingafélög, með hóprzyggingu á vegum stéttarfélags eða með því að bæta tryggingarfyrirkomulagi inn í sjóðinn.

Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað eru þeirrar skoðunar að ef löggjafinn vill gera kröfu til þess að inn í lífeyrissjóðakerfið sé fléttað samtryggingarþætti eigi þeir sem kjósa að greiða í séreignarlífeyrissjóði að eiga val um hvort þeir uppfylla þá skyldu með því að greiða einhvern hluta lágmarks iðgjalds í samtryggingarsjóð eða hvort þeir kaupa tryggingavernd sem uppfylli skilyrði sem fjármálaráðuneytið setur.

Dæmi um lágmarks tryggingavernd

- Sjóðfélagar kaupi örorkutryggingu sem tryggir þeim lágmarkslaun til 65 ára aldurs (mánaðarlegar bætur eða eingreiðsla sjúkra- og slysatryggingar).
- Ef sjóðfélagi er í sambúð eða á börn verði hann að eiga séreign og/eða vera líftryggður er nemi ákveðinni fjárhæð.
- Hægt væri að setja sem skilyrði í reglugerðir séreignarsjóða að sjóðfélagar þurfi að tryggja sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka, t.d. jafnháum efri tekjumörkum Tryggingastofnunar ríkisins, áður en þeir byrja að ganga á séreignina. Sjóðfélagar geta tryggt sér lífeyrisgreiðslur til æviloka t.d. með kaupum á réttindum hjá tryggingafélögum.
- Eftirlit með greiðslu- og tryggingaskyldu landsmanna fari fram í gegnum skattkerfið.

Lokaorð

Vaxandi hópur, nálægt 12 þúsund einstaklingar, hefur á undanförunum árum valið séreignarsjóði fyrir lífeyrissparnað sinn. Framtíðaráformum þessara einstaklinga yrði kollvarpað ef frumvarpið nær fram að ganga. Fram hefur komið að um 15.000 manns greiða ekki iðgjöld til lífeyrissjóða nú. Sá hópur er því fjölmennari en allir þeir er nú greiða í séreignarsjóði. Verði frumvarpið að lögum má reikna með að sá hópur muni enn stækka.

Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað er það í mun að auka megi sparnað þjóðarinnar. Á það hefur oft verið bent að lágt sparnaðarhlutfall sé eitt helsta áhyggjuefni íslensks efnahagslífs. Við teljum að samkeppni um sparnað einstaklinganna og valfrelsi um leiðir til sparnaðar og trygginga séu þeir þættir sem leiði okkur áfram til aukins sparnaðar. Þessir þættir eiga við um lífeyrissparnað rétt eins og annan sparnað fólks.

Samtök okkar eru fús til frekari viðræðna og þáttöku í starfi er skilað getur sátt um lífeyrissparnað landsmanna.

Virðingarfyllst,

Baldur Guðlaugsson, stj.form.

Guðmundur Snorrason.

Sigurður R. Helgason.

Vigdís Hauksdóttir.

Sigurgísli Ingimarsson.

Bjarni Þórður Bjarnason.

Áslaug Magnúsdóttir.

Fskj.

Ályktun stofnfundar Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað.
(17. apríl 1997.)

Stofnfundur Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað lýsir yfir andstöðu við frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Verði frumvarpið að lögum er lífeyrissparnaði um 12.000 ábyrgra Íslendinga stefnt í óvissu. Þetta er fólk sem sýnt hefur fyrirhyggju í lífeyrismálum og lagt fyrir skyldubundið iðgjald til séreignarlífeyrissjóða og jafnframt þeir sem greitt hafa viðbótariðgjöld til slíkra sjóða. Séreignarlífeyrissjóðir verða bannaðir samkvæmt frumvarpinu, en séreignarformið hefur á undanförmum árum átt vaxandi vinsældum að fagna hér á landi sem erlendis, jafnvel þótt allt of fáir landsmenn hafi getað valið þann farveg fyrir lífeyrissparnað sinn.

Með frumvarpinu er forræði og völd atvinnurekenda og fulltrúa stéttarfélaganna yfir lífeyrissparnaði launafólks og sjálfstæðra atvinnurekenda í landinu aukin. Aðeins lífeyrissjóðir sem reknir eru með sameignarfyrirkomulagi munu fá að starfa og samkeppni við önnur form, svo sem séreignarlífeyrissjóði, verður engin. Skylduaðild er áfram að sjóðunum og þeir sem standa utan stéttarfélaganna eru neyddir til að velja sér einhvern þann sameignarlífeyrissjóð sem starfræktur er til að leggja fyrir lífeyrissparnað sinn. Stjórnir þessara sjóða verða skipaðar fulltrúum atvinnurekenda og stéttarfélaganna nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

Með frumvarpinu er einnig verið að breyta forsendum þeirra sem lagt hafa fyrir viðbótariðgjöld til séreignarsjóða og jafnvel samið út frá þeim við vinnuveitendur sína.

Frumvarp þetta gengur þvert á stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar og fyrirheit ráðamanna um valfrelsi í lífeyrissparnaði, samkeppni milli lífeyrissjóða og bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna.

Við mótmælum harðlega þeirri aðför sem gerð er að lífeyrissparnaði þeirra ábyrgu einstaklinga sem sýnt hafa þá fyrirhyggju að greiða í séreignarsjóði.

Við mótmælum harðlega að aðilar vinnumarkaðarins semji um lífeyrissparnað þess fólks sem þeir eru ekki umbjóðendur fyrir.

Við krefjumst þess að fólk eigi val um það að greiða lögbindið lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð til séreignarsjóðs.

Við krefjumst þess að forsendum þeirra sem leggja fyrir viðbótariðgjöld til séreignarsjóða verði ekki breytt.

Við skorum á stjórnvöld að þau beiti sér fyrir yfirlýstum markmiðum sínum á sviði lífeyrissparnaðar.

Við skorum á þingmenn alla að þeir láti skynsemi, réttlæti og framsýni ráða hug sínum við afgreiðslu þess frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi.

Fylgiskjal XI.**Umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja.
(29. apríl 1997.)**

Vísað er til bréfs yðar frá 21. apríl 1997 þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja (SV) um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (530. mál).

Samtökin taka heils hugar undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað um frumvarpið og mæla því eindregið gegn því að frumvarpið verði afgreitt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

Gunnar Helgi Hálfðanarson, varaformaður.

Fylgiskjal XII.**Umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja.**

(7. maí 1997.)

Samtök verðbréfafyrirtækja þakka fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við fram komnar breytingartillögur. Athugasemdum okkar má skipta í tvennt, þótt fyrst fremst beinist þær að þeim ákvæðum er snerta samkeppnisstöðu verðbréfafyrirtækja um viðbótarlífeyrissparnað og lífeyrissparnað þeirra er standa utan skylduaðildar og hafa val.

1. Um breytingu á 8. gr.

Fest er í lög að lífeyrissjóðir, sem flestir starfa í skjóli einkaréttar á viðtöku iðgjalda, skuli ráðstafa þeim hluta iðgjalds sem er umfram upphæð sem skal ekki vera lægri en 12.000 kr. á mánuði (verðtryggt) í samræmi við ákvörðun sjóðfélaga til samtryggingar skv. III. kafla frumvarpsins eða til "frjáls" lífeyrissparnaðar. Þessum sömu lífeyrissjóðum er jafnframt heimilt að taka við "frjáls" lífeyrissparnaði og keppa á þeim markaði skv. breytingartillögu á 7. grein.

- a. Ekki verður séð að tryggt sé í lögnum að einstakir sjóðfélagar muni í raun hafa ákvörðunarvald um það hvert iðgjald umfram 12.000 krónur á mánuði er greitt. Stéttarfélag þeirra munu eftir sem áður geta samið um að hærri iðgjald sé greitt í tiltekinn sjóð. Þar sem engar breytingar eru gerðar á ákvæðum um hvernig valið er í stjómir lífeyrissjóða verður ekki annað séð en ákvörðunarvald þeirra einstaklinga sem eru innan stéttarfélaga geti verið nánast ekki neitt þegar um er að ræða val á lífeyrissjóði eða "frjáls" lífeyrissparnaðarsamningum.
- b. Fest er í lög að a.m.k. skuli greiða 12.000 kr. á mánuði í samtryggingu eða 10% af launum, hvort sem lægra er. Í ljósi þess að meðalvatvinnutekjur eru um 100.000 kr. á mánuði og að einstaklingar greiða nú í ýmsa almenna lífeyrissjóði 10% af um 100.000 kr. mánaðarlaunum að meðaltali sætir það furðu að fest skuli í lög auknar tryggingargreiðslur einstaklinga. Engin rök hafa komið fram um það að tryggingarþáttur þeirra einstaklinga sem til þessa hafa greitt í samtryggingarlífeyrissjóði sé ekki nægur. Miklu fremur hefur áherslan verið sú að auka þurfi sparnað en ekki að efla samtryggingu sem felur í sér tilfærslur fjármuna milli einstaklinga á grundvelli kyns, aldurs og fleiri þátta. Það væri enda þvert gegn þeim ráðleggingum sem virtar alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðabankann hafa gefið út.
- c. Alvarlegasti ágalli þessarar breytingartillögu er sá að markmið um samkeppni um viðbótarlífeyrissparnað verður að hjómi einu með ákvæðum þessarar tillögu.
 - Allur lífeyrissparnaður, bæði lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald er fyrst greiddur inn í samtryggingarsjóði og munu flestir þeirra jafnframt hafa yfir að ráða einkarétti á viðtöku iðgjalda eins og verið hefur.
 - Ef sjóðfélagi hefur ákvörðunarvald um það hvert hann getur ráðstafað viðbótariðgjaldi sínu mun sá samtryggingarsjóður sem hann greiðir til lágmarksiðgjaldið hafa fulla vitneskju um hvert viðkomandi ráðstafar viðbótariðgjaldinu. Þessa vitneskju geta viðkomandi sjóðir notað við starfsemi sína á hinum "frjálsa" markaði.

- Aðeins er um að ræða fjárhagslegan aðskilnað milli samtryggingarsjóðs sem nýtur einkaréttar og e.k. deildar innan hans sem keppir á "frjálsum" markaði. Um sama lögformlega aðila er að ræða með sömu stjórn og starfsmenn. Ekki eru ákvæði um það hvaða opinber aðili skuli hafa eftirlit með því að sjóðir er starfi í skjóli einkaréttar nýti sér ekki þann rétt til að ná markaðslegum yfirburðum á "frjálsum" markaði.

Samtryggingarsjóðir er starfa í skjóli einkaréttar munu hafa yfir að ráða slíkri yfirburðaraðstöðu í þeirri "frjálsum" samkeppni sem að hefur verið stefnt að með eindæmum er. Allar greiðslur inn á "frjálsum" markaðinn þar sem samkeppnin ríkir eiga fyrst að fara í gegnum samtryggingarsjóði er starfa í skjóli einkaréttar en geta jafnframt starfað á frjálsum markaðinum. Sjóðirnir munu því hafa fullkomnar upplýsingar um alla greiðendur á "frjálsum" markaðinum, hve mikið hver og einn greiðir og til hvaða aðila greitt er. Að kveðið skuli á um það í lögum að aðili er nýtur einkaréttar en getur jafnframt starfað á frjálsum markaði á nátengdu sviði skuli hafa yfir að ráð trúnaðarupplýsingum um viðskiptavini keppinauta sinna er hneisa. Stór hætta er á því að lífeyrissjóðir geti nýtt sér markaðslega yfirburði er felast í einkaréttinum og engin ákvæði eru um virkt eftirlit með því að þeirri hættu sé afstýrt né heldur hver eigi að annast slíkt eftirlit.

Samtök verðbréfafyrirtækja eru að sjálfsögðu fylgjandi samkeppni enda starfa verðbréfafyrirtæki í slíku umhverfi. Samkeppni verður hins vegar að vera á jafnréttisgrundvelli annars er hún orðin tóm.

2. Um 29. gr.

Í ljósi þess að lífeyrissjóðir sem taka á móti lágmarksiðgjaldi hafa ýmsum skyldum að gegna gagnvart sjóðfélögum, t.d. að upplýsa þá um hvaða kostir eru í boði varðandi viðbótarlífeyrissparnað er óeðlilegt að það sé ekki tryggt í lögum að sjóðfélagar hafi a.m.k. einhverja kosna fulltrúa úr sínum röðum er sitja í stjórn lífeyrissjóðsins. Það hlýtur að teljast mjög mikilvægt að fulltrúar sjóðfélaga hafi sem besta innsýn í starfsemi sjóðsins og geti haft áhrif á rekstur hans og stefnumörkun með beinum hætti í gegnum stjórnarsetu. Jafnframt gegna stjórnarmenn sem eru fulltrúar eigenda þess fjár sem í sjóðunum er mikilvægu eftirlitshlutverki m.a. með því að skýr og skörp skil séu milli þess þáttar í rekstri sjóðanna er fellur undir einkarétt og þess þáttar er fellur undir frjálsum samkeppni.

Samtök verðbréfafyrirtækja lýsa sig reiðubúin til frekari umsagna um frumvarpið og hugsanlegar breytingartillögur. Jafnframt eru fulltrúar samtakanna ávallt reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar vegna þessa máls.

Virðingarfyllt,

Gunnar Helgi Hálfðanarson,
varaformaður stjórnar.

Fylgiskjal XIII.

Umsögn Seðlabanka Íslands. (25. apríl 1997.)

Lengi hefur verið unnið að því að ná samkomulagi um rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða í landinu. Síðla árs 1995 skipaði fjármálaráðherra nefnd um lífeyrismál og átti Seðlabanki Íslands m.a. fulltrúa í henni. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var nefndin leyst frá störfum í mars sl. og er frumvarpið „að nokkru leyti byggt á því starfi sem fram fór í nefndinni“ eins og segir í athugasemdum við frumvarpið.

Með hliðsjón af því hve torsótt hefur jafnan reynst að ná sátt um heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur Seðlabanki Íslands á undanförmum árum oft lagt áherslu á mikilvægi þess, opinberlega og í nefndastarfi, að sett yrðu lög um afmarkaða þætti í starfsemi sjóðanna, sérstaklega um rekstur, fjárvörslu og eftirlit með starfsemi þeirra. Nú liggur fyrir frumvarp til laga um heildarlöggjöf og fagnar bankinn því að þar skuli tekið á þeim þáttum sem hann hefur lagt áherslu á að lögfesta þyrfti.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til mismunandi útfærslna á fyrirkomulagi lífeyrismála en leggur áherslu á hve mikilvægt öflugt lífeyriskerfi byggt á sjóðsöfnun og skylduaðild að kerfinu er fyrir þjóðhagslegan sparnað og eflingu fjármagnsmarkaða.

Í köflum VI og IX er fjallað um rekstur, innra eftirlit og eftirlit. Samráð var haft við Seðlabankann um ákvæði þessara kafla og gerir bankinn ekki athugasemdir við þau ef frá er talin lítil athugasemd við 45. gr. sem síðar verðu vikið að. Mjög mikilvægt er að þessi atriði verði fest í lög. Frumvarpið gerir ráð fyrir að bankaeftirliti Seðlabanka Íslands verði falið eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Seðlabankinn er reiðubúinn að axla það hlutverk og minnr á að nú þegar hefur bankaftirlit Seðlabankans eftirlit með vissum þáttum í starfsemi sjóðanna og hefur því byggt upp þekkingu á starfsemi þeirra sem nýtist að fullu í eftirliti hliðstæðu því sem við á um starfsemi annarra stofnana sem lúta eftirliti bankaftirlits Seðlabankans. Í frumvarpinu og í greinargerðinni er ýmist vísað til *bankaftirlitsins* eða *bankaftirlits Seðlabanka Íslands*. Til þess að gæta innbyrðis samræmis og samræmis við önnur nýlega sett lög er lagt til að í 3. mgr. 36. gr. verði tilgreint *bankaftirlit Seðlabanka Íslands*. Þar með yrði fylgt þeirri reglu að í fyrsta sinn sem til þess er vitnað í hverjum kafla frumvarpsins verði það tilgreint sem

bankaefirlit Seðlabanka Íslands en bankaefirlitið í síðar tilvitnunum í hverjum kafla. Sú breytingartillaga er gerð við 45. gr. að 1. ml. verði orðaður svo: Heimilt er Seðlabanka Íslands að ákveða viðurlög...o.s.frv.

Kafli VII fjallar um fjárfestingarstefnu sjóðanna og hafði Seðlabankinn tækifæri til þess að hafa áhrif á efni kaflans á sínum tíma. Bankinn leggur áherslu á mikilvægi þess að ákvæði kaflans verði lögfest og gerir aðeins tvær athugasemdir við efni hans. Í fyrsta lagi er lagt til að 6. mgr. 36. gr. orðist svo: *Lífeyrissjóður skal takmarka gengisáhættu í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins og í einstökum gjaldmiðli við 15% af hreinni eign sjóðsins.* Þetta er byggt á því að gengi einstakra mynta gagnvart krónu sveiflast yfirleitt mun meira en gengi krónunnar gagnvart safni mynta. Meiri áhætta er því tengd einstökum myntum og í raun frekar ástæða til að takmarka gengisáhættu í þeim heldur en í heild. Eftir sem áður er hér gert ráð fyrir töluverðri áhættu, ekki síst í ljósi þess að skuldbindingar sjóðanna eru verðtryggðar í íslenskum krónum. Í öðru lagi er í 1. mgr. 39. gr. m.a. fjallað um hreina eign til greiðslu lífeyris. Hér er væntanlega átt við hreina eign til greiðslu lífeyris eftir endurmat vegna núvirðingar eigna sbr. niðurlag 1. mgr. 24. gr., en ekki hreina eign til greiðslu lífeyris samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Til að taka af allan vafa í þessu tilliti er lagt til að upphaf 1. mgr. 39. gr. hljóði svo: *Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris eftir endurmat vegna núvirðingar eigna ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera ... o.s.frv.*

Í 51. gr. er fjallað um bakábyrgð ríkis, sveitarfélaga og ríkisbanka á lífeyrissjóðum og minnir Seðlabankinn á þá afstöðu sína, sem hann hefur m.a. áður lýst í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að mikilvægt sé að leysa ríkissjóð og aðra opinbera aðila undan ábyrgð á fjármálastofnunum.

Ákvæði 56. gr. frumvarpsins mættu vera skýrari og leggur bankinn til að 3. lína 1. mgr. orðist svo: *...á óbreyttum réttindagrundvelli vegna núverandi sjóðfélaga...*

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands,

*Birgir Ísleifur Gunnarsson,
Eiríkur Guðnason.*

Fylgiskjal XIV.**Umsögn Vátryggingaeftirlitsins.**

(29. apríl 1997.)

Vátryggingaeftirlitið telur rétt að sett verði löggjöf um þetta efni en hefur margt við fyrirbyggjandi frumvarp að athuga og telur varasamt að samþykkja það óbreytt.

Ekki virðist hafa verið gætt vátryggingalegra sjómarmiða í nægilegum mæli við samningu frumvarpsins. Á það m.a. við um bótarétt, réttindi sjóðfélaga og rétthafa við breytingar á smþykktum og sameiningu lífeyrissjóða, forsendur um áhættu varðandi örorku og andlát, ákvæði um samþykktir sjóðanna, eftirlitshætti og hvaða stjórnvöld hafa eftirlitið með höndum.

Ekki var nægilegur tími til stefnu til þess að unnt væri að fara yfir einstakar greinar frumvarpsins til hlítar, hvað þá að orða athugasemdir Vátryggingaeftirlitsins sem breytingartillögur. Fulltrúar eftirlitsins hafa verið boðaðir á fund nefndarinnar á morgun og munu fyrir þann tíma setja ofangreindar athugasemdir fram nánar eftir því sem aðstæður leyfa.

Virðingarfyllt,
Vátryggingaeftirlitið,

Helgi Þórsson.

Fylgiskjal XV.**Umsögn Vátryggingaeftirlitsins.
(2. maí 1997.)**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar til eftirlitsins dags. 21. apríl sl. og svarbréfs eftirlitsins til nefndarinnar dags. 29. apríl sl. Þá er og vísað til óundirritaðrar umsagnar eftirlitsins sem fulltrúar eftirlitsins afhentu nefndinni á fundi þann 30. apríl sl. Þessi umsögn kemur í stað hinnar óundirrituðu umsagnar.

Vátryggingaeftirlitið hefur athugasemdir og ábendingar fram að færa vegna frumvarpsins. Eftirlitið mun ekki fjalla um ýmis álitæfni svo sem um hvort skyldutrygging skuli vera eður ei, hvort fleiri en lífeyrissjóðir ættu að mega innheimta lágmarksiðgjald o.s.frv. Eftirlitið mun við afgreiðslu máls þessa taka nokkuð mið af fyrirkomulagi laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994. Frumvarpið kveður á um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og eftirlit með þeirri starfsemi sem fellur undir lögin. Ef tekið er mið af neytendaverndarsjónarmiðum er langur vegur í milli laga um vátryggingastarfsemi og frumvarps þessa. Frumvarpið kveður ekki á um eignaraðild lífeyrissjóða, það setur ekki skilyrði um rekstrarform sbr. hlutafélag, gagnkvæmt félag o.s.frv. Það væri þó æskilegt.

Með hliðsjón af framanrituðu skal eftirfarandi getið:

Varðandi I. kafla skyldutrygging, iðgjald og iðgjaldastofn.

1. gr. Markmið lífeyrissjóða. Eftirlitið telur að skerpa þurfi á 2. mgr. 1. gr. þ.e. að láta koma skýrt fram að markmið sjóðanna sé að tryggja sjóðfélögum lífeyri.

Varðandi II. kafla samninga um lífeyrissparnað.

Hlutverk þessa kafla er ekki ljóst. Munu þessir samningar hafa aðra stöðu en frjálsir samningar um sama efni milli sömu aðila?

8. - 9. gr. starfsemi líftryggingafélaga.

a) Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi líftryggingafélaga skv. lögum um vátryggingastarfsemi. Athygli er vakin á fyrirkomulagi þeirra laga þ.e. 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir því í 8. gr. 2. tl. að líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi sbr. lögin um vátryggingastarfsemi hafi heimild til móttöku viðbótariðgjalda.

Samkvæmt nefndum ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi má vátryggingafélag ekki reka aðra starfsemi en vátryggingastarfsemi nema annað leiði af 11. gr. sömu laga. Samkvæmt 5. tl. 11. gr. laganna má vátryggingafélag hafa aðra umsýslu sem er í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi. Slík starfsemi er þá háð leyfi Vátryggingaeftirlitsins og getur það krafist þess að slík starfsemi sé í sérstöku félagi.

b) Eftirlitið gerir athugasemd við kröfu 2. tl. 8. gr. þess efnis að erlent líftryggingarfélag þurfi að hafa starfsstöð hér á landi. Frumvarpið gerir engan greinarmun á milli

vátryggingafélaga með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu og félaga utan þess sem þó er grundvallaratriði þegar tekið er mið af lögum um vátryggingastarfsemi. Eftirlitið leggur til að skilyrði um starfsstöð hér á landi verði fellt niður. Það telur að krafa um starfsstöð hér á landi sé vart í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Athygli er vakin á þeim möguleika að kveða frekar á um að félagið skuli hafa fulltrúa hér á landi t.d. skattafulltrúa.

9. gr. Uppsögn. Ekki kemur fram hverjir hafi heimild til þess að segja upp samningi um lífeyrissparnað. Hefur greiðandinn heimild til þessa?

10. gr. Staðfesting á reglum um sparnað

Frumvarpið gefur litla leiðbeiningu um hvað fjármálaráðherra skuli leggja til grundvallar er hann staðfestir samninga um lífeyrissparnað.

Gert er ráð fyrir umsögn eftirlitsaðila, væntanlega er átt við stjórnvöld en ekki endurskoðanda. Vátryggingaeftirlitið er eftirlitsaðilinn í skilningi 10. gr. þegar um líftryggingafélög er að ræða.

11. gr. útborgunartími. Ekki sjást rök fyrir því að dreifa útborguninni. Hvers vegna er kveðið á um 15 ára viðmiðlun sem meginreglu?

Varðandi III. kafla réttindi í lífeyrissjóðum.

Grunnréttindi sjóðfélaga og rétthafa eru ekki nægilega tryggð. Gera þarf almenna kröfu um að samþykktir séu sanngjarnar. Það skiptir máli í 13. gr. varðandi ávinnslu réttinda og skiptingu iðgjalds eftir tegundum lífeyris, og í 14. – 17. gr. um einstakar tegundir lífeyris.

Ekki er gert ráð fyrir neytendaþjónustu vegna álitamála sem rísa í samskiptum sjóðfélaga og lífeyrisþega við sjóðina. Athygli er vakin á því að á vátryggingasviðinu er slík þjónusta hjá Vátryggingaeftirlitinu, sbr. 4. mgr. 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Þessi þjónusta má eins vera á vegum sjóðanna sjálfra sameiginlega.

Huga þyrfti sérstaklega að réttindum þeirra sem taka nokkurn en takmarkaðan þátt í atvinnulífinu, hverjar sem orsakir þess eru.

19. gr. Eðlilegt er að banna að skerða annan lífeyri, rétt eins og ekki má skerða ellilífeyri ef sjóðfélagi hættir greiðslum til sjóðsins.

“Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja”. Þetta ákvæði, ásamt fleirum bendir til að forðast sé að taka afstöðu til eignarréttar sem myndast við greiðslu iðgjalda. Fólk á væntanlega rétt á lífeyri í samræmi við getu sjóðsins til þess að greiða hann, en vandamál rísa ef ætlunin er að flytja réttindi milli sjóða sem hafa mismunandi reglur. Eðlilegt væri að sjóðfélagi hefði eitthvað um slíkan flutning að segja.

“Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara”. Ávöxtunin verður að fylgja, eðlilegt er að endurgreiðslan miðist við áunnin réttindi.

Varðandi IV. kafla almenn skilyrði.

20. gr. Sbr. aths. v. 1. gr. Markmið sjóðanna er að tryggja sjóðfélögum lífeyri, það er gert með fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Fjárfestingin er aðferð, ekki markmið.

21. gr. Ákvæði um litla sjóði eru mjög óljós. Athugasemdir frumvarpsins þyrftu að vera ítarlegri.

22. gr. Huga þarf að nöfnum séreignasjóða í tengslum við hugsanlegar breytingar á stöðu þeirra. Ef hún breytist er óeðlilegt að þeir megi kalla sig lífeyrissjóði.

23. gr. Orðalag greinarinnar er of þröngt. Betra væri: lögjaldagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en ~~lögjaldum sínum~~ inneign sinni í sjóðnum.

24. gr. reglugerð um tryggingafræðilegar forsendur.

Miklu skiptir að reglugerðin sé vel samín, t.d. óháð efnahagsmarkmiðum stjórnvalda. Mætti t.d. leita umsagnar þegar til kemur hjá Félagi tryggingastærðfræðinga.

Varðandi V. kafla um starfsleyfi.

Það vantar í frumvarpið umfjöllun um afturköllun starfsleyfis. Athygli er vakin á fyrirkomulagi laga um váttryggingastarfsemi að þessu leyti. Þar eru ítarleg ákvæði um skilyrði starfsleyfis, veitingu þess og afturköllun þ. á m. heimildir eftirlitsstjórnvalda sem vantar algerlega í frumvarp það sem hér er til umræðu.

28. gr. breytingar á samþykktum.

Rétt er að vekja athygli á 60. gr. laga um váttryggingastarfsemi, þar sem segir m.a. að tilkynna skuli sérhverjum líftryggingataka um breytingar á skilmálum. Á ekki að tilkynna sjóðfélögum um breytingu samþykta t.d. ef um þrengingu á vernd er að ræða? Nægir tilkynning þessa efnis í Lögbirtingablað að fengnu samþykki fjármálaráðherra?

Tilkynna á um breytingar á samþykktum til fjármálaráðherra, hann þarf að samþykkja breytingar á samþykktum. Birta á tilkynningu um breytingu á samþykktum í Lögbirtingablaði. Óljóst er hvort birta skuli efnislega þá breytingu sem samþykkt hefur verið eða nægir tilkynning um að breyting hafi verið gerð!

Á ekki að tilkynna bankaeftirlitinu um breytingu á samþykktum eða á eftirlitið að sjá tilkynningu þessa efnis í Lögbirtingablaðinu? Frumvarpið er óskýrt um þetta atriði.

Varðandi VI. kafla um rekstur og innra eftirlit.

29. gr. Í 5. tl. segir: "...að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis.." og í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram: "...og að leita leiða til að auka þátttöku lífeyrissjóða í atvinnulífinu". Af þessu má sjá að gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir tengist atvinnulífinu í landinu bæði með eignaraðild og áhrifum. Þeir sem starfslega tengjast lífeyrissjóði geta því verið í þeirri aðstöðu að þeir starfi bæði fyrir lífeyrissjóðinn og fyrir atvinnufyrirtæki, sem fulltrúar lífeyrissjóðsins. Upp geta komið aðstæður þar sem hagsmunir lífeyrissjóðs og fyrirtækis stangast á. Í frumvarpinu er ekki að finna skýr ákvæði sem takmarka hagsmunaaðrekstra af þessu tagi. Athygli er vakin á umfjöllun um 36. gr.

30. gr. Hér er kveðið á um að fyrir lok júní skuli boða til ársfundar, en í 43. gr. kemur fram að innan fjögurra mánaða, eða fyrir lok apríl, skuli senda bankaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning ásamt skýrslu stjórnar. Hér er ósamræmi sem þarf að leiðrétta.

31. gr. Eftirlitið er sammála efnistöðum 4. mgr. 31. gr., sbr. og 32. gr. um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Þetta er samskonar ákvæði og er í frumvarpi til laga um breytingar á lögnum váttryggingastarfsemi.

34. gr. Athuga að misræmi er á milli orðalags 2. mgr. 34. gr. og skýringa í athugasemdum við þá grein. Orðalag 34. gr. gefur til kynna að löggiltur endurskoðandi þurfi ekki viðurkenningu bankaeftirlits líkt og fullyrt er í athugasemdum.

35. gr. 1) Reglur um eftirlit með eðlilegri ávöxtun vantar. 2) Á ekki að standa í 5. tl. "eftirlit með að eignum lífeyrissjóðs", en ekki "eftirlit með að tekjum lífeyrissjóðs"?

3) Bæta má við 5. tl. 1. mgr. "ásamt fjárfestingarstefnu".

Varðandi VII. kafla um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða.

36. gr. Í 1. mgr. segir m.a.: "...móta fjárfestingarstefnu...af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu". Hér kemur ekki fram hvort átt er við mikla áhættu og mikla ávöxtun eða varkárni. Stefnan þarf að vera skýr í lögnum.

Í lögum um váttryggingastafsemi er lögð áhersla á varkárni og þykir það henta í slíkri starfsemi, þar sem mikið er um langtímaskuldbindingar. Sama ætti að gilda um lífeyrissjóði.

Í 5. mgr. kemur m.a. fram að samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum, skv. 2.-9. tl. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skuli ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins eða 5% af hreinni eign þegar um eignir í 8. fl. er að ræða. Hætta er á að dreifingigna verði of lítil ef lífeyrissjóður á margar eignir sem ná þessum hámarkum. Á það skal bent að í reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga nr. 646/1995 eru mun strangari reglur um dreifingu eigna sem eiga að mæta skuldbindingum váttryggingafélaganna.

Í frumvarpinu kemur ekki fram hverjir eru eigendur lífeyrissjóðanna og er því enn ríkari ástæða, en ella væri, til að skilgreina í lögum markmið og stefnur í ávöxtun, þar sem ekki eru til staðar eigendur sem standa vörð um hagsmuni sína.

37. gr. Athygli er vakin á að af orðalagi greinarinnar kemur ekki fram hvort takmörkun á fjárfestingum í fasteignum eigi einnig við um kaup lífeyrissjóða á hlutafé í félögum sem hafa þá aðalstarfsemi að fjárfesta í fasteignum.

38. gr. Vakin skal athygli á að ekki eru settar reglur um lánveitingar til fyrirtækja sem umræddir aðilar í 38. gr. tengjast.

Varðandi VIII. kafla um ársreikning og endurskoðun.

42. gr. Í 2. mgr. kemur fram að endurskoðandi lífeyrissjóðs megi starfa við innra eftirlit hjá þeim sjóði sem hann endurskoðar. Er hér bæði átt við ytri endurskoðendur og innri endurskoðendur? Samræmist það starfi ytri endurskoðanda að vinna að innra eftirliti hjá sjóði sem hann endurskoðar?

43. gr. Athygli er vakin á umfjöllun um 30. gr.

Varðandi IX. kafla um eftirlit.

45. gr. Eftirlitið er samnála dagsektarheimildinni í frumvarpinu. Þó væri réttara að geta fjárhæða líkt og gert er í frumvarpi til breytinga á lögum um váttryggingastarfsemi.

50. gr. Varðandi lífeyrissjóði sem starfa við gildistöku laganna.

Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir því að sjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum sækji um starfsleyfi. Váttryggingaeftirlitið leggur til öllum að aðilum á þessu sviði verði gert að fá útgefið starfsleyfi. Þannig var þetta með tilkomu laga um váttryggingastarfsemi á árinu 1973 og þannig hefur það verið síðan. Eðlilegt er að veita aðlögunartíma í þessu efni. Váttryggingafélag sem starfar á grundvelli sérlaga þarf starfsleyfi líkt og aðrir. Eftirlitið telur það eðlilegri viðmiðun. Það er og mikilvægt fyrir eftirlitsstjórnvalda ef grípa þarf til ráðstafana gagnvart leyfishafa að starfsleyfi sé fyrir hendi.

Ekkert eftirlitsgjald. Ekki er gert ráð fyrir eftirlitsgjaldi vegna kostnaðar við eftirlit með þessari starfsemi. Hvers vegna er kostnaður vegna þessa lagður á Seðlabanka Íslands?

Niðurlag.

Eftirlitið telur margt ágætt í frumvarpinu sbr. t.d. ákvæði um innra eftirlit.

Það er álitafni hvort eftirlit með lífeyrissjóðum eigi ekki heima hjá Vátryggingaeftirlitinu fremur en bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Hjá Vátrygginga-efirlitinu er meiri þekking á hinum tryggingafræðilegu áherslum sem birtast í frumvarpinu, að því er telja verður og öðrum þáttum starfseminnar sem hliðstæðir eru vátryggingastarfsemi.

Vátryggingaeftirlitið telur að þessi málaflökkur eigi frekar að falla undir viðskiptaráðherra en fjármálaráðherra.

Ljóst er að ef líftryggingafélag sem fengið hefur útgefið starfsleyfi hér á landi og/eða hefur aðalstöðvar sínar utan hins Evrópska efnahagssvæðis fær heimild til móttöku viðbótariðgjaldsins með samningi um lífeyrissparnað skv. 8. gr. þá hefur Vátryggingaeftirlitið eftirlitshlutverki að gegna. Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gerir ekki ráð fyrir því að Vátryggingaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi líftryggingafélaga aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi, þar kemur heimaeftirlit til sögu sem íslenskum stjórnvöldum er gert að leggja traust sitt á. Höfundar frumvarpsins hafa ekki tekið mið af þessu við samningu frumvarpsins.

Vátryggingaeftirlitið er reiðubúið til að veita fyllri upplýsingar um mál þetta verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
Vátryggingaeftirlitið,

Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri.

Fylgiskjal XVI.**Umsögn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.**

(30. apríl 1997.)

Eftirfarandi tillaga var einróma samþykkt á aðalfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sem haldinn var 21. þ.m.:

„Aðalfundur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, haldinn á Grand Hótel, mánudaginn 21. apríl 1997, treystir því að Alþingi, í lagasetningum um lífeyrismál, tryggi áfram sem hingað til stöðu lífeyrissjóða sem byggðir eru upp á samtryggingu sjóðfélaga án skerðingar á greiðslu iðgjalda. Jafnframt verði lífeyrissjóðum heimilað að taka við viðbótariðgjöldum þar sem sjóðfélagar geta sjálfir ákveðið hvort viðbótariðgjald sé nýtt til aukinna lífeyrisréttinda á grundvelli samtryggingar eða lúti ákvæðum laga um séreign á sviði lífeyrissparnaðar.“

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur,

Magnús L. Sveinsson, formaður.

Fylgiskjal XVII.**Umsögn Verslunarráðs Íslands.
(28. apríl 1997.)**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að leita áhlits ráðsins á frumvarpi til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (530. mál).

Verslunarráð Íslands leggst gegn fyrirliggjandi frumvarpi. Verslunarráð Íslands telur að frumvarpið sé meingallað; bæði sú almenna stefna sem þar kemur fram og einstakar greinar þess. Þó svo að færa megi rök fyrir því að setja þurfi heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða og tryggja að einstaklingar leggi fyrir til elliáranna og vegna ófyrirsjáanlegra áfalla, þá er fyrirliggjandi frumvarp langt frá því að vera ásættanlegt. Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir almennum athugasemdum Verslunarráðsins við frumvarpið og síðan bent á galla við einstakar greinar þess.

Almennar athugasemdir**1) Tillögur frumvarpsins ekki í samræmi við meginmarkmið fjármálaráðherra**

Í upphafi greinargerðar með frumvarpinu kemur fram hver hafi verið meginmarkmið fjármálaráðuneytisins er ákveðið var að hefja vinnu við það. Var þar sérstaklega litið til þess að:

- 1) Auka valfrelsi í lífeyrissparnaði.
- 2) Innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða.
- 3) Tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna.

Ekkert af þessum atriðum nær fram að ganga. Er það í raun undarlegt og þvert á allar stjórnunarkenningar, að skilgreina meginmarkmið og leggja síðan fram tillögur sem ganga þvert á hin skilgreindu markmið.

2) Samtrygging felst ekki eingöngu í núverandi lífeyrissjóðakerfi

Sá misskilningur virðist nokkuð útbreiddur að orðið "samtrygging" þýði hið sama og núverandi lífeyrissjóðakerfi. Svo er alls ekki, heldur getur samtrygging komið fram í ýmsum myndum og ná má markmiðum um tryggingarvernd einstaklinga á annan hátt en í gegnum sameignarsjóði, t.a.m. með kaupum einstaklinga á líftryggingum, sjúkra- og slysatryggingum og heilsutryggingum hjá tryggingafélögum. Sem dæmi mætti setja ákvæði þess efnis að einstaklingum bæri að kaupa sér árlega tryggingar er veittu þeim rétt til greiðslna sem svaraði tiltekinni lágmarksupphæð ef viðkomandi yrði fyrir tjóni.

Það er þvert á almenna þróun í íslensku efnahagslífi að ætla festa niður eitt ákveðið form "samtryggingar", án tillits til aðstæðna, hagsmuna eða vilja þeirra einstaklinga sem eiga að búa við slíka samtryggingu.

Það er eitt að gera kröfu til einstaklinga um fyrirhyggju, að þeir leggi til hliðar til elliáranna og kaupir sér m.a. annars fullnægjandi tryggingar til að verjast ytri áföllum. Það er hins vegar óþörf forræðishyggja að neyða einstaklinga til að kaupa slíkar tryggingar hjá ákveðnum aðila, banna þeim að leita eftir hagkvæmari kostum og binda þá við reglur sem þeir hafa ekkert um að segja. Fullyrða má að ýmsar leiðir megi fara til þess að ná markmiðinu um fullnægjandi samtryggingu án þess að ganga á rétt einstaklinga til valfrelsis.

Það er alls ekki ljóst hvort að réttindi einstaklinga séu betur tryggð innan hins hefðbundna lífeyrissjóðakerfis miðað við þær tryggingar sem einstaklingar geta keypt sér á almennum markaði. Á þessu þyrfti að fara fram ítarlegur samanburður.

Almennt má þó segja að réttindi samkvæmt samningi við tryggingafélag eru skýrari heldur en skv. reglugerðum lífeyrissjóða. Tryggingataka er ljóst hversu víðtæk tryggingaverndin er, á meðan útreikningur örorkustiga í lífeyrissjóði er óljósari og ekki á hvers manns færi.

Þessu til viðbótar getur tryggingafélag ekki skert umsamin réttindi og tryggingataki getur jafnvel á ríkari rétt en samningurinn kveður beinlínis á um ef samningurinn fer í bága við 36. gr. samningalaga. Réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóði (s.s. örorku-, maka-, og barnalífeyrir) verða hins vegar skert einhliða (með ákvörðun stjórnar) án þess að hann hafi nokkuð um það að segja, auk þess sem ákvæði samningalaga um sanngirni samninga eiga ekki við.

Varðandi áhættudreifingu er rétt að benda á að tryggingarfélög hafa mun betri möguleika á því að dreifa áhættu sinni heldur en starfstengdir lífeyrissjóðir, svo ekki sé talað um staðbundna sjóði. Hópur tryggingataka tryggingafélaga er fjölbreyttari, gerðar eru kröfur til félaganna um ákveðna varasjóði auk þess sem þau baktryggja sig með endurtryggingum. Þannig er oft á tíðum meiri samtrygging hjá tryggingafélagi en í lífeyrissjóðum.

Að síðustu má benda á að hjá tryggingafélögum öðlast menn yfirleitt réttindi skv. samningi strax en ekki eftir einhvern biðtíma, sbr. ákvæði um 2 ára greiðslutíma til lífeyrissjóðs áður en réttindi til örorku-, maka-, og barnalífeyris verða virk.

3) Brot á grundvallarmannréttindum um félagafrelsi

Flestir íslenskir lífeyrissjóðir teljast til einkaréttarlegra félaga. Skylduaðild að einstökum, tilteknum sjóðum (sem er annað mál en sparnaðarskyldan) stangast á við 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) en fyrir liggur sú afdráttarlausni niðurstaða Mannréttindadómstólsins (MDE) að réttur manna til að standa utan félaga sé hluti af félagafrelsihugtakinu. Í 2. mgr. 11. gr. MSE er að finna undantekningareglu sem heimilar skerðingu á félagafrelsisákvæðunum í sérstökum tilvikum. Þar sem um er að ræða undantekningu frá afdráttarlausri meginreglu, sem verndar mikilsverð réttindi einstaklinga, verður að skýra 2. mgr. þröngt. Með hliðsjón af dómaframkvæmd MDE verður að telja að ekki sé "brýn þjóðfélagsleg þörf" á því að skylda menn til að vera í tilteknum lífeyrissjóði, enda má hæglega ná markmiðum lífeyrissparnaðar á annan hátt en með svo íþyngjandi skerðingu á grundvallarmannréttindum. Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að skylduaðild að einstökum lífeyrissjóðum stangist á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sem Íslendingar eru skuldbundnir að þjóðarrétti að hlíta (og reynar hefur lagagildi á Íslandi, sbr. l. 62/1994). Um þetta efni vísast nánar til viðauka 1 með þessari umsögn¹.

Í framhaldi af þessu er rétt að vekja athygli á því að innanlands ríkir réttaróvissa um það hvort skylduaðild að einstökum sjóðum brýtur í bága við félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, en Hæstiréttur skiptist í afstöðu sinni til þessa álitaefnis 3-2, sbr. hæstaréttardóm frá 26. september 1996 í máli nr. 187/1995.

Þessu til viðbótar er rétt að benda á að umræddum dómi Hæstaréttar hefur verið skotið til Mannréttindadómstólsins í Strassborg. Því kann hæglega svo að fara að innan nokkurra ára muni falla dómur sem tryggir valfrelsi í lífeyrismálum og kollvarpar því kerfi sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi frumvarpi. Verður að telja að þingmenn taki á sig mikla ábyrgð að samþykkja frumvarp af þessu tagi á meðan á málarekstri í Strassborg stendur.

4) Brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar

Ef frumvarpið nær fram að ganga væri löggjafinn að grípa með svo afgerandi hætti inn í sparnað þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem nú eiga aðild að séreignarsjóðum, að telja verður hæpið að slíkt standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. auk þess sem slíkt gæti jafnvel farið gegn 1. gr. 1. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE).

Í íslenskum rétti hafa orðin "eign" og "eignarréttur" í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar verið notuð í víðtækri merkingu. Hefur þannig verið talið að hvers kyns fjármunaréttindi féllu þar undir, bæði beinn og óbeinn eignarréttur, svo og áþreifanleg og óáþreifanleg verðmæti. Þeir einstaklingar, sem í dag greiða skyldubundið lífeyrisframlag sitt til séreignarsjóða, hafa gert samninga við sjóðina, sem skapa þeim ákveðin réttindi. Þar er bæði um að ræða réttindi, sem þegar hefur verið greitt fyrir með lífeyrisframlögum, en einnig þau réttindi, sem samningarnir miðast við

¹ Jónas Fr. Jónsson: "Félagafrelsi og skylduaðild að lífeyrissjóðum". Úlljótur 2. tbl. XLVII. Árg. 1994.

að greitt verði fyrir í framtíðinni. Með því að frumvarpið yrði að lögum væri verið að raska því réttarástandi, sem leiðir af samningunum, og framtíðarréttindi lífeyrisgreiðendanna yrðu í flestum tilvikum verri en ef samningar þeirra við séreignarsjóðina fengju að halda gildi sínu. Samþykkt frumvarpsins fæli þannig í sér eignarskerðingu fyrir félagsmenn í séreignarsjóðunum.

Jafnframt er rétt að benda á það að þúsundir einstaklinga eiga ekki aðild að samtökum vinnumarkaðarins og kjarasamningar á vegum þessara aðila eiga ekki við um launakjör þessara einstaklinga. Það verður að teljast vafasamt að löggjafinn geti afnumið samningsbundin réttindi þessara einstaklinga og þvingað þá til aðildar að samningi sem þeir hafa enga aðild að (hvorki sem einstaklingar né sem félagar í samtökum vinnumarkaðarins).

Eignaskerðing er skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar aðeins heimil ef almenningsheill krefst þess. Sambærilegt skilyrði er sett í 1. gr. 1. samningsviðauka MSE, sem áður var vitnað til. Full ástæða er til að efast um að dómstólar á borð við MDE teldu "hagsmuni almennings" af því að skylda alla til þess að greiða til sameignarsjóða svo mikla, að það yrði talið réttlæta þá skerðingu á eignarréttinum, sem hér hefur verið lýst. Visast í þeim efnum til umfjöllunar hér að framan um félagafrelsisþáttinn. Þá er rétt að minna á, að skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar skal fullt verð koma fyrir, ef eignir manna eru skertar með hliðsjón af almenningshagsmunum, og leiðir það til þess að hinir fjölmörgu greiðendur til séreignarsjóða ættu bótarétt á hendur ríkinu ef frumvarpið verður að lögum.

Eignarréttarsjónarmiðin, sem hér hafa verið reifuð, koma hvað skýrast fram þegar litið er til stétta sem lengi hafa byggt lífeyrissparnað sinn á séreignarfyrirkomulaginu. Má til dæmis um það nefna tannlækna og tæknifræðinga. Ekki er síður alvarlegt þegar verið að skerða réttindi hópa eins og flugfreyja, sem hafa gert kjarasamninga með ákvæðum þess efnis að þær greiði aukaframlag í séreignarsjóð í því skyni, að þær geti hætt störfum fyrr en gengur og gerist á vinnumarkaði, sbr. viðauka 2².

5) Launþegafrelsi innan EES

Frumvarpið heimilar lífeyrissjóðum að skerða áunnin örorku-, maka-, og barnalífeyrisréttindi, ef sjóðfélagi hættir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs (19. gr., sbr. 15.-17. gr.) Þar sem frumvarpið bannar útgreiðslur til íslenskra ríkisborgara fyrr en að töku lífeyris kemur (19. gr.) er ljóst að íslenskir launamenn sem nýta sér rétt sinn skv. EES samningnum og ráða sig til vinnu í öðru EES ríki tapa áunnum lífeyrisréttindum sínum. Þannig felur frumvarpið í sér áttthagafjötra og gerir Íslendingum erfitt að nýta sér launþegafrelsi EES-samningsins.

6) Ósamræmi við samkeppnislög

"Kerfi" það sem frumvarpið kemur á laggirnar felur í sér að einungis ákveðnum aðilum verður heimilt að taka við lágmarksiðgjaldi. Sjóðfélagar munu fæstir hafa nokkurt val um það hvaða aðili það er sem einum verður heimilt að taka við lágmarksiðgjaldinu. Þar með er girt fyrir valfrelsi

² Sjá kjarasamninga flugfreyja, kafla 19 "Lífeyrissérgjaldningur - samkomulag um hagræðingu".

einstaklinganna og þar sem réttindi verða ekki færð á milli sjóða er einnig ljóst að samkeppni verður útilokuð í lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Með því að girða fyrir samkeppni á þessu sviði fjármagnsmarkaðarins er gengið gegn markmiðum samkeppnislaga, sbr. 1. gr. þeirra. Engin rök standa til þess að kostir frjálsrar samkeppni eigi ekki við á þessu sviði, eins og öðrum, t.a.m. á sviði frjáls sparnaðar og trygginga.

Vegna fullyrðinga um "besta lífeyriskerfi í heimi" sem aðrar þjóðir taka sér til fyrirmyndar, er rétt að benda á að aðrar þjóðir gera ráð fyrir valfrelsi og samkeppni á milli sjóða, þó svo að margar þeirra séu að flytja sig úr gegnumstreymiskerfi yfir í sjóðssöfnunarkerfi.

7) Stoðunum kippt undan séreignarsjóðunum

Frumvarpið kippir stoðunum undan þeim séreignarsjóðum, sem nú starfa í landinu. Hvatinn til að greiða til þeirra minnkar verulega, og verður ekki fyrir hendi nema hjá þeim launþegum, sem geta samið um aukaframlag af hálfu atvinnurekenda sinna, eða þá að skattalögum verði breytt þannig að þeir sem greiða viðbótarframlag til séreignarsjóða njóti á móti einhvers skattalegs hagræðis. Þetta má rökstyðja með eftirfarandi hætti:

a) Séreignarsjóðir munu ekki eiga möguleika á því að ná til sín stærstum hluta af lífeyrissparnaði þeirra einstaklinga, sem áður höfðu möguleika á að greiða til þeirra skyldubundið lífeyrisframlag sitt. Þessu fylgir líka að sú samkeppni, sem til þessa hefur verið fyrir hendi á hluta lífeyrismarkaðarins, minnkar eða hverfur með öllu.

b) Minni hvati verður til þess fyrir marga, sem nú greiða í séreignarsjóði, að greiða viðbótarframlag. Skynsamlegra kann að verða fyrir þá að leita annarra leiða til að ávaxta fé sitt og fela í sér minni bindingu fjáris. Hætt er við að þessi breyting bitni hart á séreignarsjóðunum.

c) Tvísköttun viðbótariðgjalda mun einnig bitna á þeim aðilum sem heimilað verður, skv. II. kafla frumvarpsins, að taka við slíkum iðgjöldum. Ákveði launamaður að leggja sjálfur fram viðbótariðgjald verður um tvísköttun að ræða þar sem hann fær ekki lífeyrisgreiðslur umfram 4% fráregnar frá tekjuskatti auk þess sem hann greiðir tekjuskatt, í annað skipti, af viðbótariðgjaldinu þegar hann tekur það út í formi lífeyris.

d) Forsendur fyrir samningum sjóðfélaga við séreignarsjóðina munu breyta, og gæti það leitt þess að þeir ættu kröfur um útgreiðslu á sparnaði sínum, eða með tilflutningi til sameignarsjóða.

8) Skylduaðild án þess að greiðendur hafi ákvörðunarrétt

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að greiðendur til lífeyrissjóða (launþegar og launagreiðendur) hafi nein (raunveruleg) áhrif. Þegar um skylduaðild er að ræða að einstökum sjóðum, sérstaklega fyrir aðila sem ekki eru félagar í samtökum vinnumarkaðarins, hlýtur krafa um stjórnunarlega aðkomu greiðenda að öðlast aukið vægi.

Rétt er að benda á, að skv. frumvarpinu, geta greiðendur ekki, með formlegum hætti, haft áhrif á reglurnar sem sjóðirnir starfa eftir, t.a.m. um

réttindaávinnslu. Miklu getur skipt hvernig skipting er ákvörðuð milli ellilífeyris annars vegar og örorku-, maka- og barnalífeyris hins vegar, og að auki hvernig skiptingin er á milli örorku-, maka og barnalífeyris, sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Að auki hafa greiðendur ekkert umþað að segja, hvort að lífeyrissjóði er slitið eða hann sameinaður öðrum, þó svo að slíkar ákvarðanir geti haft verulega þýðingu fyrir meðferð réttinda í viðkomandi sjóði.

9) Skortur á réttaröryggi - engar áfrýjunarleiðir

Í frumvarpinu er ekki að finna nein ákvæði um réttaröryggi sjóðfélaga eða áfrýjunarleiðir ef þá greinir á við stjórn sjóðsins, m.a. um útreikning réttinda sinna eða önnur atriði. Það gefur augaleið að dómstólaleið í þessu sambandi er seinfarin, erfið og dýr, og í sumum tilvikum, t.a.m. ef ágreiningur er um ellilífeyri, nánast ómöguleg (sjóðfélagi gæti dáið áður en niðurstaða fengist og ekki myndu erfiðar njóta þess ef hann hefði haft rétt fyrir sér).

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að lífeyrissjóðum verður ekki gert að starfa undir því aðhaldi sem stjórnsýslulög veita opinberum aðilum s.s. reglum um jafnræði, meðalhóf, andmælarétt og rökstuðning; jafnvel þótt þeir fari með jafn mikilvæga hagsmuni einstaklinga og raun ber vitni. Er full ástæða til að velta því upp hvort að ekki eigi að gera sambærilegar kröfur, um leið og gerðar eru kröfur um hæfi stjórnarmanna til meðferðar einstakra mála. Telja verður þetta atriði mjög mikilvægt í ljósi þess að mælt er fyrir um skylduaðild að einstökum, ákveðnum sjóðum. Minni þörf er hins vegar á slíkum reglum þegar sjóðfélagi hefur val á milli sjóða og rétt til þess að flytja réttindi sín á milli þeirra.

ÁGALLAR Á EINSTÖKUM GREINUM

Ákvæði einstakra greina bera það glögg með sér að frumvarpið sé unnið í flýti og án þess að samræmd stefna komi þar fram. Skal hér bent á það helsta.

2. gr.

Í 2. gr., sbr. 5. gr. og 13. gr. er skylduáðild að einstökum, ákveðnum lífeyrissjóðum fest enn frekar í sessi og gerð víðtækari en verið hefur til þessa. Eftirleiðis munu enn færri hafa val um til hvaða sjóðs þeir greiða og valkostir þeirra verða enn færri en nú.

Verzlunarráðið telur að hér sé um skýlaust brot á mannréttindum að ræða, auk þess sem frumvarpið eyðir þeirri litlu samkeppni sem fyrir hendi hefur verið á markaðnum.

Að síðustu má benda á að orðalag varðandi aðildina að lífeyrissjóði (2. mgr. 2. gr.) er klúðurslegt og stangast í raun á við ákvæði greinargerðar. Það er vond lagatækni að ætla greinargerð að mæla fyrir um hvernig lög skuli vera. Greinargerðir eru lögskýringargagn á síðari stigum ef túlka þarf orð lagatextans, þeim er hins vegar ekki ætlað að hafa sjálfstætt lagagildi.

3. gr.

Upptalning ákvæðisins er tæmandi og því virðist t.a.m. mega neita manni um aðild m.t.t. til atvinnugreinar eða þjóðernis.

5. gr.

Ákvæðið er ruglingslegt og erfitt að fá heila brú í það. Talað er um 10% skyldutryggingu sem skiptist í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald. Síðan er talað um lágmarksiðgjald og skyldutryggingariðgjald umfram 10% og að síðustu er sagt að lágmarksiðgjald sé 10%, en síðan talað um viðbótariðgjald umfram það en innan skyldutryggingar.

Það verður einnig að telja nokkuð sérstakt að setja fram í lagatexta góðfúslegt leyfi fyrir almenning að koma sér upp frjálsum sparnaði.

Jafnframt má spyrja sig að því, að ef launamanni er treystandi til þess að velja um ráðstöfun viðbótariðgjalds, af hverju þá ekki alls iðgjaldsins?

8. gr.

Ákvæðið sýnir glögg þá fljótaskrift sem verið hefur á samningu frumvarpsins. Í 8. gr. eru taldir upp (á tæmandi hátt) þeir aðilar sem mega taka við viðbótarlífeyrissparnaði. Þar er ekki gert ráð fyrir séreignarsjóðum, en þeir séreignarsjóðir sem starfa í dag eru sjálfstæðir lögaðilar, þó svo að rúmur þriðjungur þeirra sé starfræktur á vegum verðbréfafyrirtækja. Verðifrumvarpið að lögum er s.s. óheimilt fyrir tæknifræðinga og tannlækna að starfrækja sjóði sem tæki við viðbótarsparnaði félagsmanna þeirra³.

Enginn rökstuðningur er fyrir því af hverju gerðar eru strangar og takmarkandi kröfur til þeirra aðila sem mega taka við viðbótariðgjaldinu, en vægari kröfur til þeirra lífeyrissjóða sem munu taka við megninu af lífeyrissparnaði almennings. Sjá umfjöllun um 21. gr. frumvarpsins.

³ Lífeyrissjóðir þessara aðila eru séreignarsjóðir og sjálfstæðir lögaðilar, þó svo að þeir hafi gert vörslusamninga við verðbréfafyrirtæki.

10. gr.

Vegna reynslunnar er rétt að setja fjármálaráðherra tímatakörk varðandi samþykki á reglum. Rétt væri að setja t.a.m. 2 mánaða tímamark til að afgreiða samþykki og ef ráðherra hefur ekki gert athugasemdir skoðist reglurnar samþykktar.

Ákvæðið veitir fjármálaráðherra opna heimild til þess að hafa afskipti af efni reglugerða þessara aðila (sem taka við viðbótariðgjaldi). Þetta er mun ríkari heimild til afskipta en í 27.-28. gr. varðandi lífeyrissjóði (sem taka við megninu af lífeyrissparnaði) og ríkari heimild en skv. núgildandi löggjöf (þar sem ráðherra hefur ekki beinan frumkvæðisrétt). Þessi tilhögun er ekki rökstudd sérstaklega í greinargerð.

11. gr.

Skilyrði úttektar á viðbótarsparnaði er þrengd frá því sem gildir í dag skv. reglugerðum frjálsra sjóða. Í ljósi þess að banna á frjálsu sjóðunum að taka við hinum lögbundna lágmarkslífeyrissparnaði þá er fráleitt að setja þessar hömlur á frjálsan sparnað fólks.

Ákvæðið mun enn frekar draga úr hvata til þess að leggja viðbótariðgjald í slíka sjóði. Einstaklingur sem vill leggja aukalega til hliðar í því skyni að eiga þess kost að hætta störfum fyrr mun frekar nýta önnur sparnaðarform. Ákvæðið væri hins vegar réttlætanlegt ef séreignarsjóðirnir ættu að fá að starfa áfram og kæmi þá til móts við þær örökstuddu áhyggjur manna að greiðendur í séreignarsjóði sólundi fjármagninu á 10 árum og leggist síðan upp á ríkið síðustu ár ævi sinnar.

13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um þau réttindi sem einstaklingar ávinna sér með iðgjöldum sínum. Ákvæðið veitir lífeyrissjóðum víðtæka heimild til ákvörðunar um það hvernig réttindum verður hagað (hvernig réttindi sjóðfélagar ávinna sér), en sjóðfélagar hafa hins vegar ekkert um það að segja. Þessu til viðbótar tekur réttindaávinnsla ekki mið af einstaklingshagsmunum, t.a.m. fjölskylduaðstæðum, örorkuáhættu og aldri. Varðandi aldurinn er sérstaklega rétt að vekja athygli á því að eftir því sem sjóðfélagi er yngri þeim mun verðmætara eru framlög. Engu að síður ávinnur 25 ára maður sér inn sömu réttindi í sameignarsjóði og 60 ára maður fyrir sömu greiðslu, þó svo að ljóst sé að framlag hans muni ávaxtast hjá sjóðnum 35 árum lengur en framlag þess sem eldri er.

14. gr.

Með því að kveða á um að lífeyrir skuli greiddur til æviloka er verið að koma í veg fyrir áframhaldandi starfsemi séreignarsjóðanna. Breyta þarf þessu ákvæði með tilliti til þeirra. Óttist menn að fólk taki of skarpt út úr séreignasjóðunum væri frekar spurning að lengja greiðslutímabilið eftir 60 ára aldurinn (t.d. í 17 ár, sbr. tölur um meðalævi), eða gera kröfur um að fólk afli sér trygginga fyrir ævilífeyri.

Í lok 2. mgr. er lífeyrissjóðum veitt víðtæk heimild til að taka ákvörðun um úttekt og endurgreiðslu til sjóðfélaga á ellilífeyrissparnaði þeirra. Fólk mun eiga allt undir reglum sem það hefur ekkert um að segja.

15. gr.

Í ákvæðinu eru settir upp nokkrir þröskuldar fyrir því að sjóðfélagar geti fengið rétt (eða greiðslu) örorkulífeyris. Ekkert þessara skilyrða tekur tillit til þess hversu lengi eða hversu mikið viðkomandi aðilar hafa greitt til sjóðsins.

- 1) Sjóðfélagi þarf að uppfylla þrenns konar skilyrði: Hafa greitt til viðkomandi lífeyrissjóðs í 2 ár, hafa orðið fyrir 50% örorku og hafa orðið fyrir tekjuskerðingu.
Þannig er ekki nóg að hafa orðið 50% öryrki ef slíkt hefur ekki tekjuskerðingu í för með sér (öfugt við t.a.m. tryggingaskilmála).
- 2) Til að réttur fái til framreiknings örorkulífeyris þarf sjóðfélagi að hafa greitt til sjóðs í a.m.k. 4 ár af síðustu 5 og þar af a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12.
- 3) Lífeyrissjóður getur ákveðið upp á sitt eindæmi að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu 3 mánuði eftir orkutap og alls ekki ef orkutap varar skemur en 6 mánuði. Skiptir örorkustigið eða tekjutapið engu í þessu sambandi.
- 4) Opin heimild er til þess að gera enn þrengri kröfur sbr. 5. mgr. 15. gr. Þannig er t.a.m. hægt varðandi örorkumat að gera þá kröfu að örorka verði ekki metin með tilliti til þess starfs sem sjóðfélagi hafi unnið heldur með tilliti til hæfis til þess að gegna störfum almennt á vinnumarkaði (sjá greinargerð með frumvarpi á bls. 27). Tekjumunur á þessu tvennu getur verið verulegur og verður vart haldið fram með nokkurri sanngirni að örorkan hafi ekki haft áhrif á aflahæfi viðkomandi.
Í 5. mgr. 15. gr. er lífeyrissjóðum veitt opin heimild til þess að kveða á um að aðrar tekjur skerði rétt manna til örorkulífeyris, sbr. greinargerð á bls. 27.

Ef litið er til þeirra trygginga sem bjóðast á almennum tryggingamarkaði þá eru reglur almennt mun skýrari. Helstu takmarkanir eru þær, að þegar um sjóðfélaga í frjálsum lífeyrissjóðum er að ræða hefur sjúkra- og slysatryggingar verið miðaðar við 40% örorku. Vegna tímabundins missis starfsorku eru greiddir dagpeningar. Í váttryggingaskilmálum er einnig skýrt tekið fram í hvaða tilfellum bótaskylda er ekki til staðar, en þar t.a.m. um að ræða athafnir sem flokka má undir áhættutöku s.s. köfun, fjallaklifur, fallhlífastökk og tjón af völdum force major viðburða s.s. jarðskjálfta, hernaðaraðgerða, mengunar ofl. Gegn hinum undanþægu tilvikum er oft hægt að tryggja sig sérstaklega, en það er að sjálfsögðu dýrara en almennar tryggingar þar sem samtryggingin er minni.

Hér skal ekki fullyrt hvort er hagkvæmara, en sjálfsagt fer það eftir einstaklingum og lífsmáta þeirra. Full ástæða er hins vegar fyrir löggjafann að kanna slíkt út í hörgul áður en hann setur alla í eitt ákveðið mót.

16. gr.

Nokkrir þröskuldar eru á því að menn geti öðlast rétt til makalífeyris.

- 1) Greiða þarf iðgjöld í a.m.k. 24 mánuði á síðustu 36 mánuðum fyrir andlát (eða hafa notið lífeyris við andlátíð).
- 2) Hægt er að takmarka þann tíma sem makalífeyrir er greiddur, sbr. 2. mgr.
- 3) Fella má makalífeyri niður ef maki gengur í hjúskap að nýju (óvígða sambúð).
- 4) Opin heimild er veitt til frekari skerðinga á rétti til makalífeyris í 4. mgr.

Ýmsir aðilar bjóða upp á líftryggingar í mismunandi formi. Hjá líftryggingafélögum eru bætur greiddar út til lögerfingja, nema tryggingataki hafi sérstaklega tilgreint réttthafa bótanna. Almennt eru engar takmarkanir á greiðslu líftryggingabóta utan þá eina að ekki eru greiddar bætur úr líftryggingu ef tryggingataki sviptir sig lífi innan eins árs frá því að hann tók líftrygginguna.

Sé um ógreiddar örorkubætur að ræða eru þær greiddar til lögerfingja.

17. gr.

Vísa má til umfjöllunar um 16. gr. að breyttum breytanda.

18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skráningu upplýsinga um lífeyrisréttindi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Athygli vekur að sjóðfélagar eiga ekki beinan rétt til upplýsinga um réttindi sín, umfram það sem lífeyrissjóður sendir þeim sbr. 2. mgr. Full ástæða er til þess að mæla fyrir um í lögum að slíkur upplýsingaréttur sé fyrir hendi, en ekki eftirláta það framkvæmdavaldinu að kveða á um (með reglugerð) svo mikilvæg réttindi einstaklinga. Um fyrirmynd má vísa til 1. mgr. 9. gr. upplýsingalaga.

Skv. 60. gr. frumvarpsins á að fella burtu lög um heildarskrá lífeyrisréttinda sbr. lög 91/1980. Slíkt vekur upp spurningar um það hvar (og hvort) einstaklingar, sem greitt hafa í fleiri en einn lífeyrissjóð, geta nálgast heildstæða upplýsingagjöf um þær greiðslur og réttindi sín, sbr. 6. gr. áðurnefndra laga.

19. gr.

2. mgr. frumvarpsins er í þversögn við næstu greinar á undan hvað varðar tímakröfur til réttindaávinnslu örorku-, maka-, og barnalífeyris.

Í 3. mgr. eru reistar skorður við því að menn megi flytja réttindi sín á milli sjóða fyrr en að töku lífeyris kemur, t.a.m. ef þeir skipta um starfsgrein. Þannig er hætt við því að örorku-, maka-, og barnabótaréttur tapist vegna krafna um lágmarksgreiðslutíma til sjóðs. Full ástæða er til þess, þegar um skylduaðild er að ræða, að lög mæli fyrir um það að réttindi tapist ekki við það að menn skipti um lífeyrissjóð (starf). Jafnframt ættu menn í slíkum tilvikum að eiga skilyrðislausan rétt til þess að flytja réttindi sín á milli lífeyrissjóða (þ.e. að gefinni þeirri forsendu að um skylduaðild sé að ræða).

Full ástæða er til þess að vekja athygli á því að 19. gr., einkum 4. mgr. gerir það að verkum að Íslendingum er gert erfiðara með að nýta sér launþegafrælsi EES.

21. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skilyrði til að starfrækja lífeyrissjóði og vísað í því sambandi til V. og XI. kafla. Þessi skilyrði eru afar væg ef miðað er við þau skilyrði, sem sett eru vegna starfrækslu annarra fjármálastofnana. Dæmi um það koma fram í athugasemdum við einstakar greinar í þeim köflum. Þó er rétt að vekja athygli á skilyrðinu í 21. gr. um lágmarksfjölda sjóðfélaga, en það er svo loðið og teygjanlegt, að það er í raun gagnslítið eða gagnslaust. Má í því sambandi benda á orðalagið "...að jafnaði" og "...nema sjóður tryggji áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti." Í þessu sambandi má efast um að fullnægjandi áhættudreifing náist í

sameignarsjóði þar sem félagsmenn eru einungis 800 auk þess sem spyrja má að því hvort að áhættudreifing sé fullnægjandi í staðbundnum (litlum) sjóðum.

Einnig má benda á, að ekki eru í frumvarpinu ákvæði um ábyrgð stjórnenda lífeyrissjóða, en um það efni má m.a. vísa til ákvæða um ábyrgð stjórnenda hlutafélaga skv. IX. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995 (um félagsstjórn), XV. kafla (um skaðabótaábyrgð) og XVIII. kafla (um refsíábyrgð). Hlutafélagaformið er og verður ríkjandi félagaform hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en lífeyrissjóðum, svo sem bönkum og verðbréfafyrirtækjum (raunar er um skyldu að ræða í tilviki verðbréfafyrirtækjanna), og er því ljóst að strangari reglur munu gilda að þessu leyti um slík fjármálafyrirtæki en lífeyrissjóðina, jafnvel þótt ljóst sé að fjármálaumsvif lífeyrissjóðanna eru miklu meiri en þessara fyrirtækja.

25. gr.

Í annari málsgrein eru talin upp ýmis gögn og upplýsingar sem þurfa að fylgja, þegar umsókn um stofnun lífeyrissjóðs er send fjármálaráðherra. Ákvæðið er mun opnara en sambærileg ákvæði um önnur fjármálafyrirtæki og má í því sambandi t.d. vísa til 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparissjóði, 4. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti og 21. gr. l. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

26. gr.

Í 3. mgr. er fjallað um að áður en ákvörðun sé tekin um synjun starfsleyfis skuli leita umsagnar bankaeftirlits. Í 2. mgr. 25. gr. er kveðið á um að áður en umsókn sé afgreidd skuli leitað umsagnar bankaeftirlits. Spurning hlýtur að vera, hvort með þessum ákvæðum er ætlunin að tveggis sé leitað umsagnar hjá bankaeftirliti þegar fjármálaráðherra synjar um starfsleyfi.

27. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um samþykktir lífeyrissjóðs. Talin eru upp ýmis atriði sem fjalla á um í samþykktum, en eru lögbundin með skýrari hætti hjá hlutafélögum (en eins og áður kom fram er hlutafélagaformið ríkjandi hjá flestum öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði). Má þar t.a.m. nefna ákvæði um hlutverk stjórnar.

28. gr.

Í greinina skortir ákvæði um tímafresti ráðherra til að staðfesta (eða synja) reglugerð lífeyrissjóðs. Í ljósi reynslunnar er rétt að hafa tímafresti og þá þannig að hafi ráðherra ekki gert athugasemdir innan 2 mánaða skoðist reglugerð samþykkt. Sambærilega athugasemd er að finna varðandi 10. gr.

29. gr.

Rétt er að benda á, að ákvæði um stjórnir lífeyrissjóða í frumvarpinu eru mun efnisminni heldur en sambærileg ákvæði í hlutafélagalögum. Má sem dæmi um það nefna, að ekki eru sérstök ákvæði um formann stjórnar, hlutverk hans og ábyrgð (sbr. t.d. 70. gr. hfl.), ákvörðunarbærni stjórnar (1. mgr. 71. gr. hfl.), ákvörðunartöku innan stjórnar (2. mgr. 71. gr. hfl.) eða boðun stjórnarfunda (2. mgr. 70. gr. hfl.).

Loks má nefna, að ekki eru í frumvarpinu sérstök ákvæði um innherjaupplýsingar, en um það efni er sérstaklega fjallað í 2. mgr. 67. gr. hfl., og ekki er heldur þar að finna bann við því að mismuna sjóðfélögum, en

slíkt ákvæði er í 1. mgr. 76. gr. hfl. Jafnframt má vísa í þessu sambandi til 15. gr. l. 13/1996 um verðbréfavíðskipti (um óhlutdrægni gagnvart víðskiptamönnum) og 27. gr. sömu laga (um innherjaviðskipti o. fl.). Ljóst er að vegna afls lífeyrissjóða (og samstarfs) munu stjórnendur þeirra oft hafa vitneskju um kaup- og söluákvæðanir einstakra verðbréfa, sem kunna að hafa áhrif á verðþróun.

30. gr.

Bæði í þessari grein og 27. gr. er minnst á atkvæðisrétt, þ.e. atkvæðisrétt um ekki neitt. Aðilar að lífeyrissjóðum hafa litla raunverulega möguleika til að hafa áhrif á þau atriði sem taka á fyrir á aðalfundi skv. 3. mgr. Það er lágmarkskrafa þegar um er að ræða nauðungaraðild að lífeyrissjóðum, ekki síst fyrir þá sem ekki eru aðilar að samtökum vinnumarkaðarins, að þeir hafi beinan ákvörðunarrétt um þær samþykktir sem lífeyrissparnaði þeirra er ráðstafað eftir. Að öðru leyti vísast til þess sem sagði í töluð 7 í almennum athugasemdum.

36. gr.

Í 1. mgr. er að finna ítarlega upptalningu á þeim leiðum, sem lífeyrissjóðum er heimilt að fara til að ávaxta fé sitt. Spurning er hvort ástæða er til þess að lögfesta upptalningu af þessu tagi, en að sjálfsögðu væri einnig hægt að kveða á um þessi atriði í stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglum útgefnum af bankaeftirliti. Slíkt væri sveigjanlegra og mætti laga á skjótvirkari hátt að þróun í fjármálaheiminum.

Í frumvarpinu eimir nokkuð eftir af gamaldags hugsunarhætti. Þannig er t.a.m. engar takmarkanir settar við því hversu mikið af eignum lífeyrissjóðs má festa í skuldabréfum sem tryggð eru með fasteignaveði (þó sett sé hámark á það hversu mikið viðkomandi eignir mega vera veðsettar).

Í 5. mgr. er að finna hámarkshlutfall þess hlutafjár, sem lífeyrissjóður má eiga í hlutafélagi. Spyrja má hvort eðlilegt sé að miða fortakslaust við 10% í þessu sambandi, t.d. þegar um er að ræða lágar fjárhæðir (t.d. hlut litlu hlutafélagi) eða þegar um er að ræða óverulegan hluta af heildarhlutafjáreign lífeyrissjóðsins. Í þessu sambandi er það ekki eignarhlutdeildin sem skiptir öllu máli heldur áhættudreifingin.

Áhættudreifingin hefur einnig töluvert að segja varðandi hámark á möguleikanum til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Nú geta einstakir sjóðir verið mismunandi hvað varðar samsetningu fjárfestinga þeirra og áhættudreifingu. Þannig getur oft á tíðum verið áhættuminna að eiga í vel dreifðum verðbréfasjóði heldur en t.a.m. fasteignaveðbréf.

Ákvæðið um 10% hámarkseign í einstöku félagi virðist vera sett til að takmarka áhrif lífeyrissjóða í einstökum atvinnufyrirtækjum og er nær að það sé frekar gert beint en því ekki blandað saman við fjárfestingastefnu (enda má t.a.m. gefa út hlutabréf án atkvæðisréttar). Þannig mætti setja ákvæði um það að lífeyrissjóður gæti að hámarki farið með 10% atkvæða innan hlutafélags.

Þegar hugað er að þessum þætti er full ástæða til að athuga, að lífeyrissjóðir geta að sjálfsögðu farið í kringum 10% markið með því að eiga

hlutfé í félagi upp að 10%, kaupa síðan bréf í hlutabréfasjóði sem fjárfestir í viðkomandi félagi og síðan jafnvel í verðbréfasjóði sem fjárfestir í íslenskum hlutabréfum (slíkir sjóður gætu bæði verið innanlands og utan).

Varðandi gengisáhættu er hægt að benda á að krafan um 40% er ósveigjanleg og gamaldags m.v. áhættudreifingarsjónarmið. Er áhættuminna að eiga meira en 40% af eignum í þýskum, breskum og bandarískum ríkisskuldabréfum en innlendum fjárfestingum. Að auki má benda á að sjóðir geta hæglega varist gengisáhættu með því að miða erlendar fjárfestingar sínar við þá gengiskörfu sem gengi íslensku krónunar tekur mið af.

38. gr.

Í greininni er kveðið á um bann við lánveitingum lífeyrissjóða til stjórnar- og varastjórnarmanna, starfsmanna, endurskoðenda og eftirlitsaðila. Bannið nær skv. ákvæðinu einnig til maka þessara manna, en eðlilegt væri að bæta við banni við lánveitingum til aðila, sem eru nátengdir þeim. Má í því sambandi vísa til 104. gr. hfl. Þar eru auk maka taldir upp þeir, sem eru skyldir hlutaðeigandi að feðgatali eða niðja, sem og þeir sem að öðru leyti standa honum nærri.

39. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að tryggingastærðfræðingur, sem ráðinn er til að gera tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóði, skuli þegar í stað gera stjórn viðvart ef úttektin leiðir í ljós að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hann á jafnframt að gera bankaeftirliti viðvart. Full ástæða er til að sjóðfélögum verði einnig gert viðvart ef staðan er orðin með þessum hætti og má í því sambandi vísa til 4. mgr. 84. gr. hfl., þar sem sú skylda er lögð á stjórn hlutafélags að halda hluthafafund innan tiltekins frests ef eigið fé fer niður fyrir ákveðin mörk. Stjórnin á þar að gera grein fyrir stöðunni og leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

43. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um birtingu og aðgengi að ársreikningum lífeyrissjóða. Skulu meginniðurstöður reikninga birtar opinberlega og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga á starfsstöð sjóðsins. Í ársreikningalögum nr. 144/1994 eru gerðar aðrar kröfur að ýmsu leyti en þarna koma fram. Ekki er gerð krafa um opinbera birtingu með sama hætti og í frumvarpinu, en í 69. gr. er hins vegar gerð krafa um að ársreikningur félags sé sendur félagaskrá innan tiltekins tímafrests og er félagaskrá skylt að veita aðgang að honum. Þannig má færa fyrir því rök, að nái frumvarpið fram að ganga eigi hluthafar í hlutafélögum meiri rétt til að kanna ársreikninga hlutafélaganna heldur en sjóðfélagar til lífeyrissjóðanna. Þeir síðarnefndu eiga ekki heimtingu á því að skoða ársreikninginn sjálfan heldur aðeins meginniðurstöður. Er ekki að sjá, að nokkur ástæða sé til þess að láta aðrar reglur gilda um lífeyrissjóði að þessu leyti heldur en félög á borð við hlutafélög, enda er nauðsynlegt að hafa í huga, að þorri þjóðarinnar mun eiga aðild að lífeyrissjóðunum, nái frumvarpið fram að ganga, og í mörgum tilvikum munu þeir hafa með höndum varðveislu og ávöxtun verðmætustu fjárhagslegu réttinda einstaklinganna.

48 gr.

Í ákvæðinu er fjallað um slit og sameiningu lífeyrissjóða. Eðlilegt er að svo veigamiklar ákvarðanir fyrir hagsmuni greiðenda séu teknar af þeim sjálfum, nema þegar sjóður getur ekki uppfyllt skyldur sínar sbr. 46.-47. gr. Þegar um sameiningu er að ræða ætti að gera sambærilegar kröfur til stjórnar sjóðanna um upplýsingagjöf til greiðenda og gerðar eru í XIV. kafla hlutafélagalaga að breyttum breytanda, þ.e. um samrunaáætlun og skýrslu stjórnar, þar sem m.a. kæmi fram fjárhagsstaða sjóða fyrir og eftir sameiningu, hvernig réttindi verða fyrir og eftir sameiningu ofl. auk fylgigagna.

54. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um stöðu þeirra lífeyrissjóða og séreignarsjóða, sem hyggjast eftir gildistöku nýrra laga einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda. Ætla má að þetta ákvæði hafi veruleg áhrif og má um það vísa til umfjöllunar í almennum athugasemdum um brostnar forsendur fyrir áframhaldandi starfrækslu núverandi séreignarsjóða. Ákvæði þetta svarar hins vegar ekki á þeim flóknu, lögfræðilegu álitaeftum, sem kunna að koma upp vegna þess að forsendur fyrir lífeyrissparnaði þúsunda einstaklinga bresta. Rétt er að minna á, að sparnaður þessa fólks byggist á samningum um ákveðin fjárhagsleg réttindi við séreignarsjóðina, og miklar takmarkanir eru á því hversu langt löggjafinn getur gengið langt í að skerða þessi réttindi.

55. gr.

Hér virðist um þá fljótfærnisvillu að ræða að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að séreignarsjóðir hafi verið stofnaðir af öðrum en verðbréfafyrirtækjum eða viðskiptaböndum. Þannig er ekki tekið tillit til t.a.m. lífeyrissjóða tæknifræðinga, tannlækna, félags hljómlistarmanna eða íslenskra starfsmanna varnarliðsins.

Greinin felur í sér alvarlegar samkeppnishömlur sem fara í bága við markmið samkeppnislaga, auk þess sem hún breytir forsendum þeirra saminga sem búa að baki inngreiðslu iðgjalda í séreignarsjóði (einkum hjá þeim sem greitt hafa allt sitt framlag til þeirra). Um þetta efni vísast nánar í almennan inngang umsagnarinnar.

Refsi- og bótaábyrgð stjórnenda

Í frumvarpið vantar sambærileg ákvæði um refsí- og bótaábyrgð stjórnenda lífeyrissjóða og er að finna í hlutafélagalögum, XV. og XVIII. kafla. Ákvæði 57. gr. er almennt og á við alla sem að lífeyrissjóðastarfsemi koma, t.a.m. launagreiðendur.

Lokaorð

Frumvarp til laga um lífeyrissparnað er stórmál sem snertir verulegan hluta af eignamyndun einstaklinga. Ýmis flókin pólitísk og lögfræðileg álitafni leikast á og því er ástæða til þess að vandað sé til lagasetningar um þetta efni.

Verslunarráð Íslands telur að ýmis rök mæli með því að sett verði heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða þar sem m.a. verði kveðið á um starfsleyfisskilyrði aðila sem taka við lífeyrissparnaði, stjórn, innra og ytra eftirlit, fjárrestingarstefnu ofl. Jafnframt kann að vera rétt að setja ákvæði um sparnaðar- og tryggingaskyldu manna, en það er hins vegar grundvallarkrafa að valfrelsi ríki um það hvar menn inna slíka skyldu af hendi. Kostir frjálsrar samkeppni eiga ekki síður við á þessu sviði fjármálaþjónustu en annars staðar.

Með hliðsjón af því sem að framan er sagt um galla fyrirliggjandi frumvarps leggst Verslunarráð Íslands gegn því að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Jónas Fr. Jónsson hdl.,
aðstoðarframkvæmdastjóri,

Birgir Ármannsson,
lögfræðingur Verslunarráðs.

Fylgiskjal XVIII.**Umsögn Vinnumálasambandsins.
(30. apríl 1997.)****Almennar athugasemdir.**

Vinnumálasambandið hefur ekki fengið þetta mál formlega til umsagnar frá nefndinni. Nefndin hefur samt séð ástæðu til að óska eftir umsögnum annarra heildarsamtaka á vinnumarkaði. Það vekur einnig athygli að í frumvarpi er víða getið um kjarasamning sem ASÍ og VSÍ gerðu um lífeyrismál í desember 1995 en Vinnumálasambandið á enga aðild að þeim samningi, en Vinnumálasambandið átti hins vegar aðild að samkomulagi um lífeyrismál árið 1969.

Vinnumálasambandið er þó í aðalatriðum sátt við meginefni fyrirliggjandi frumvarps að undanskyldum I. kafla þess, þar sem fjallað er um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og VI. kafla þar, sem fjallað er um tilnefningu í stjórnir lífeyrissjóða. Það gerir því tillögur um töluverðar breytingar á einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

2. gr.

Hvergi í þessari grein eða í athugasemdum er minnst á það að fyrir stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 voru starfandi fyrirtækjasjóðir, sem ýmist tóku til eins fyrirtækis, eins og t.d. Lífeyrissjóður KEA, eða hóps fyrirtækja, eins og Lífeyrissjóður SÍS gerði, nú Samvinnulífeyrissjóðurinn. Fyrirtækjalífeyrissjóðir voru því ekki stofnaðir með kjarasamningum, eins og SAL sjóðirnir árið 1969. Tilvist

fyrirtækjasjóðanna var hins vegar viðurkennd í þessu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 1969 og á því byggt að þeir myndu starfa áfram, en öllum starfsmönnum fyrirtækjanna yrði skylt að eiga aðild að þeim lífeyrissjóðum, sem í hlut áttu. Vinnumálasambandið átti hins vegar enga aðild að stofnun eða stjórnun SAL lífeyrissjóðanna, því aðildarfyrirtæki þess áttu árið 1969 þegar aðild að starfandi fyrirtækjasjóðum, Samvinnulífeyrissjóðnum og Lífeyrissjóði KEA. Eðlilegt er að í nýrri löggjöf um lífeyrissjóði sé þessara sögulegu staðreynda getið og efnislegt tillit tekið til þeirra enda löglegar og réttmætar stofnanir. Breyta þarf því bæði orðalagi 2. gr. og athugasemda með henni á eftirfarandi hátt:

Nýr málsliður sem komi í lok 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins hljóði svo:

Fyrirtækjasjóðum, sem allir starfsmenn fyrirtækis eða hóps fyrirtækja greiða til lífeyrissjóds, er heimilt að starfa áfram og þróast og breytast eftir því sem kröfur verða og aðstæður leyfa, enda, uppfylli þeir skilyrði laga þessara um starfsleyfi.

Breytingar á athugasemdum við 2.gr. frumvarpsins:

Á eftir 2. málslið í 2. mgr. komi svohljóðandi viðbót:

Í samkomulaginu, gr. 5. - 8. kemur skýrt fram að ekki var ætlun samningsaðila að hrófla við starfandi fyrirtækjasjóðum, eins og t.d. Lífeyrissjóði SÍS, nú Samvinnulífeyrissjóðnum.

Í stað setningarinnar: “Til aðildar að Samvinnulífeyrissjóðnum gæti t.d. verið stofnað til á þessum grundvelli ” : komi:

Um aðild starfsmanna fyrirtækja að Samvinnulífeyrissjóðnum gilda ákvæði kjarasamninga Vinnumálasambandsins en til aðildar að sjóðnum er einnig heimilt að stofna sjálfstætt á grundvelli ráðningarsamnings starfsmanns samkvæmt reglugerð sjóðsins.

19. gr., 2. mgr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að lífeyrisréttindi skuli vera þau sömu og óháð því hvort greitt sé í fleiri en einn lífeyrissjóð. Þetta er í sjálfu sér eðlileg regla, en hvernig verður hægt að tryggja slíkt í dag meðan staða lífeyrissjóða er mismunandi?

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að flutningur milli sjóða verði heimilaður til að tryggja réttindi. Þetta er eðlilegt þegar um sambærilega sjóði er að ræða t.d. SAL, sjóðina, en ekki þegar um ólíka sjóði er að ræða. Þessi ákvæði virðast sniðin að SAL sjóðunum, eins og fleiri ákvæði.

20. gr., 2. mgr.

Í athugasemdum með 2. málslið er sérstaklega tekið fram að lífeyrissjóðum sé óheimilt að inna af hendi framlög til líknar- og íþróttafélaga. Þessar athugasemdir og fortakslaust bann þarfnast frekari skýringar og rökstuðnings.

21. gr..

Í athugasemdum með greininni eru færð ítarleg rök fyrir því að stærri sjóðir, séu líklegri til þess að geta staðið undir skuldbindingum sínum og rekstrarkostnaður þeirra verði minni. Hins vegar eru engin rök færð fyrir því hvernig viðmiðunartalan “800” er fundin og að hún nægi til að tryggja næga áhættudreifingu, ef staða lífeyrissjóðs er veik. Ljóst er að þetta lágmark mun hindra áframhaldandi starfsemi allra smærri fyrirtækjasjóða. Sama gildir einnig um lífeyrissjóði, þar sem starfsstéttir eru fámennar og það jafnvel þótt eignaleg staða þessara sjóða sé traust. VMS telur því engar forsendur til að banna starfsemi þessara sjóða. Það þarf einnig að skýra betur í greininni hvernig sjóður geti tryggt “áhættudreifingu með öðrum hætti”. Í athugasemdum er einungis vísað til kaupa lífeyrissjóðs á tryggingum.

24.gr.

Það er umdeilanlegt hvort krefjast eigi tryggingafræðilegrar úttektar á 3ja ára fresti. Skortur hefur verið á sérmenntuðum mönnum til að sinna þessu verkefni og þær eru mjög kostnaðarsamar. Mikilvægara er að sömu forsendur séu notaðar af öllum matsmönnum við úttektir á sjóðum, en þær reglur á að setja í reglugerð, en á því virðist vera misbrestur í núverandi framkvæmd.

25. gr.

VMS telur óeðlilegt að Fjármálaráðuneyti veiti lífeyrissjóðum starfsleyfi. Ljóst er af frumvarpsdrögunum að í þeim er mjög vitnað til gildandi reglna um aðrar fjármálastofnanir og sú stefna mótuð að um lífeyrissjóði skuli gilda sömu reglur. Bankaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum, eins og öðrum fjármálastofnunum. Því er eðlilegt að Viðskiptaráðuneyti veiti starfsleyfi lífeyrissjóða. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að Fjármálaráðuneytið er stór vinnuveitandi, er bæði launagreiðandi ríkisstarfsmanna og starfsmanna, sem taka kjör samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Óeðlilegt er því að þessi málefnaflokkur heyri undir það ráðuneyti, sem fer með launa- og samningamál ríkisins, þ.e. Fjármálaráðuneytið.

28. gr.

Samkvæmt greininni öðlast breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs ekki gildi fyrr en Fjármálaráðuneytið hefur staðfest að þær samrýmist starfsleyfi sjóðsins og ákvæðum þessa frumvarps. Í athugasemdum með greininni er vísað til 2. gr. laga nr. 55/1980. Lög nr. 55/1980 gera ráð fyrir staðfestingu ráðuneytis á samþykktum/reglugerðum lífeyrissjóða, en hvergi er að finna neinar lagareglur, sem heimila ráðuneytinu að neita

lífeyrissjóði um breytingar. Þessi staðfesting var til skamms tíma hreint formsatriði og tengdist m.a. skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar hjá launamönnum.

Framkvæmd fjármálaráðuneytisins s.l. ár varðandi staðfestingu á samþykktum hefur verið undarleg. Svo virðist sem ráðuneytið staðfesti í framkvæmd allar breytingar frá SAL sjóðunum og var sú stefna þess, í raun lögfest með ákvæði 2. málsliðar, um að samtök lífeyrissjóða geti tilkynnt breytingu f.h. einstakra sjóða. Á sama tíma hefur það gerst að einstökum sjóðum hefur verið synjað um breytingar, t.d. Samvinnulífeyrissjóðnum og Frjálsa lífeyrissjóðnum. Það ráðuneyti, sem fer með þennan málaflokk, verður auðvitað að byggja synjun sína á skýrum lagaákvæðum en þeim er ekki til að dreifa á þessu sviði, sbr. álit umboðsmanns Alþingis vegna kæru Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 6. október 1995. Það vekur því óneitanlega nokkra furðu að ekki er gerð nein tilraun til að skilgreina í nýjum lögum, í hvaða tilvikum ráðuneytið geti neitað að staðfesta breytingu á samþykktum lífeyrissjóðs heldur er áfram vitnað til 2. gr. laga nr. 55/1980, sem ætlunin er að afnema, sbr. 60. gr. frumvarpsins.

Vinumálasambandinu þykir rétt að vekja athygli Alþingis á því að það telur synjun ráðuneytisins á því að staðfesta formlega orðlagsbreytingu á samþykktum Samvinnulífeyrissjóðsins hafa verið lögbrot og hrein valdniðsla. Úrskurður þess í máli Samvinnulífeyrissjóðsins vegna Skinnaiðnaðar hf. á Akureyri hf. í mars 1994 byggði það síðan á eldri reglugerð, sem auk þess var rangtúlkuð efnislega. Úrskurður ráðuneytisins var bæði ólögmatgur að formi og efni til, þótt honum hafi ekki enn verið vísað til dómsmeðferðar. Niðurstaða ráðuneytisins er í engu samræmi við gildandi kjarasamninga VMS um lífeyrismál, en samkvæmt þeim eiga allir fastráðnir starfsmenn aðildarfyrirtækja þess að greiða til Samvinnulífeyrissjóðsins. Engu breytir í þessu sambandi þótt tekin hafi verið upp sú framkvæmd af hálfu ráðuneytisins að birta reglugerð Samvinnulífeyrissjóðsins og fleiri lífeyrissjóða í B-deild Stjórnartíðinda, enda geta löglausar athafnir stjórnvalda ekki fengið lagagildi með slíkri birtingu.

29. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að stjórn lífeyrissjóðs skuli skipuð af "samningsaðilum" og sé skipuð "fulltrúum stéttarfélagum" og atvinnurekenda að jöfnu. Þetta ákvæði á ekki heima í löggjöf um lífeyrismál. Vilji löggjafinn skipta sér af skipun í stjórnir lífeyrissjóða á hann tryggja rétt iðgjaldagreiðenda til að velja beint stjórnarmenn í lífeyrissjóðum. Þetta ákvæði hefur þann eina tilgang að festa í sessi þær reglur sem gilda hjá SAL sjóðunum, en þar geta ófélagsbundir atvinnurekendur og launamenn engin áhrif haft á stjórnarkjör, þ.e. eiga ekki atkvæðisrétt.

31. gr. 3. mgr.

Við málsgreinina bætist: "Stjórnarmaður sem ekki er viðstaddur fund skal lesa fundargerðina og staðfesta hana. Honum er heimilt að bóka athugasemdir."

Þessa reglu er almennt verið að taka upp annars staðar í atvinnulífínu, sérstaklega í kjölfar síðustu breytingar á lögum um hlutafélög. Þetta er gert til þess að einstakir stjórnarmenn geti ekki firrt sig ábyrgð af erfiðum eða óvinsælum ákvörðunum með því að mæta ekki á fundi.

32. gr. 2. mgr.

Á eftir orðunum”...að fengnu leyfi stjórnar” komi “sem fært er til bókar.”

Þetta er til þess að taka af öll tvímæli um að slíkt leyfi hafi verið veitt og ekki standi orð gegn orði. Einnig þarf að skýra nánar hvað teljist vera “óverulegur hlutur”.

36. gr.

Augljóst er að lífeyrissjóðir verða að dreifa áhættu sinni og hafa ekki öll eggin í sömu körfunni. Sú % - skipting, sem lögð er til í greininni orkar tvímælis og þörf er á að hún verði rökstudd nánar. Algert bann við því að hrein eign sjóðs í hlutabréfum sé meiri en 10% fær ekki staðist og myndi valda vandkvæðum hjá nokkrum sjóðum, þótt ljóst sé af 52. gr. að þeir munu ekki beinlínis þurfa að selja núverandi verðbréfaeign sína.

39. gr.

Nauðsynlegt er að fram komi með afdráttarlausum hætti í texta greinarinnar eða í athugasemdum að einnig verði að breyta samþykktum ef eignir sjóðs eru 7,5% meiri en skuldbindingar. Óeðlilegt er að lífeyrissjóðir safni eignum umfram skuldbindingar, sem ekki nýtist eigendum sínum, lífeyrisþegum. Eðlilegt er að lífeyrissjóðir staðfesti í verki fullyrðingar um sterka stöðu sína sem byggð er á tryggingafræðilegri úttekt með því að breyta samþykktum sínum til samræmis.

44. gr. 2. mgr.

Í frumvarpsdrögum hljóðar 2. mgr. 44. gr. svo:

“Bankaefirlitið getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs, á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins, telji eftirlitið að hagur sjóðsins gefi tilefni til þess.

Í 24. gr. er kveðið á um skyldu stjórnar til þess að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag lífeyrissjóðs og hvernig að verki skuli staðið og jafnframt að ráðherra setji reglugerð um nánari útfærslu. Það kemur því eins og skollinn úr sauðaleggnum að bankaefirlitinu verði heimilt að leggja fyrir að aðrar forsendur verði notaðar. Þetta verður að skoða nánar.

47. gr. 3. mgr.

Þessi málsgrein er alltof opin og óljós og veitir skilanefnd, sem skipuð verður af ráðherra en ekki bankaefirliti, nær ótakmarkað umboð til ráðstafana, s.s. slita á sjóði eða flutningi á starfsemi hans til annars sjóðs. Þegar nauðsynlegt reynist að skipa skilanefnd, er augljóst að mikilvægir hagsmunir eru í húfi fyrir sjóðsfélaga. Það er því

eðlilegt að þeir hafi eitthvað um þetta að segja á sama hátt og kröfuhafar í þrotabúum hafa atkvæðisrétt um málefni búsins.

XII. Kafi.

58. gr.

Í samræmi við athugasemir VMS við 28. gr. skal viðskiptaráðherra en ekki fjármálaráðherra setja nánari reglur um framkvæmd þessa laga. Eðlilegt er að drög að reglugerð verði lögð fram um leið og frumvarp verður afgreitt af Alþingi.

F.h. Vinnumálasambandsins,

Jóngeir H. Hlinason.

Fylgiskjal IX.**Bréf fjármálaráðherra til nefndarinnar.**
(11. maí 1997.)

Í bréfi til forsætisráðherra, dagsett 9. maí sl., beina ASÍ og VSÍ þeirri ósk til ríkisstjórnarinnar að frumvarp hennar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi en áfram verði unnið að málinu í sumar og frumvarpið afgreitt á haustþinginu.

Osk aðila vinnumarkaðarins byggist á því að samtökin telja sig þurfa nokkurn tíma til þess annars vegar að skoða tryggingafræðilegan grundvöll áformaðra breytinga og hins vegar „til að afla stuðnings meðal aðildarfélaga sinna og innan lífeyrissjóðanna um aukinn sveigjanleika, t.d. á borð við það sem rætt hefur verið undanfarna daga“.

Efnahags- og viðskiptanefnd og fjármálaráðuneytið hafa að undanförmu unnið að breytingum á frumvarpinu til að brúa bil milli ólíkra sjónarmiða. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur í framhaldi af því lagt til breytingar á frumvarpinu.

Ríkisstjórnin telur eðlilegt að nefndin afgreiði málið þannig að tillögur liggi fyrir með formlegum hætti. Í framhaldi af því verði frumvarpinu breytt samkvæmt tillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og lagt þannig fyrir starfshóp sem fjármálaráðherra mun skipa með þátttöku hagsmunaaðila. Hópurinn mun í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fjalla um málið í sumar og skila niðurstöðum sínum fyrir miðjan september. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram í þingbyrjun og afgreitt fyrir næstu áramót.

Friðrik Sophusson.